


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
17. júní








# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

17. júní 2010 — 140. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000




## Í fótspor Auðar

*Vilborg Davíðsdóttir tekur þátt í helgigöngu í minningu Auðar djúpúðgu.*

**tímamót** 26

## Dikta bjargar Íslandi

*Dikta er á meðal þeirra hljómsveita sem kemur fram á tónleikum til að bjarga ímynd landsins.*

**fólk** 50



## Óvænt tap Spánverja

*Svisslendingar unnu einn óvæntasta sigur í sögu HM.*

**sport** 44

### veðrið í dag




**ÁGÆTIS HÁTÍÐARVEÐUR** Í dag má búast við fremur hægum vindi og víða verður hafgolu vart. NA-til verður skýjað með köflum en annars nokkuð bjart. Þykknar þó upp SV-lands síðdegis í dag.

VEÐUR 4



**SÓMI ÍSLANDS, SVERÐ OG SKJÖLDUR** Þeir Tómas Atlason, Einar Björn Ragnarsson, Freyr Óskarsson og Sölvi Sturluson héldu fána á lofti á sinni eigin hátíð í bakgarði í Vesturbænum í gær. Þjóðhátíðardagur Íslendinga er í dag og af því tilefni eru hátíðahöld um land allt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gríman var afhent í gærkvöld:

## Nick Cave laut í lægra haldi

**MENNING Tónlistarmaðurinn heimspekkti, Nick Cave, laut í lægra haldi fyrir tvíeykinu sem stendur að Hundi í óskilum við afhendingu leiklistarverðlauna Grímunnar í gær.**

**Eiríkur Stephensen og Hjörleifur Hjartarson, sem saman eru Hundur í óskilum, hlutu Grímuna í flokknum „Tónlist ársins 2010“ fyrir tónlistina í Íslandsklukkunni í Þjóðleikhúsinu.**

**Í sama flokki fengu tilnefningu Nick Cave og Warren Ellis fyrir tónlist í Faust, Davíð Þór Jónsson fyrir tónlist í Af ástum manns og hrærivélar, Gísli Galdur Þorgeirsson fyrir tónlist í Gerplu og Kristjana Stefánsdóttir fyrir tónlist í leiksýningunni Jesús litli.**

- óká / sjá síðu 32

Eggert bróðir Ólafs Stefáns:

## Úr fótbolta í flugfreyjuna

**FÓLK** „Flugfreyjustarfið hefur komið mér skemmtilega á óvart,“ segir Eggert Stefánsson.

Eggert er fyrrverandi leikmaður Fram í fótbolta en hefur söðlað um og er farinn að skenkja kaffi í háloftunum. Eggert er kominn úr mikilli íþróttafjölskyldu, bræður hans eru Ólafur Stefánsson handboltakappi og Jón Arnór Stefánsson körfuboltamaður.



EGGERT STEFÁNSSON

„Ég byrjaði að æfa með FH um áramótin og planið var að vera með í sumar en ég er búinn að vera slæmur í bakinu og varð því að hætta við,“ segir Eggert. „Nú flýg ég heimshorna á milli, gef kaffi og fæ góðan frítíma með fjölskyldunni. Ég sætti mig alveg við það hlutskipti.“ - áp / sjá síðu 50




# Hagstæðustu vextir Seðlabanka til álita

**Samkvæmt lögum um vexti skal veitandi ólöglegs láns endurgreiða það sem ranglega var innheimt. Kannað er hvort lögin dugi til að bregðast við Hæstarréttardómi.**

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld eru að kanna hvort í lögum finnist nægileg leiðsögn til að bregðast við dómi Hæstaréttar í gær um að gengistryggð lán séu ólögmæt. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra bendir á að samkvæmt þeim beri kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur ranglega af skuldara haft. Þeir sem hafa borgað of mikið af erlendum lánum gætu því átt von á endurgreiðslu. Sé krafan óverðtryggð á samkvæmt lögunum að miða við hagstæðustu óverðtryggðu útlánsvexti Seðlabankans.

Steingrímur segir ótímabært að fara út í það hvað stjórnvöld geri vegna þeirra sem nú þegar hafa orðið gjaldþrota vegna erlendra lána, hvort ríkið verði til dæmis málsvari þeirra í málssókn gegn lánveitendum. Hins vegar eigi að vera tiltölulega auðvelt að reikna út þá lánasamninga sem enn séu í gildi og gera leiðrétta fólki eftir atvikum.

Ljóst sé að þetta verði til hagsbóta fyrir þau sem tóku gengisáhættu. „Ég býst við að mörgum létti sem finnst sanngjarnara að reikningurinn endi þar sem hann endar heldur en að hann hvíli á heimilunum,“ segir hann.

Almennir vextir óverðtryggðra skuldabréfalána Seðlabankans í júní 2007 voru sextán prósent, svo dæmi sé tekið. Erlend lán hafa allt að tvöfaldast á þeim tíma.

- kóþ, - sbt, - jab / sjá síðu 6



**SPURNING DAGSINS**



*Daníel, heldurðu að þú fáir strengi af því að smíða gítara?*

„Nei, ætli ég slái ekki bara á létta strengi.“

Daníel Smári Hallgrímsson hefur fengið inngöngu í hinn virta skóla Musicians Institute í Los Angeles, þar sem hann mun læra gítarsmíði.

Alþýðusambandið segir sig frá stöðugleikasáttmálanum:

# Unnið að nýjum sáttmála

**VINNUMARKAÐUR** Endurnýja á stöðugleikasáttmálann og er unnið að því í stjórnarráðinu. Stefnt sé að því að ganga frá honum áður en til kjarasamningagerðar kemur í haust. Þetta segja heimildir í stjórnarráði. Unnið hafi verið að þessu í nokkurn tíma og þreifingar verið í gangi, með það að sjónarmiði að koma Samtökum atvinnulífsins aftur að borðinu.

En nú hefur Alþýðusambandið (ASÍ) einnig sagt sig frá sáttmálanum. Samkvæmt tilkynningu sem ASÍ sendi í gær gagnrýnir miðstjórn sambandsins ríkisstjórnina „harðlega fyrir að standa ekki við fyrirheit um starfsendurhæfingu“. Forsendur til frekara samstarfs séu brotnar.

Hér er vísað til þess að ekki náðist að afgreiða frumvarp um greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða til starfsendurhæfingar fyrir þinglok.

ASÍ segir að efndir þessa hluta stöðugleikasáttmálans hafi verið síðasta hálmstráið sem rökstuddi aðild ASÍ að sáttmálanum. Það hafi átt að efna fyrir síðustu áramót. Alþingi komi í veg fyrir að „stórir hópar fólks á almennum vinnumarkaði og öryrkjar hjá lífeyrissjóðunum njóti réttar til starfsendurhæfingar“. **- kóþ**



**GYLFI ARNBJÖRNSSON** ASÍ hefur sagt sig frá stöðugleikasáttmálanum eins og Samtök atvinnulífsins. Í stjórnarráðinu hefur um nokkurt skeið verið unnið að nýjum sáttmála, segja heimildir þaðan.

Ný örnefni á Fimmvörðuhálsi:

## Gígar nefndir Magni og Móði

**NÁTTÚRA Gígarnir tveir sem mynduðust í eldgosinu á Fimmvörðuhálsi hafa fengið nöfn sem sótt eru í ásatrú.**

**Stærri gígurinn fékk nafnið Magni en sá minni nafnið Móði og hraunið sem rann frá þeim heitir nú Goðahraun. Þetta var ákveðið í gær þegar menntamálaráðherra féllst á tillögu starfshóps undir forystu örnefnanefndar.**

**Nöfnin vísa til Þórsmerkur og Goðalands, en Magni og Móði voru synir þrumuguðsins Þórs.**



**ALELDA** Um hálftíma tók að slökkva eld í rútu í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eldur í Kópavogi í rannsókn:

## Rúta brann á Smiðjuvegi

**ELDSVOÐI Vel gekk að ráða niðurlögum elds í rútu við Smiðjuveg 11 í gærkvöld. Tilkynnt var um eld í húsi klukkan rúmlega átta. Það reyndist ekki rétt því rúta fyrir utan húsið stóð í ljósum logum þegar slökkviliðið kom á staðinn. Um hálftíma tók að slökkva eldinn. Að sögn slökkviliðsins var engin hætta á því að eldurinn bærist í nærliggjandi hús. Eldsupptök eru ókunn.**

**Á sama tíma og barist var við eld í Kópavogi var slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu að störfum í Mosfellsbæ þar sem kveikt hafði verið í drasli á víðavangi. - sbt**

Ný borgarstjórn Reykjavíkur:

## 18 ára og yngri fá frítt í sund

**STJÓRNMÁL** Ókeypis verður í sund fyrir börn og unglinga að 18 ára aldri í sundlaugar Reykjavíkur í sumar. Borgarráð samþykkti þetta á fundi sínum í gær.

Jón Gnarr borgarstjóri segir þessa ákvörðun vera í samræmi við samstarfsyfirlýsingu Besta flokksins og Samfylkingarinnar. Enn fremur segir Jón að blautur borgari sé glaður borgari, að því er segir í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar rekur sjö sundlaugar í borginni. **- mþl /** **sjá síðu 16**

# Skrímslin vöknuð til lífsins á Bíldudal

**Skrímslasetrið á Bíldudal var opnað formlega á dögunum. Þar geta gestir kynnt sér forynjur og furðuverur úr þjóðtrúnni. Um hundrað sjálfboðaliðar tóku þátt í að byggja upp safnið, sem laðaði að þúsundir gesta í tilraunaopnun í fyrra.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hugmyndin að Skrímslasetrinu kviknaði sumarið 2007 á bæjarhátíðinni Bíldudals grænar baunir, þar sem meðal annars var boðið upp á skrímslaferðir. „Þetta var gífurlega vinsælt og vakti mikla athygli í fjölmiðlum,“ segir Valdimar Gunnarsson, formaður Félags áhugamanna um Skrímslasetur. „Við sáum að það var hægt að gera eitthvað meira og stofnuðum því félagið.“

Skrímslafélagið er angi af Arnfirðingafélaginu í Reykjavík, sem hefur það meðal annars að markmiði að aðstoða og efla heimabyggðina. Valdimar segir að á Bíldudal hafi vantað afþreyingu fyrir ferðamenn í bænum. Þeir hafi þar af leiðandi ekki haft langa viðdvöl þar. Skrímslasetrið sé liður í að breyta því.

Setrið er til húsa í gömlu matvælaiðjunni á Bíldudal; 800 fermetra byggingu sem var að hruni komin þegar skrímslafélagið keypti það.

„Þarna var hausaþurrkun fyrir nokkrum árum og allt orðið kasúldið og ógeðslegt,“ segir Valdimar. „En þetta var eina húsnæðið í bænum sem hentaði. Við sáum fram á að það þyrfti kraftaverk til að koma því í gott ástand og leituðum til heimamanna og brottfluttra Arnfirðinga til að leggja okkur lið.“ Um hundrað sjálfboðaliðar lögðu hönd á plóg og reiknast Valdimar til að þeir hafi unnið í um 3.000 vinnustundir. „Samheldnin og velviljinn hjá fólki hefur verið hreint ótrúlegur. Setrið hefði ekki orðið að raunveruleika án þess.“

Til stóð að opna Skrímslasetrið í fyrra en við hrun bankanna skrúfaðist fyrir allar fjárveitingar. Því var brugðið á það ráð að opna safnið í tveimur áföngum. Sá fyrri var opnaður nú á dögunum og nemur heildarkostnaður við hann um 45 milljónum króna. Setrið var opið í um hálfan mánuð í fyrrasumar í tilraunaskyni og heimsóttu á fimmta þúsund það þá. „Ferðamannatíminn fer greinilega aðeins hægar af stað í ár en í fyrra,“ segir Valdimar. „En miðað við hvernig gekk í fyrra erum við bjartsýn fyrir sumarið.“

Um fimmtán milljónir króna vantar til að ljúka við seinni áfanga setursins. Valdimar vonast þó til að það geti orðið áður en langt um líður.

**bergsteinn@frettabladid.is**




FRÉTTABLAÐIÐ/BERGSTEINN

**VALDIMAR GUNNARSSON** Um hundrað sjálfboðaliðar úr röðum heimamanna og brottfluttra Arnfirðinga unnu í tvö ár við að koma Skrímslasetrinu á laggirnar.

### Fjörulallar og marhross

Frá fornu fari hafa verið sagðar sögur á Íslandi um kynjaverur sem heima áttu í undirdjúpunum. Hvergi á Íslandi eru þó fleiri frásagnir um þær en í Arnarfirði og eru á annað hundrað skráðar frásagnir til þar sem menn hafa komist í tæri við skrímsli. Í Skrímslasetrinu á Bíldudal er skrímslasögum gerð skil á ýmsan og oft nýstárlegan hátt, til dæmis með margmiðlunarborði, upplýstum myndskreytingum og upptökum af frásögnum af kynjaverum á borð við förulalla, hafmenn, skeljaskrímsli og marhross.

Gæsluvarðhald ekki óeðlilegt:

## Dópsmyglari fær ekki bætur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur sýknað íslenska ríkið af fimmtán milljóna króna miskabótakröfu fíkniefnasmyglarans Rúnars Þórs Róbertssonar. Rúnar var hnepptur í gæsluvarðhald snemma árs 2007 vegna rannsóknar á innflutningi á fjórum kílóum af kókaíni og sat í varðhaldi í fimm mánuði. Hann var síðan sýknaður í málinu.

Hæstiréttur, líkt og héraðsdómur áður, kemst að þeirri niðurstöðu að fullt tilefni hafi verið til gæsluvarðhaldsins og fær Rúnar því engar bætur.

Rúnar hlaut í fyrrahaust tíu ára fangelsisdóm fyrir að smygla til Íslands hundrað kílóum af fíkniefnum með skútunni Sirtaki. Annar maður, sem einnig var sýknaður í málinu frá 2007, Jónas Árni Lúðvíksson, hlaut þar fimm ára dóm. **- sh**

Orkuverð tengt alþjóðaþróun:

## Samið um verð til Straumsvíkur

**IÐNAÐUR Landsvirkjun og Alcan á Íslandi hafa samið um orkusölu til álversins í Straumsvík. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir samninginn fyrsta skrefið í nýrri stefnu um að tengja orkuverð hér við þróun á alþjóðlegum mörkuðum.**

**Annars vegar er endursamið um verð á núverandi orkusölu til álversins og hins vegar um afhendingu viðbótarorku vegna áætlaðrar framleiðsluaukningar álversins, að því er fram kemur í tilkynningu.**

**Nýtt raforkuverð tekur gildi 1. október 2010. Það er í Bandaríkjadölum, verðbætt miðað við bandaríska neysluvísitölu og er álverðstenging afnumin. Samið er til ársins 2036.**

**- óká**






ESA, eftirlitsstofnun EFTA, telur ríkið brjóta gegn ákvæðum EES-samningsins:

# Íslandi stefnt fyrir EFTA-dómstólinn

**UTANRÍKISMÁL** Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur ákveðið að stefna Íslandi fyrir EFTA-dómstólinn. Ísland mótmælti því áliti sem stofnunin setti fram í fyrra að ákvæði íslenskra laga og kjarasamninga um laun í veikindaforföllum og slysatryggingar ættu ekki að ná til erlendra starfsmanna sem hér ynnu.

ESA benti á að tilskipun um útlenda starfsmenn gerði almennt ráð fyrir því að um slík réttindi fari samkvæmt lögum og samningum í heimaríkjum erlendu starfsmannanna.

Vegna þessa telur stofnunin að lög frá árinu 2007 um skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn sína til tímabundinna starfa á Íslandi samræmist hvorki ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) um frjálsa þjónustustarfsemi né ákvæðum tilskipunar um útlenda starfsmenn.

ESA gerði einnig athugasemd við að lengra væri gengið en nauðsyn bæri í ákvæðum laganna sem gera fyrirtækjum skylt að veita ákveðnar upplýsingar um sig og þá starfsmenn sem þau hyggjast senda til Íslands. Á það féllst íslenska ríkið eftir að hafa, í mars í fyrra, fengið áminningu um málið frá ESA og rökstutt álit í nóvember. Lögunum hefur þegar verið breytt hvað þetta varðar. **- óká**



**KÍNVERSKIR BORMENN Í VIRKJUN** Þó nokkrar starfsmannaleigur störfuðu hér á uppgangstímum íslensks byggingariðnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Hæ hó jibbíjei
í allan dag!
Vertu í hátíðarsambandi um
allt land með Vodafone
power to you
vodafone

## GENGIÐ 16.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,47 | 128,07 |
| Sterlingspund | 188,66 | 189,58 |
| Evra | 156,59 | 157,47 |
| Dönsk króna | 21,051 | 21,175 |
| Norsk króna | 19,877 | 19,995 |
| Sænsk króna | 16,319 | 16,415 |
| Japanskt jen | 1,3910 | 1,3992 |
| SDR | 187,32 | 188,44 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,2678

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur mildaði dóm yfir fjórum af fimm mansalsmönnum og lækkaði skaðabætur:

# Mansalsmenn í fjögur og fimm ár inni

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt fimm Litháa, Darius Tomasevskis, Deividas Sarapinas, Gediminas Lisauskas, Sarunas Urniezius og Tadas Jasnauskas í fjögurra og fimm ára fangelsi fyrir mansal, hlutdeild og hylmingu. Um var að ræða athæfi fimmmenninganna gegn litháískri stúlku, en þeir stóðu að því með einum eða öðrum hætti að hún var flutt hingað til lands til að stunda vændi.

Fjölskipaður Héraðsdómur Reykjaness hafði áður dæmt alla mennina í fimm ára fangelsi. Þá voru þeir dæmdir til að greiða litháísku stúlkunni 1,8 milljónir króna í miskabætur.

Hæstiréttur mildaði dóm yfir fjórum þeirra í fjögur ár. Hann lækkaði einnig miskabætur þeirra til stúlkunnar niður í eina milljón. „Við ákvörðun refsingar var litið til þess að samverknaður þeirra laut að því að taka úr höndum ungrar konu, sem mátti sín lítils, frelsi til að ráða ferðum sínum og dvalarstað í þeim tilgangi að láta hana leggja stund á vændi hér á landi,“ segir í dómi Hæstaréttar. Þessi háttsemi var greinilega þaulskipulögð með einbeittum ásetningi í samstarfi við brotamenn erlendis, sem ekki hafði orðið uppvíst um.“ Dómurinn sagði mennina ekki eiga sér neinar málsbætur. Hins vegar hefði sá, sem fékk fimm ára dóminn, átt ríkastan þátt í athæfinu. -jss



**MANSALSMENN** Eiga áralanga fangelsisvist fram undan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HESTAPEST** Ekki hefur verið hægt að tengja pestina við þekktar veirur.

Hrossaveiki enn í rannsókn:

## Orsök pestar enn óþekkt

**HESTAMENNSKA** Enn hefur ekki verið hægt að tengja smitandi hósta í hrossum þeim veirum sem þekktar eru fyrir að leggjast á öndunarfæri hrossa. Þetta kom fram á fundi stýrihóps fulltrúa Matvælastofnunar, Tilraunastöðvarinnar á Keldum og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis í gær. Aftur á móti hefur komið í ljós að bakterían Streptococcus Zooepidemicus ræktast úr öllum hrossum með hósta og graftarkenndan hor. Frumorsök sjúkdómsins er því enn óþekkt en markmiðið með þeirri sérstöku rannsóknaráætlun sem nú verður unnið eftir er áframhaldandi leit að orsök hans og uppruna. -jss

Lögregluþjónn dæmdur:

## Bauð konum kynlíf fyrir brot

**ENGLAND Breskur lögreglumaður var í gær dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir að bjóða konum sem hann stöðvaði vegna umferðarlagabrota, kynlíf. Bauðst hann þá til að sleppa þeim ef þær hefðu við hann samfarir.**

**Tvær konur sváfu hjá manninum í þeim tilgangi, en hann þykir hafa gerst sekur um alvarlegt brot á reglum um hegðun lögregluþjóna og embættið hafi liðið mikinn álitshnekki. Dómarinn minntist einnig á að maðurinn hegðaði sér eins og rándýr.** - sv

# Leiðtogaráðið tekur umsókn Íslands fyrir

**Aðildarumsókn Íslands er á dagskrá fundar Leiðtogaráðs Evrópusambandins í dag. Eiginlegar aðildarviðræður hefjast þó varla fyrr en næsta vor, þegar nákvæmum samanburði á löggjöf Íslands og Evrópusambandsins er lokið.**

**FRÉTTASKÝRING**
Hvað tekur nú við í aðildarumsókn Ísland að ESB?

Leiðtogaráð Evrópusambandsins samþykkir að öllum líkindum aðildarviðræður við Ísland á fundi sínum í dag. Þá fer af stað ferli, sem getur staðið hátt í tvö ár eða jafnvel lengur.

„Næsta skref er að kalla saman það sem Evrópusambandið kallar milliríkjaráðstefnu,“ segir Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra Íslands gagnvart Evrópusambandinu í Brussel, sem jafnframt er formaður íslensku samninganefndarinnar.

Stefán segir ekki vitað hvenær þessi fundur verður haldinn, en almennt er reiknað með að það verði í haust. Á þeirri ráðstefnu koma saman ráðherrar allra aðildarríkjanna 27 ásamt Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra og ýta viðræðunum formlega úr vör.

Eiginlegar aðildarviðræður hefjast þó varla fyrr en næsta vor, því eftir ríkjaráðstefnuna hefst vinna við nákvæman samanburð á löggjöf Íslands og löggjöf Evrópusambandsins, þar sem sérfræðingar af beggja hálfu skilgreina nákvæmlega hvað ber á milli og hvar þarf að brúa bilin.

Fyrst að þeim samanburði loknum verður hægt að hefja hinar efnislegu viðræður, sem geta tekið ár eða meira, allt eftir því hve mikið ber á milli í hverjum kafla viðræðnanna.

Samningsmarkmið Íslands voru skilgreind í meginatriðum í nefndaráliti meirihluta utanríkismálanefndar frá 9. júlí 2009. Íslenska samninganefndin hefur haft þetta nefndarálit að leiðarljósi í störfum sínum hingað til.

„Heimavinnan okkar hefur gengið bara vel og allt á réttri leið hvað það varðar,“ segir Stefán Haukur. „Samningahóparnir eru búnir að hittast nokkrum sinnum, misoft eftir sviðum. Þeir hafa verið að fara yfir löggjöf Evrópusambandsins og greina þetta hvað okkur varðar.“

Af hálfu Evrópusambandsins verður, eins og jafnan í aðildarviðræðum, áhersla lögð á að Ísland taki upp löggjöf sambandsins óbreytta. Íslendingar reyna aftur á móti að fá samþykki fyrir undanþágum eða sérlausnum út frá hagsmunum Íslands.

Mikil áhersla verður lögð á að upplýsa Íslendinga jafnóðum um gang viðræðnanna. Nú þegar hefur verið opnuð upplýsingasíða á vef utanríkisráðuneytisins, evropa.utanrikisraduneyti.is, þar sem er að finna hafsjó af upplýsingum um aðildarviðræðurnar.

gudsteinn@frettabladid.is



**STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON OG ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Formaður samninganefndar Íslands ásamt utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hæstiréttur ómerkir frávísun:

## Ari Gísli aftur til héraðsdóms

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur gert Héraðsdómi Reykjavíkur að taka mál fornbókasalans Ara Gísla Bragasonar til meðferðar. Ari Gísli er ákærður fyrir að hafa tekið við um 300 stolnum, verðmætum fornbókum til sölu. Héraðsdómur vísaði fyrir skemmstu frá dómi þeim þáttum ákærunnar sem sneru að Ara Gísla, en Hæstiréttur hefur nú ómerkt þá ákvörðun.**



**ARI GÍSLI BRAGASON**

**Bækurnar sem málið snýst um hurfu úr dánarbúi Böðvars Kvaran árin 2006 og 2007. Böðvar Yngvi Jakobsson hefur játað á sig þjófnaðinn.**

**Ættingjar Böðvars Kvaran krefjast 33 milljóna króna í bætur fyrir þjófnaðinn.** - sh

Frakkar breyta eftirlaunaaldri:

## Hækkar um tvö ár árið 2018

**PARÍS, AP** Árið 2018 munu Frakkar hækka eftirlaunaaldur úr 60 í 62 ár. Áætlað er að þetta muni spara ríkinu um 19 milljarða evra sama ár og mun rétta af eftirlaunahallann sem hefur hrjáð Frakkland.

Erik Woerth, vinnumálaráðherra Frakklands, segir aðgerðina ábyrga og sanngjarna:

„Það eru engar töfralausnir þegar kemur að eftirlaunamálum,“ segir Woerth og tekur fram að aðgerðin muni færa landið nær öðrum löndum Evrópu hvað varðar eftirlaunamál, þar sem aðgerðir sem þessar hafa skilað tilætluðum árangri. - sv




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ!** Hægur vindur og lítil úrkoma einkenna þjóðhátíðarveðrið. Þó þykknar heldur upp í höfuðborginni og nágrenni seint í dag eða kvöld. Næstu daga má búast við hæglætisveðri og helst er von á vætu vestantil.




**Á MORGUN**
Víða hægur vindur en 8-15 m/s á Snæfellsnesi.

**LAUGARDAGUR**
SV 3-8 m/s og væta V-lands.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 21° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 27° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 22° |
| París | 19° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*



Aðeins í dag
20% AF ÖLLUM GRILLUM
ÞJÓÐHÁTÍÐARTILBOÐ
Í SKÚTUVOGI OG Á AKUREYRI 17. JÚNÍ
99
Fánaveifur
5080013
499
Vatnsglös
6 stk.
2000908
20% AF ÖLLUM GRILLÁHÖLDUM
TILBOÐ
29.900
37.295
Trampólín 13 ft
ø 396 sm, hæð 88 sm
3900563
Öryggisnet
F/trampólín 13 ft.
3900566
14.900
20.795
20% AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM
KAFFI GARÐUR SKÚTUVOGI
ÞJÓÐHÁTÍÐARTERTA
& KAFFI EÐA SVALI FYRIR BÖRNIN
AÐEINS 190 kr
TAX FREE!
AF ÖLLUM GARÐPLÖNTUM
TAX FREE
TAX FREE
TAX FREE
Látum verkin tala!
Opið í dag
Skútuvogi 10 - 19 og Akureyri & 10 - 17
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
blómaval
heillandi heimur
HÚSASMIÐJAN

Gengislán dæmd ólögleg í Hæstarétti

# Fólk getur búist við endurgreiðslu

**Erlend myntkörfulán Lýsingar og SP Fjármögnunar eru óheimil, samkvæmt úrskurði Hæstaréttar. Niðurstaðan mun hafa áhrif á bæði fyrirtækin. Talsmaður neytenda segir þá sem tekið hafi lánin geta búist við endurgreiðslu.**

„Ég er mjög ánægður með þetta,“ segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda um dóm Hæstaréttar sem úrskurðaði í gær í tveimur aðskildum málum gegn fjármögnunarfyrirtækjunum Lýsingu og SP Fjármögnun, að gengistryggð bílalán í krónum eru ólögmæt.

Í öðru málanna hafði viðkomandi keypt bíl hjá SP Fjármögnun og fengið lán í krónum tengt erlendum myntum í ákveðnum hlutföllum sem tók mið af gengisskráningu þeirra á hverjum tíma auk Libor-vaxta og álags. Mánaðargreiðslur áttu að vera 15.162 krónur á mánuði í 48 skipti frá 5. maí 2006 til 5. maí í ár. Í júlí 2008 var mánaðargreiðslan komin í 21.663 krónur. Ótvírætt kemur fram að samningurinn er í íslenskum krónum.

Í málinu gegn Lýsingu hafði maður keypt ársgamlan Volvo fyrir 3,6 milljónir króna og greitt með láni í krónum sem tóku mið af japönskum jenum og svissneskum frönkum. Afborganir áttu að vera 84 fram í ágúst 2014 og nam mánaðarafborgun 46.295 krónum. Hæst fór mánaðargreiðslan í 112.186 krónur í desember 2008.

Hvorugur aðilanna gat staðið undir afborgunum þegar síga tók á seinni hluta árs 2008.

Í báðum úrskurðum Hæstaréttar í gær var vísað til 13. og 14. greinar laga númer 38 frá 2001 sem kveða á um að óheimilt sé að beita verðtryggingu á borð við lán í krónum sem tengt er erlendum gjaldmiðlum. Það var sömuleiðis gert í öðru málanna í Héraðsdómi Reykjavíkur í febrúar.


GÍSLI TRYGGVASON

Beðið hefur verið með óþreyju eftir úrskurðinum síðan þá. Gísli segir þjóðfélagið ekki hafa þolað lengri bið.

Hann bendir á að fólk, sem tekið hafi gengistryggð bílalán, geti átt von á endurgreiðslu frá lánveitanda sínum hafi það greitt of mikið líkt og kveðið sé á um í neytendalögum. Í versta falli fari fjármögnunarfyrirtækin á hliðina vegna þungrar endurgreiðslubyrði en við það kunna neytendur að tapa kröfum sínum.

Niðurstaðan í gær getur haft fordæmisgildi fyrir önnur gengistryggð lán í krónum, svo sem íbúðalán, að mati Gísla.

Ekki náðist í forsvarsmenn fjármögnunarfyrirtækjanna í gær. Landsbankinn, eigandi SP Fjármögnunar, sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins. Í henni kemur fram að ekki sé vitað hver áhrifin af dómnum verði á eignir SP-Fjármögnunar þar sem ekki er skorið úr um hvernig reikna eigi lánin. „Þessi dómur mun hafa áhrif á eiginfjárstöðu SP-fjármögnunar en staða Landsbankans er eftir sem áður sterk,“ segir í yfirlýsingunni.

jonab@frettabladid.is


**BÍLAR** Stór hluti bílalána landsmanna er tengdur gengi erlendra gjaldmiðla að hluta eða öllu leyti. Þau lán hafa nú verið dæmd ólögmæt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Engin áhrif á eignir lífeyrissjóða

Dómur Hæstaréttar um ólögmæti myntkörfulána hefur engin áhrif á eignasafn lífeyrissjóðanna, segir Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða. „Lífeyrissjóðir lána ekki neitt í erlendu og eru ekki með neinar erlendar tengingar, því er fljótsvarað að þetta hefur engin áhrif á útlánin,“ segir hann. Þetta hafi heldur engin áhrif á erlendar eignir, né gjaldmiðlaskiptasamninga sjóðanna. - kóþ


ARNAR SIGURMUNDSSON


# Rikka og töfrahringurinn 17. júní!




*Í Ráðhúsinu kennir Hendrikka krökkum að teikna skartgripi að upplestri loknum.

Lesið verður úr bókinni á eftirfarandi stöðum í dag 17. júní:




Kl. 15.00 Ráðhús Reykjavíkur*

Kl. 16.00 IÐA, Lækjargötu

Kl. 16.30 Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18

Kl. 17.00 Eymundsson, Skólavörðustíg

Kl. 17.30 Eymundsson, Austurstræti

www.Salka.is


## Til hagsbóta fyrir marga

Fjármálaráðherra segir að það sé með endemum að það sé að koma á daginn að umfangsmikil lánastarfsemi á Íslandi hafi verið byggð á ólögmætum gjörningum.

„Það er alveg ljóst að í ljósi gengisþróunar krónunnar verður þetta til hagsbóta fyrir marga sem höfðu tekið gengisáhættu og orðið fyrir búsifjum. Á hina hliðina eru það lánveitendurnir sem verða fyrir verulegu höggi. En rétt skal vera rétt og það er gott að það er komin niðurstaða að svo miklu leyti sem hún er skýr og verði fordæmisgefandi, sem er rétt að skoða,“ segir fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon. Nú þurfi að vinna úr niðurstöðunni vel og af yfirvegun.


STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Hann hafði verið spurður hvort hann fagnaði dómum Hæstaréttar með neytendum eða syrgði með lánveitendum.

Um hvort þetta geti ekki létt þrýstingi af stjórnvöldum, um að koma til móts við vanda skuldugra heimila, segir Steingrímur: „Það er alveg ljóst að verulegur vandi heimilanna hefur tengst gjaldeyrislánunum, sem segir sína sögu af ábyrgðarleysinu að vera að halda því að fólki að taka lán í erlendum gengisviðmiðum, með tekjur í íslenskum krónum. Þegar við bætist að þau lán reynast ólögmæt er þetta alveg yfirgengilegt.

En það er á ábyrgð þeirra sem að því stóðu og þetta var látið viðgangast hér í mörg ár. Þannig að það verður að vísa þeirri ábyrgð þangað. Þetta verður væntanlega til hagsbóta fyrir fjölda einstaklinga sem ella hefðu setið uppi með þunga greiðslubyrði. Ég tel að stjórnvöld hafi verið að gera sitt besta í þeim efnum. En þetta auðvitað breytir þeirri stöðu, að minnsta kosti gagnvart þessum hluta skuldara, það er alveg ljóst.

Þetta skapar hins vegar ákveðinn vanda annars staðar, einhverjir verða fyrir tjóni á móti og það kemur þá annars staðar fram.“

Steingrímur segir að það sé „alls ekki sjálfgefið“ að niðurstaðan kalli á sérstök viðbrögð af hálfu stjórnvalda.

Spurður um þá sem hafa verið gerðir gjaldþrota vegna slíkra samninga, hvort ríkisvaldið verði málsvari þeirra, til dæmis í málssókn gegn lánastofnunum, segir ráðherra að það sé „réttur hvers og eins sem gildir í því“. Aðstæður séu mismunandi.

„Það er kannski ótímabært að svara fyrir það að svo stöddu, en ljóst að það geta komið upp ýmis álita- og uppgjörsmál vegna þessa. Það er tiltölulega einfalt að reikna þá lánasamninga sem eru í gildi, að endurreikna þá og leiðrétta. En svo eru tilvik, þar sem hefur kannski komið til fjárnáms eða vörslusviptingar eða þess háttar. Hvort menn eiga rétt á endurgreiðslu eða hvað – ég held að ég geti ekki farið inn í það á þessu stigi.“

- kóþ

## Íbúðalánin líklega ólögmæt

„Það er með miklum eindæmum að þessi bolti fór af stað og að öllum þeim lögfræðingum sem útbjuggu lánasamningana hafi ekki tekist að gera þá þannig úr garði að þeir væru löglegir,“ segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, um niðurstöðu Hæstaréttar. Líkt og fram kemur hjá Hæstarétti hefur gengistrygging lána í krónum verið óheimil í níu ár.

Hann segir ágætt að fá niðurstöðu í málið, dómurinn sé skýr og liggi nú fyrir hvernig eigi að fara með gengistryggð lán. „Næsta skref er að vinna úr þessu,“ segir hann og bætir við að boltinn sé nú hjá lánveitendum sem þurfi að gera upp lánin miðað við breyttar forsendur og senda út nýja greiðsluseðla. Reikna megi með endurgreiðslu í einhverjum tilvikum. Ekki liggur fyrir hvort breyta þurfi lögum vegna niðurstöðu Hæstaréttar og hefur ríkisstjórnin ekki tekið ákvörðun um slíkt.


GYLFI MAGNÚSSON

Gylfi segir að búið sé að kortleggja hvaða áhrif niðurstaða Hæstaréttar muni hafa á bankana og fjármögnunarfyrirtækin. „Fyrir stóru bankana er þetta ákveðið áfall en langt innan þolmarka þeirra. Meiri óvissa sé um það hvernig bílalánafyrirtækjum mun reiða af. Áfallið er mest fyrir þau,“ segir hann.

Niðurstaða Hæstaréttar byggir á orðalagi lánasamninga fyrirtækjanna. Gylfi segir ljóst að hún muni hafa áhrif á önnur gengistryggð lán með svipuðu orðalagi, þar á meðal íbúðalán. - jab

## Bíður morguns

Fyrirtækið Þráinn tók fimm lán upp á 357 milljónir króna á árunum 2006 til 2007. Þeim svipar til mála gengistryggðu lánanna sem Hæstiréttur dæmdi ólögmæt í gær en þau voru tengd japönsku jeni. Í nóvember í fyrra stóð höfuðstóllinn í 887 milljónum króna auk vaxta og kostnaðar. Mál Þráins verður tekið fyrir í Hæstarétti á morgun. Jónas Þ. Sigurðsson, eigandi Þráins, bindur vonir við að úrskurðurinn frá í gær hafi áhrif á mál hans. Fari svo að lánin verði dæmt ólögmætt reiknar hann með að höfuðstóll færist aftur til þess tíma sem hann tók lánið að viðbættum Libor-vöxtum. Gengistryggingin og álag japanskra og íslenskra lánveitenda verða tekin út. Hann áætlar að reiknuð skuld lækki um sex hundruð milljónir króna og fari í rúmar 240 milljónir. Ekki er um endurgreiðslu að ræða heldur niðurfærslu á kröfu. - jab

# Minningarár Jóns Sigurðssonar 200






Nafn Jóns Sigurðssonar er órjúfanlega tengt stofnun þjóðríkis á Íslandi. Hann hóf friðsama baráttu fyrir pólitísku og efnahagslegu sjálfstæði Íslands um miðja 19. öld og bar höfuð og herðar yfir samtímamenn sína sem foringi Íslendinga.

Eftir andlát hans var nafn hans sem lýsandi viti fyrir landsmenn alla, tengdist þeim sigrum, sem unnir voru á vettvangi þjóðfrelsis og lýðréttinda, og hefur ávallt verið sameiningartákn þjóðarinnar.

Sýningum, viðburðum og útgáfu á minningarárinu er ætlað að draga upp mynd af lífi og starfi Jóns Sigurðssonar og veita innsýn í þátt hans í sjálfstæðis-baráttu Íslendinga.

## Kynningarfundur í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag kl. 14:00

Þess verður minnst með ýmsum hætti á næsta ári að 17. júní 2011 verða liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar, forseta.

Dagskrá minningarársins verður kynnt í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 14:00 í dag og við það tækifæri opnaður vefur, helgaður Jóni Sigurðssyni, **www.jonsigurdsson.is**

## *Dagskrá* kynningarinnar í Ráðhúsi Reykjavíkur

Afmælisnefnd forsætisráðuneytisins kynnir viðburðadagskrá minningarársins. Úrslit í samkeppni um nýja sýningu á Hrafnseyri, um sérstakt minningarmerki og frímerki og opnuð sýning á öllum innsendum tillögum. Hleypt af stokkunum opinni samkeppni um minjagripi og handverk. Opnaður vefurinn **www.jonsigurdsson.is**

ÍSLENSKA/SIA.IS/ISL 50028 04/10

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað heitir nýr stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur?
2. Hversu margar námsbrautir voru lagðar niður hjá Háskólanum í Reykjavík í fyrradag?
3. Hvaða landsliðsmaður í handbolta útskrifaðist í gær sem einkaþjálfari?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Eigandi verslunarinnar Draumsins við Rauðarárstíg losnaði úr gæsluvarðhaldi í gær:

# Júlli í Draumnum segist ekki selja fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er uppblásið og stór hluti af þessu lygar,“ segir Júlíus Þorbergsson, betur þekktur sem Júlli í Draumnum. Hann losnaði úr gæsluvarðhaldi í gær, en þar hafði hann setið síðan fyrir helgi grunaður um að selja fíkniefni og lyfseðilsskyld lyf í verslun sinni.

Lögreglan gerði húsleit í Draumnum og á fjórum öðrum stöðum vegna málsins í síðustu viku, meðal annars á heimili og dvalarstað Júlíusar. Þar fundust á annað hundrað töflur af lyfseðilsskyldum lyfjum, nokkuð magn af kókaíni og 14 milljónir í reiðufé.

Hann vill lítið tjá sig um málið sem slíkt en segir þó af og frá að hann selji fíkniefni. „Það er lygi,“ segir hann.

Lögreglan hefur nú innsiglað Drauminn og allt stefnir í að farið verði fram á að honum verði lokað til frambúðar vegna ítrekaðra lögbrota og kvartana. Júlli hefur rekið Drauminn í 22 ár og veit ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér. „Ég get ekkert sagt um það núna,“ segir hann.

Júlli segir gæsluvarðhaldsvistina hafa tekið á hann. Erfiðast af öllu hafi þó verið að komast ekki til vinnu, enda slagar hefðbundinn vinnudagur hjá honum hátt í 20 klukkustundir og því viðbrigði að þurfa að sitja auðum höndum.

Einnig var farið fram á að sonur Júlíusar sætti varðhaldi vegna málsins en á það féllst dómarinn ekki. **- sh**



**JÚLLI Á GÓÐUM DEGI** Júlíus Þorbergsson hefur rekið Drauminn í 22 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## LÖGREGLAN

### Drengir með loftskammbyssu

Lögreglan í Vestmannaeyjum lagði nýverið hald á loftskammbyssu sem nokkrir fimmtán ára drengir höfðu í fórum sínum. Drengirnir höfðu gert sér að leik að skjóta úr byssunni. Lögregla áréttar að skotvopnaleyfi þurfi til þess að eiga og skjóta úr loftskammbyssu, því sömu reglur gildi um slík vopn og önnur skotvopn.

## BLÖNDUÓS

### Börn vígja nýja sundlaug

Ný sundlaug verður opnuð á Blönduósi í dag, 17. júní. Það verða börn í grunnskólanum á Blönduósi sem fyrst fá sér sundsprett í lauginni, en með því taka þau forskot á sæluna, því laugin verður ekki vígð formlega fyrr en á Húnavöku í júlí.

Með loftskotvopn án leyfis:

## Falsaði nafn á bílasamning

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi og til ævilangar sviptingar ökuréttar.

Hann var meðal annars dæmdur fyrir skjalafals. Hann falsaði nafn konu á bílasamning vegna bifhjóls. Samningurinn var upp á 1,6 milljónir.

Þá braust hann inn í sendibíl og stal 56 kössum af sælgæti.

Maðurinn reyndist vera með loftriffil og loftbyssu í fórum sínum, án þess að hafa skotvopnaleyfi. Hann braut margoft umferðarlög, meðal annars með fíkniefnaakstri. **-jss**


Innköllun vegna rafrænnar skráningar hlutabréfa í Högum hf.

**Miðvikudaginn 23. júní 2010** verða hlutabréf í Högum hf. tekin til rafrænnar skráningar hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í samræmi við ákvörðun stjórnar Haga hf. þar að lútandi. Þar af leiðandi verður ekki tekið við tilkynningum um eigendaskipti á bréfum félagsins 22. og 23. júní 2010. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf í Högum hf. tekin til rafrænnar skráningar en þau eru öll í einum flokki og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi.

**Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa sem telja nokkurn vafa leika á að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Haga hf. að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til hlutaskrár Haga hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogi, eða í síma/tölvupóstfangi 530-5500/geg@hagar.is. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu fyrir nefndan dag.**

**Enn fremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri fyrir skráningardag við fullgilda reikningsstofnun, þ.e. banka, verðbréfafyrirtæki eða sparisjóð sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf.**

Athygli hluthafa er vakin á að hin áþreifanlegu hlutabréf félagsins verða ógild sjálfkrafa og því er ekki þörf á að skila þeim til félagsins. Jafnframt er vakin athygli á að ferli rafrænnar skráningar hefur engin áhrif á möguleika hluthafa til að eiga viðskipti með hluti sína í félaginu að undanskildum framangreindum takmörkunum á tilkynningum um eigendaskipti 22. og 23. júní 2010.

Að lokinni rafrænni skráningu þurfa hluthafar að fela reikningsstofnun umsjón með eignarhlut sínum í félaginu til að geta framselt hluti sína, svo sem vegna sölu eða skipta. Reikningsstofnun stofnar í þessu skyni VS-reikning í nafni viðkomandi hluthafa.

Hluthöfum félagsins er kynnt framangreint bréfleiðis.

Stjórn Haga hf.

hagar


## Staða almennra lífeyrissjóða




# Staða flestra lífeyrissjóðanna neikvæð

**Tryggingafræðileg staða almennu lífeyrissjóðanna var neikvæð um 11 prósent um síðustu áramót samkvæmt úttekt FME. Sjóðirnir hafa brugðist við með því að skerða greiðslur segir framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða áhrif mun erfið staða lífeyrissjóðanna hafa á þá sem eiga réttindi í sjóðunum?

Tryggingafræðileg staða almennu lífeyrissjóðanna um síðustu áramót var að meðaltali neikvæð um ellefu prósent, að teknu tilliti til stærðar hvers sjóðs, samkvæmt samantekt Fjármálaeftirlitsins.

Lögum samkvæmt ber sjóðunum að skerða greiðslur sé staðan neikvæð um tíu prósent eða meira. Með bráðabirgðaákvæði sem sett var eftir hrunið, og hefur síðan verið endurnýjað, þurfa sjóðirnir ekki að skerða greiðslur nema tryggingafræðileg staða sé neikvæð um fimmtán prósent eða meira.

Vegið meðaltal tryggingafræðilegrar stöðu sjóðanna um síðustu áramót var neikvætt um ellefu prósent. Það er svipað og staðan var einu ári fyrr.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, segir að stærstu lífeyrissjóðirnir hafi þegar brugðist við þessari stöðu með því að skerða greiðslur.

„Ég er að vonast til þess að það þurfi enginn sjóður að skerða á næsta ári,“ segir Hrafn. Gangi það eftir eru áhrifin af slæmri tryggingafræðilegri stöðu sjóðanna engin fyrir sjóðsfélaga, að því gefnu að þær skerðingar sem þegar hefur verið gripið til dugi.

Tveir af lífeyrissjóðunum 24 eru með svo lélega tryggingafræðilega stöðu að þeir munu engu að síður þurfa að skerða greiðslur. Báðir eru afar litlir og lokaðir.

Helmingur almennu lífeyrissjóðanna er með tryggingafræðilega stöðu á bilinu -10 prósent til -15 prósent. Ef ekki væri fyrir bráðabirgðaákvæðið þyrftu þessir sjóðir allir að skerða greiðslur til sjóðsfélaga sinna. Í þessum hópi eru stórir lífeyrissjóðir á borð við Lífeyrissjóð verzlunarmanna, Gildi, Stapa og Stafi.

Átta sjóðir eru með neikvæða tryggingafræðilega stöðu á bilinu núll til -10 prósent. Aðeins tveir litlir lífeyrissjóðir eru með jákvæða tryggingafræðilega stöðu.

Meirihluti almennu lífeyrissjóðanna var með jákvæða raunávöxtun á árinu 2009, en tíu voru með neikvæða raunávöxtun. Vegið meðaltal sjóðanna 24, þar sem tekið er tillit til stærðar þeirra, er neikvætt um 0,85 prósent, samkvæmt útreikningum Fjármálaeftirlitsins.

Staða sextán opinberra lífeyrissjóða er talsvert önnur, en ríki og sveitarfélög ábyrgjast greiðslur úr sjóðunum. Samkvæmt niðurstöðum Fjármálaeftirlitsins var tryggingafræðileg staða þeirra að meðaltali neikvæð um 57 prósent. Það er raunar ekkert nýtt, en sjóðirnir hafa lengi sýnt neikvæða tryggingafræðilega stöðu án þess að þurfa að skerða greiðslur, vegna ábyrgðar ríkis og sveitarfélaga.

Opinberu sjóðirnir voru þó flestir með jákvæða raunávöxtun á síðasta ári. Vegið meðaltal var nálægt 2,8 prósentum.

**brjann@frettabladid.is**

## Meta hvort greiðslur dugi fyrir útgjöldum

Þegar talað er um tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða er í raun verið að leggja mat á hvort sjóðirnir muni á endanum geta staðið undir skuldbindingum við þá sem greiða í sjóðinn.

Ef staðan er á núllinu duga greiðslur nákvæmlega fyrir útgjöldum, sé gert ráð fyrir 3,5 prósenta ávöxtun. Sé staðan jákvæð má búast við að sjóðurinn skili afgangi. Sé staðan hins vegar neikvæð, eins og hún var hjá flestum sjóðunum um síðustu áramót, duga greiðslur ekki til að ábyrgjast óbreyttar greiðslur úr sjóðnum í framtíðinni.

Lífeyrissjóðirnir eiga að vera með tryggingafræðilega á milli fimm prósentum í plús og fimm prósentum í mínus. Fari þeir yfir fimm prósentin fimm ár í röð ber þeim að auka réttindi. Fari þeir undir mínus fimm prósent fimm ár í röð ber þeim að skerða réttindi. Fari sjóðir undir mínus tíu prósent ber þeim að skerða greiðslur strax. Þau mörk hafa verið rýmkuð tímabundið svo sjóðirnir þurfa ekki að skerða greiðslur nema þeir fari undir mínus fimmtán prósent.



FRÁ ÞINGVÖLLUM

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

FRÁ Reykjavík NR. 575.6000 58/8 ORÐ 317 20 10 KL. 09.36

Kæri vinur!

Manstu þegar þessi mynd var tekin af okkur á Þingvöllum 1944?

Veðrið var indælt. Við sátum í grasinu með SS pylsur og nutum lífsins.

Nú langar mig til að rifja upp góðar stundir og slá upp annarri veislu og bjóða þér.

Er ekki kominn tími á okkur?

Framtíðin er nefnilega björt, þrátt fyrir allt.

Lifum glöð.

SS

Íslendingar borða SS pylsur



**HM HUMAR** Vegna heimsmeistaramótsins í fótbolta er sá háttur nú hafður á í sædýrasafninu í Berlín að færa humrum safnsins í dagslok litla fótbolta fyllta af rækjum. NORDICPHOTOS/AFP

Borgarlögmaður telur systkinaforgang á leikskólum ekki standast lög:

# Oddný vill búa til nýtt kerfi

**BORGARMÁL** Systkinaforgangur verður tekinn upp á ný á leikskólum borgarinnar samkvæmt málefnasamningi Besta flokks og Samfylkingar. Þetta stangast á við lög, að mati borgarlögmanns.

Systkinaforgangur var afnuminn 2008 þar sem hann var talin ganga í berhögg við jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar. Í áliti borgarlögmanns frá 26. apríl þessa árs kemur svo fram að samkvæmt lögum skuli forgangsraðað á biðlista eftir leikskólavist. Þar vegi aldur þeirra og þroski þyngst.

„Reglan um systkinaforgang virðist fyrst og fremst til þess fallin að mæta hagsmunum foreldra [...] og verður varla fundin stoð í sérlegum hagsmunum viðkomandi barna, umfram hagsmuni annarra barna sem ekki hafa leikskólavist,“ segir í álitinu.



**ODDNÝ STURLUDÓTTIR**

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs, minnir á að stuttu eftir að lögmaður kynnti álit sitt hafi hann verið beðinn að meta það sem Oddný kallar systkinaaðskilnað, út frá meðalhófsreglu.

„Ég hef lengi beðið borgarlögmann og leikskólasvið um að endurskoða þetta. Borgarlögmaður dæmdi þetta út frá því kerfi sem var, en það er ekki kerfið sem við ætlum að nota,“ segir hún. Nýja kerfið verði líklega með meiri takmörkunum, til dæmis víkjandi rétti til skólavistar fyrir börn sem ekki eiga systkini í skólanum. Ýmislegt komi til greina til að gera kerfið fjölskylduvænna. - bs, kóþ

Könnun meðal stjórnenda:

# Horfur slæmar í efnahagslífi

**EFNAHAGSMÁL** Aðstæður í efnahagslífinu eru slæmar að mati 87 prósenta stjórnenda í stærstu fyrirtækjum landsins. Þetta er meðal niðurstaðna könnunar Capacent Gallup á stöðu og horfum 400 stærstu fyrirtækja landsins.

Könnunin var gerð í maí og byrjun júní en afstaða stjórnenda hefur ekki breyst frá síðustu könnun sem gerð var í febrúar og mars síðastliðnum. Aðeins eitt prósent stjórnenda taldi aðstæður góðar í efnahagslífinu en tólf prósent töldu þær hvorki góðar né slæmar. - mþl

Heiða Kristín Helgadóttir:

# Aðstoðar nýjan borgarstjóra

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Heiða Kristín Helgadóttir hefur verið ráðin í stöðu aðstoðarmanns Jóns Gnarr borgarstjóra.



**HEIÐA KRISTÍN HELGADÓTTIR**

Heiða Kristín var kosningastjóri Besta flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Hún er 27 ára gömul og er stjórnmálafræðingur frá Háskóla Íslands.

Heiða starfaði síðast sem almannatengill hjá Vitvélastofnun Íslands. Áður hefur hún starfað sem alþjóðafulltrúi hjá Háskólanum í Reykjavík, sem markaðsstjóri Jafningafræðslunnar og sem heimilisfræðikennari í Ísaksskóla. - þeb

Fjölskylda frá Haítí sameinast:

# Þrír Haítíbúar á leið til Íslands

**FÉLAGSMÁL** Þrír Haítíbúar, kona um fimmtugt, þrettán ára stúlka og ellefu ára drengur, eru væntanlegir til Íslands í ágúst.

Í kjölfar jarðskjálftans á Haítí í janúar fól ríkisstjórnin flóttamannanefnd að fjalla um möguleika þess að taka á móti fólki þaðan á grundvelli fjölskyldusameiningar. Athugun leiddi í ljós að með vísan til þeirra laga væri hægt að taka á móti skyldmennum tveggja kvenna frá Haítí á Íslandi.

Ströngu verklagi er fylgt við fjölskyldusameiningu. Nú hefur verið greitt úr málum annarrar konunnar og á hún von á þremur ættmennum í ágúst; móður sinni, bróður og fósturdóttur. Ekki er vitað hvenær fæst skorið úr máli hinnar konunnar. - bs

# Kemur aftur saman í júní

**Alþingismenn eru farnir í sumarfrí en munu koma aftur saman í júní vegna dóms Hæstaréttar um gengistryggð lán. Fjöldi laga var samþykktur á síðustu dögum fyrir hlé. Mikilvæg mál bíða þó haustþingsins.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað gerðu þingmenn fyrir sumarfríið?

Alþingi lauk störfum fyrir hlé í gær, eftir mikla fundatörn. Kunnuglegur söngur heyrðist úr þingsal þegar stjórnarandstaðan gagnrýndi stjórnarliða fyrir skipulagsleysi og að ætla sér að koma allt of mörgum þingmálum í gegn um þingið á of skömmum tíma. Breytingin var þó að nú voru fyrrum stjórnarliðar að gagnrýna fyrrum stjórnarandstæðinga.

Ekki er að sjá að umræður um breytta starfshætti þingsins hafi skilað sér inn í þingstarfið, í það minnsta var stressið á lokametrunum það sama og oftast áður.

Stór mál biðu afgreiðslu; lagafrumvörp um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna, um sameiningu og fækkun ráðuneyta, um stjórnlagaþing, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga og fleira og fleira.

Samkvæmt uppfærðri starfsáætlun þingsins átti þriðjudagur að verða síðasti þingdagur. Það tafðist um einn dag. Í raun náðist ekki samkomulag um þinglok fyrr en á þriðjudagseftirmiðdegi.

Það breytti því þó ekki að þingmenn ræddu fram á morgun um hin margvíslegustu mál, voru að til að verða sex um morguninn.

Þingfundur hófst á ný klukkan 11 og þá leit út fyrir að samkomulagið væri í uppnámi. Hver þingmaðurinn á fætur öðrum kallaði eftir því að dagskrá þingsins yrði breytt og tillaga um að afturkalla aðildarumsókn að Evrópusambandinu yrði tekin á dagskrá.

Kveikja þeirrar umræðu var yfirlýsing þýska þingsins um að Ísland færi ekki inn í Evrópusambandið á meðan hér væru stundaðar hvalveiðar. Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra upplýsti að staðgengill þýska sendiherrans hefði gengið á hans fund á þriðjudag og lýst þessari skoðun.

Eftir nokkurt karp um þjóðhagslegt mikilvægi hvalveiða, þar sem Þórunn Sveinbjarnardóttir upplýsti meðal annars að útflutningstekjur vegna hvalaafurða hefðu verið 5 þúsund krónur á síðasta ári, var gengið til dagskrár og umræða hófst um Stjórnarráð Íslands.

Í þeirri umræðu las Atli Gíslason yfirlýsingu frá honum, Jóni Bjarnasyni og Ásmundi Einari Daðasyni, þess efnis að þeir væru mótfallnir fækkun ráðuneyta, nokkuð sem kveðið er á um í stjórnarsáttmálanum og er grunnstefið í tillögum forsætisráðherra um breytingar á Stjórnarráðinu.



**TVEIR FORMENN** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Að lokum tókst þó að koma þingmönnum í sumarfrí, en það varir ekki lengi. Í gær féll dómur Hæstaréttar um gengistryggð lán bankanna. Alþingi kemur saman á ný 24. júní, þar sem sá dómur og afleiðingar hans verða ræddar. Þá verður farið betur yfir pakkann um aðgerðir til stuðnings heimilum. Þing kemur síðan saman á ný 2. september, en nefndastarf hefst í lok ágúst.

Þá mun meðal annars þingmannanefnd um rannsóknarskýrslu skila sinni vinnu, þar sem tekin verður afstaða til þess hvort fyrrum ráðherrar verða dregnir fyrir landsdóm.

kolbeinn@frettabladid.is

## Nýsamþykkt lög frá Alþingi

**Fjöldi frumvarpa varð að lögum á síðustu dögum þingsins. Hér má sjá nokkur þeirra:**

**Lög um:**

- stjórn fiskveiða (byggðakvóta)
- siðareglur fyrir Stjórnarráð Íslands
- framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna
- réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum
- ívilnanir vegna nýfjárfestinga
- aðför og gjaldþrotaskipti
- sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands
- stjórnlagaþing
- stofnun hlutafélaga við vegaframkvæmdir
- gjaldeyrismál og tollalög
- fjármálafyrirtæki
- heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi
- lokafjörlög
- byggingu nýs Landspítala
- mat á umhverfisáhrifum

## Það sem bíður



Ekki tókst að ljúka öllum þingmálum sem ríkisstjórnin ætlaði sér að klára. Má þar nefna samkeppnislög og lög um innstæðutryggingasjóð, en það eru stærstu málin sem bíða. Þá er ekki útséð með gildistöku vatnalaga, en henni var þó frestað um eitt ár.

Þá má nefna að ætlunin er að ræða aðgerðir til bjargar heimilunum enn frekar þegar þing kemur saman á ný 24. júní.

Að auki liggur fjöldi þingmála frá þingmönnum fyrir, sem óvíst er hvort tekin verða til atkvæðagreiðslu. Af þeim er tillaga um að aðildarumsókn að Evrópusambandinu verði afturkölluð athyglisverðust.


Stökktu til **Bodrum** í Tyrklandi 29. júní frá aðeins **kr. 99.990**



*frá kr. 119.900 m/hálfu fæði - kr. 134.900 m/„öllu inniföldu“*

Heimsferðir bjóða ótrúlegt sértilboð á allra síðustu sætunum til sumarleyfisperlunnar Bodrum í Tyrklandi 29. júní í 11 nætur. Þú bókar flugsæti og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Bodrum býður þín með einstakan menningararf, stórbrotna náttúrufegurð, töfra Eyjahafsins, frábæran mat og ótrúlega hagstætt verðlag! Sumarleyfisstaðurinn Bodrum í Tyrklandi er einn eftirsóttasta áfangastaður Tyrklands. Gríptu tækifærið og bókaðu strax frábært frí á hreint ótrúlegum kjörum. Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði 29. júní og 10. júlí.

Kr. **99.900** – 11 nátta ferð
Verð m.v. m.v. 2–4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 11 nætur. Aukalega m.v. hálft fæði kr. 20.000 fyrir fullorðna og kr. 10.000 fyrir börn. Aukalega m.v. „allt innifalið“ kr. 35.000 fyrir fullorðna og kr. 17.500 fyrir börn. Sértilboð 29. júní.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




NOVA Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

**0 kr. Nova í Nova:** 1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mánuði – 0 kr. í frelsi en 550 kr. mánaðargjald í áskrift, þá fylgir líka 150 MB netnotkun á mánuði.



**BALLETT Á VATNI** Rússneskir dansarar bregða sér í líki hvítra blóma á Zwinger-tjörninni í Dresden í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Flóðin í sunnanverðu Frakklandi ollu gríðarlegu tjóni og röskuðu lífi fjölda fólks:

# Óttast að flóðin kostuðu tugi manns lífið

**FRAKKLAND, AP** Óttast var í gær að flóðin í sunnanverðu Frakklandi hafi kostað meira en þrjátíu manns lífið. Vitað var um nítján dauðsföll síðdegis, en að auki var að minnsta kosti tólf manns saknað.

Verst urðu flóðin á frönsku Rivíerunni, þar sem allt að tveggja metra hátt brúnleitt vatn lá víða yfir fögrum smáþorpum sem ferðamenn hafa sótt stíft í.

Flóðin ollu miklum skemmdum, meðal annars á húsum, bifreiðum og gróðri.

Flóðin hófust á þriðjudagskvöld þegar skyndilegt úrhelli kom úr lofti, meiri úrkoma en áður hefur þekkst þarna á þessum árstíma. Þar sem mestu flóðin urðu, í Arcs skammt frá Draguignan, mældist úrkoman 40 sentimetrar, en það samsvarar meðalúrkomu sex mánaða samtals á þessum stað.

Nærri þrjú þúsund manna björgunarlið gekk til liðs við 650 manna lögreglusveitir svæðisins. Notast var við þyrlur til að bjarga fólki úr sjálfheldu aðfaranótt þriðjudags.

Síðdegis í gær voru 89 þúsund manns enn án rafmagns. - gb



**BÍLAR Í KÖS** Miklar skemmdir urðu á eignum í Suður-Frakklandi. NORDICPHOTOS/AFP

Hæstiréttur fellir dóm:

## Fischer verður grafinn upp

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands sneri ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur sem hafði hafnað því að líkamsleifar skákmannsins Bobby Fischer yrðu grafnar upp til þess að unnt væri að fá lífsýni og bera saman við meinta dóttur Fischers, Jinky Young. Í úrskurði Hæstaréttar segir að allar aðrar leiðir til þess að fá lífsýni úr Fischer hafi verið fullreyndar.



BOBBY FISCHER

Móðir Jinky, Marilyn Young, á í dómsmáli við börn og ekkju Fischers vegna arfs sem hann lét eftir sig. Mæðgurnar eru frá Filippseyjum.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna kaupir tólf prósent í Icelandair Group:

## Bankar og sjóðir stýra fluginu

**VIÐSKIPTI** Lífeyrissjóðir, Íslandsbanki og Landsbankinn munu eignast nær allt hlutafé í Icelandair Group eftir hlutafjáraukningu þess og breytingu skulda í hlutafé á næstu vikum.

Framtakssjóður lífeyrissjóðanna, sem stofnaður var undir lok síðasta árs, skuldbatt sig til að kaupa þrjátíu prósenta hlut í Icelandair á mánudag fyrir þrjá milljarða króna. Lífeyrissjóður verzlunarmanna ákvað daginn eftir að bæta einum milljarði króna við í skiptum fyrir tólf prósenta hlut.

Nýtt hlutafé er gefið út í báðum tilvikum og þynnist eignarhlutur annarra hluthafa um sjötíu prósent í kjölfarið. Sjóðirnir munu eiga samtals rúm fjörutíu prósent eftir viðskiptin en bankarnir tveir um 45 prósent. Bankarnir eiga stærri sneið í gegnum félög og fjármálafyrirtæki sem þeir hafa tekið yfir, svo sem Icebank.





**TVÆR Á VELLINUM** Ætla má að tveir stærstu bankarnir og lífeyrissjóðirnir eigi nær allt hlutafé Icelandair Group. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjórnendur Icelandair Group hafa aflað félaginu fjögurra milljarða króna á tveimur dögum, líkt og fram kemur í tilkynningu. Til stendur að bæta stöðu félagsins frekar á næstu vikum með breytingu á hluta skulda í hlutafé og sölu eigna sem standa utan kjarnastarfsemi. Reiknað er með að skuldir Icelandair Group, sem námu rúmum fjörutíu milljörðum króna í síðasta árshlutauppgjöri, lækki um fjórðung. - jab

**Fimm stærstu nú**

| Hluthafi | Eignarhlutur |
|---|---|
| Íslandsbanki hf | 47,9% |
| Landsbanki Íslands hf. | 23,8% |
| Sparisjóðabanki Íslands/ Icebank | 9,3% |
| Alnus ehf (Sturla Snorrason) | 3,3% |
| Icelandair Group hf | 2,5% |
| Samtals: | 86,6% |

**Helstu eigendur eftir breytingu***

| Hluthafi | |
|---|---|
| Íslandsbanki hf | 30,0% |
| Framtakssjóður Íslands | 30,0% |
| Landsbanki Íslands hf. | 14,9% |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 12,0% |
| Sparisjóðabanki Íslands/Icebank | 5,8% |
| **Samtals:** | **92,7%** |

* Áætlaður eignarhlutur að teknu tilliti til þynningar og breytingu á skuldum í hlutafé.






Við gerum þinn Škoda kláran fyrir sumarið

Vaxtalaust 100% þjónustulán

Það kostar minna en þú heldur að nýta þér þjónustu Magga og félaga á þjónustuverkstæði Škoda. Þú færð líka vaxtalaust 100% lán fyrir því sem þarf til að gera Škoda bílinn þinn kláran fyrir sumarið. Við lánum með sveigjanlegum greiðslum til allt að tólf mánaða*. Láttu okkur gera betur við bílinn þinn.

*Lán geta numið að hámarki 500 þús, að lágmarki 60 þús. Lántökugjald: 3%.

Val um upprunalega eða ódýrari varahluti | Sérstök hraðþjónusta í boði | Ókeypis forgreining

Reynslan er góð!

HEKLA

Þjónustuver og þjónustumóttökur: Opið frá 8-17 alla virka daga · Pantanasími 590 5030 · thjonusta@hekla.is. Netspjall á www.hekla.is.

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is




Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is



**HEGRI Á OLÍUSLÓÐUM** Á ströndum Mexíkóflóa stóð þessi hegri á öðrum fæti meðan unnið var að hreinsun strandarinnar af olíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hafnfirskur fjölskyldufaðir fékk fjóra ókunnuga menn inn á gafl, gráa fyrir járnum:

# Reynt að stinga rangan mann

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn í annarlegu ástandi réðust inn í íbúð í sunnanverðum Hafnarfirði á laugardaginn var vopnaðir hnífum og réðust að húsráðanda sem þar var með ungum syni sínum.

Mennirnir virðast hafa verið að leita að fyrrverandi leigjanda íbúðarinnar og gekk húsráðanda illa að koma þeim í skilning um að hann væri annar maður á milli þess sem hann vék sér undan atlögum mannanna, en tveir reyndu ítrekað að stinga hann í háls og kvið.

Manninum tókst að forða syni sínum frá mönnunum og skömmu síðar virtust þeir átta sig á því að þeir hefðu farið mannavillt og létu sig hverfa.

Enginn hefur verið handtekinn vegna málsins en lögreglan hefur hóp manna í sigtinu og telur nokkuð víst að árásarmennirnir séu í þeim hópi. Ekki er búið að ná tali af þeim öllum.

Margeir Sveinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar í Hafnarfirði, segir málið litið mjög alvarlegum augum. „Það gefur augaleið. Við kærum okkur ekki um að það sé verið að æða inn á heimili fólks með svona látum,“ segir hann.

- sh



**LITIÐ ALVARLEGUM AUGUM** Málið hefur verið kært til lögreglu en enginn hefur enn verið handtekinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Krafinn um tvær milljónir:

# Kýldi og sparkaði í stúlku

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir að hafa kýlt og sparkað í stúlku í íbúðarhúsnæði í Kópavogi.

Afleiðingar líkamsárásarinnar urðu þær að stúlkan hlaut rifu við vinstra augnlok, sprungu og mar á neðri vör, eymsli og mar yfir vinstri kjálka og eyra og kúlu á höfuð.

Forráðamaður stúlkunnar krefst þess að árásarmanninum verði gert að greiða henni 1,8 milljónir króna í skaða- og miskabætur.

-jss



**FORSTJÓRINN FAGNAR** Fimm ár eru liðin frá því Wilhelm Petersen, forstjóri Atlantic Petroleum, tók við gjöfum í tilefni af skráningu félagsins í Kauphöllina.

Fimm ár frá komu Færeyinga:

# Fyrsta skráningin í rúmt ár

**VIÐSKIPTI** Í gær voru liðin fimm ár frá því færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum var skráð í Kauphöllina hér.

Skráningin markaði tímamót á hlutabréfamarkaði enda í fyrsta sinn sem færeysk hlutabréf buðust bæði fjárfestum hér og í Færeyjum. Þá var þetta jafnframt fyrsta erlenda félagið sem skráð var hér og fyrsta skráningin á hlutabréfamarkaði í eitt og hálft ár.

Gengi hlutabréfa Atlantic Petroleum stóð í 380 dönskum krónum á hlut á fyrsta degi og fór hæst í 2.433 krónur um miðjan nóvember 2007. Það stendur nú í 154 dönskum krónum á hlut.

- jab

## Hátíðahöld í miðborg Reykjavíkur í dag 17. júní




### Ágrip af sögu hátíðarhaldanna 17. júní

Fyrstu 17. júní hátíðarhöldin áttu sér stað árið 1911 á 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, sem á einmitt 200 ára afmæli á næsta ári. Dagurinn varð þó ekki þjóðhátíðardagur Íslendinga fyrr en með stofnun lýðveldisins árið 1944. 1. desember hafði gegnt því hlutverki framan af, en Ísland varð fullvalda ríki þann dag árið 1918.

Í gegnum tíðina hafa hátíðahöldin í landinu að mestu farið fram utanhúss með skrúðgöngum, barnaskemmtunum, íþróttum, tónlistarskemmtunum og leikjum. Ein sterkasta hefðin í Reykjavík er fjallkonan, en þá er kona valin til þess að standa fyrir þennan táknerving Íslands, kemur fram á Austurvelli í skautbúningi og les ljóð. Hver fjallkonan verður í ár verður að koma í ljós þegar hún birtist í dyrum Alþingishússins.

### Umferð og stæði

- Kvosin, hverfahlutinn norðan Tjarnarinnar, austan Aðalstrætis og vestan Lækjargötu verður lokuð frá morgninum.
- Strætó gengur eftir laugardagsáætlun og byrjar að ganga um hádegi og til hálf eitt um nóttina.
- Gjaldfrjálst verður í bílastæði.

### Ráð frá Umferðarstofu

- „Ekki fara á bílnum ef minnsti möguleiki er á áfengisneyslu,“ segir Einar Magnús Magnússon, verkefnastjóri hjá Umferðarstofu. „Menn verða svo að taka þolinmæðina með sér ef þeir ætla að koma akandi. Það borgar sig að taka Strætó á svona dögum.“
- Einar segir að það sé mjög mikilvægt að huga vel að því hvar leggja skal bílum og hvernig. Forðast beri að leggja í íbúðahverfum, allir vilji hafa forgang að heimilum sínum. Einnig ber að hafa í huga að leggja ekki óvarlega eða ólöglega, þar sem það getur hindrað umferð gangandi vegfarenda, sérstaklega fatlaðra, og jafnvel valdið hættu.



**Umferðarstofa mælir með:**

- Strætó
- Bílastæðahúsum
- Bílastæðum við BSÍ, HÍ, Borgartún og austan Rauðarárstígs.

*Nánar er fjallað um 17. júní í sérblaði sem fylgir Fréttablaðinu í dag*






Náttúrufræðistofnun rannsakar dauða fálka og erni:

# Friðaðir ernir og fálkar skotnir ítrekað

**NÁTTÚRA** Fimmtungur arna og fjórðungur fálka sem fundist hafa dauðir á Íslandi síðustu ár hafa verið skotnir. Báðar fuglategundir eru þó á válista og eru algjörlega friðaðar.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur rannsakað 23 erni og 68 fálka sem fundist hafa dauðir eða deyjandi síðustu fimm ár. Af þeim reyndust fimm ernir vera með högl í líkamanum og höfðu tveir þeirra örugglega drepist af sárum sínum. Höglin höfðu einnig átt þátt í dauða hinna. Þá fundust högl í átján fálkum og áttu áverkarnir þátt í dauða allra. Í einum fálkanna fundust 26 högl.

Náttúrufræðistofnun segir virðingarleysi skotveiðimanna gagnvart lögum koma á óvart, en telur líklegt að helsta ástæðan fyrir fálkadrápi sé gróðavon. Uppstoppaðir fálkar gangi kaupum og sölum hér á landi þó bannað sé að versla með fuglana. Reglugerð frá árinu 1996 gerir fólki sem finnur dauða fálka kleift að fá þá stoppaða upp á löglegan hátt. Þetta vill Náttúrufræðistofnun að komið verði í veg fyrir með skýrari lagasetningu. Þá segir stofnunin að rótgróin óvild fámenns hóps í garð arna eigi hlut að máli í drápum á þeim.

- þeb



**HAFÖRN** Talið er að um 65 varppör hafarnar séu í stofninum hér á landi. Fuglinn var nær útdauður um miðja síðustu öld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ekki vera
djöfulsins
sökker!
Kynntu þér frábæra kaupauka á ring.is
Stærsti
vinahópur
á Íslandi
ring
ENNEMM / SÍA / NM41530
Síminn
Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði
til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.
www.facebook.com/ringjarar

**FRÉTTASKÝRING:** Hvert stefnir í Reykjavíkurborg eftir að nýr meirihluti er kominn til valda?

# Alls konar alvara í samstarfi Samfylkingar og Besta flokks

**Samstarfsyfirlýsing Besta flokksins og Samfylkingarinnar í Reykjavík er að hluta í gamni, en flest í alvöru. Strax daginn eftir valdatöku flokkanna í borginni var hrint í framkvæmd fyrsta stefnumálinu, að ókeypis verði fyrir börn í sund. Stefnt er að opnari stjórnsýslu, einföldun stjórnkerfisins og virkri þátttöku í eflingu atvinnulífs.**

Á fyrsta borgarráðsfundi eftir valdatöku Besta flokksins og Samfylkingarinnar í Reykjavík var samþykkt að hrinda þegar í framkvæmd einu þeirra atriða sem athygli vakti í samstarfsyfirlýsingu flokkanna. Frá og með næsta laugardegi, 19. júní, og allt til loka ágúst verður ókeypis í sund fyrir börn og unglinga að 18 ára aldri.

„Blautur borgari er glaður borgari," er haft eftir nýjum borgarstjóra, Jóni Gnarr á Reykjavik.is. Tilvitnunin er í anda þess hálfkærings sem einkennt hefur bæði kosningabaráttu og embættistöku borgarstjórans. Ákvörðunin er hins vegar tekin í fúlustu alvöru og að margra mati besta mál að börn þurfi ekki að borga inn á sundstaði. Reykjavík fylgir þarna fordæmi sveitarfélaga á borð við Árborg, þar sem börn fá ókeypis í sund, bæði um sumar og vetur.

Í samstarfsyfirlýsingu Besta flokksins og Samfylkingarinnar má hins vegar segja að blandist saman gaman og alvara, svo sem þar sem farið er beint úr því að lofa öruggu húsaskjóli fyrir útigangskonur fyrir fyrstu snjóa í að taka upp systkinaforgang í leikskólum. Þá les hver eins og hann vill úr loforði um að fækka mislægum gatnamótum, en „fjölga einlægum".

Í samstarfsyfirlýsingunni kemur fram að nýta eigi vef borgarinnar til að koma á opnari og gagnsærri stjórnsýslu. Til dæmis á að opna almenningi dagbók borgarstjóra á vef Reykjavíkurborgar. Þá á að nýta vefinn Betri Reykjavík (www.betrireykjavik.is) til stuðnings við ákvarðanir og stefnumótun og opna vefsvæði fyrir ábendingar almennings. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs og staðgengill borgarstjóra, lýsti í viðtali við Fréttablaðið í gær þeirri skoðun sinni að þáttur í nýrri sýn á stjórn borgarinnar væri ekki bara aukið samráð við flokka og borgarfulltrúa í minnihluta, heldur einnig við íbúa borgarinnar og aðra sem láta sig málefni borgarinnar varða.

Í samstarfsyfirlýsingunni er enda kveðið á um að fjölgað verði beinum atkvæðagreiðslum um mikilvæg mál og settur skýrari rammi um framkvæmd þeirra. sömuleiðis á að endurvekja opna hverfafundi borgarstjóra. Í þeim anda á að hafa markvissara samráð við íbúa og foreldra í skipulags-, umhverfis- og skólamálum.

Við valdatöku flokkanna á þriðjudag var einnig frá því greint að fækka ætti nefndum borgarinnar með það fyrir augum að auka skilvirkni og spara nefndarlaun. Sömuleiðis á að liggja fyrir í lok árs langtímaáætlun um fjármál, framkvæmdir, borgarþróun og atvinnumál Reykjavíkur.

Efla á hverfaráð borgarinnar og skerpa á verkaskiptingu milli stjórnmálamanna og embættismanna. „Öll störf hjá Reykjavíkurborg, önnur en pólitískra aðstoðarmanna, verði auglýst og ráðningar ákveðnar á faglegum forsendum," segir í samstarfsyfirlýsingunni.

Þá er lögð sérstök áhersla á skólamál og eflingu atvinnulífsins í samstarfsyfirlýsingu flokkanna. Ljóst er að kosta þarf nokkru til við að hrinda þeim öllum í verk. Til dæmis er rætt um að flytja hús í Árbæjarsafni ýmist á upprunalega staði eða í Hljómskálagarðinn.

Efna á til funda með samtökum í atvinnulífi og fulltrúum fyrirtækja og stofnana til að skilgreina stöðu, styrkleika og sóknarfæri atvinnulífs Reykjavíkurborgar. Þá verði nágrannasveitarfélögum, ríkisstjórn, menntastofnunum og aðilum vinnumarkaðar boðið til þátttöku í samningi um vöxt atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu. „Þróunar- og nýsköpunarfélag Reykjavíkurborgar í atvinnumálum verði endurreist. Það verði vettvangur samstarfs opinberra og einkaaðila um að fjölga nýjum fjárfestingum í borginni," segir í samstarfsyfirlýsingunni.

Þá fá umhverfismálin sinn skerf, því orkuskipti í samgöngum skulu verða forgangsmál til framtíðar. Innan áratugar á annar hver bíll í borginni hið minnsta að vera knúinn innlendri, vistvænni orku. Þar ætlar borgin að ganga á undan með góðu fordæmi.



**Í RÁÐHÚSINU Á ÞRIÐJUDAG** Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, les upp í pontu samstarfsyfirlýsingu Samfylkingarinnar og Besta flokksins. Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar, og Jón Gnarr borgarstjóri hlusta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Óli Kristján Ármannsson
oka@frettabladid.is


## Hluti af fyrirhuguðum breytingum í Reykjavíkurborg

| | |
|---|---|
| 105 | Setja á upp innileikvöll í Perlunni.  |
| Víðsvegar um borgina | Tuttugu græn svæði og leikvellir borgarinnar verði teknir í gegn í sumar. |
| 110 | Gera á faglega rekstrarúttekt á Orkuveitu Reykjavíkur. |
| 101 | Reykjavíkurborg styðji við „kvikmyndastofu", nýtt heimili kvikmyndanna í Regnboganum. |
| 104 | Borgarstjóri verði stjórnarformaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. |
| 104 | Stefnt skal að því að þróa „norðurhjaragarð" í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. |
| 101 | Takmarka á í tilraunaskyni bílaumferð á tilteknum svæðum í miðborginni. |
| 101 |  Stutt verði við uppbyggingu þekkingar- og heilbrigðistengdra fyrirtækja með samstarfi um beina markaðssetningu á háskólasvæðunum í Vatnsmýrinni. |
| Víðsvegar um borgina | Samræma á starfsdaga og frí í leik- og grunnskólum innan hverfa. |
| Víðsvegar um borgina | Skólar keppi um „Menningarfána". Þannig geta skólar sem skara fram úr í menningar- og listfræðslu fengið viðurkenningu. Síðar mætti svo bæta við fánum fyrir aðrar greinar. |
| 105 108 | Hugað verði að byggingu nýs sérskóla þar sem starfsemi Öskjuhlíðar- og Safamýrarskóla fer undir eitt þak. Skóli án aðgreiningar verði sem fyrr hornsteinn menntastefnu borgarinnar. |
| 111 | Efla á mannlíf og borgarmynd í Efra-Breiðholti undir merkjum átaksins „111 Reykjavík". |
| 110 113 | Við uppbyggingu íþróttaaðstöðu verði fyrst horft til þeirra hverfa þar sem lítil aðstaða er í boði, til dæmis Grafarholts, Norðlingaholts og Úlfarsárdals. |
| Víðsvegar um borgina | Áhersla skal lögð á að vernda ströndina þar sem hún er ósnortin og græna trefilinn umhverfis höfuðborgarsvæðið. |
| Víðsvegar um borgina | Lögð verði áhersla á endurnýjun úr sér genginna iðnaðar- og verslunarsvæða og þéttingu byggðar. |
| 101 | Byggðamynstrið í miðborg Reykjavíkur verði verndað. Heildstæð húsverndaráætlun fyrir alla borgina verði hluti af nýju aðalskipulagi Reykjavíkur. |




# 17. júní í Kópavogi

## Dagskrá:

**10.00–12.00** Pallbílar frá Kópavogsbæ aka um með *brassband Skólahljómsveitar Kópavogs* og vekja íbúa bæjarins á þessum hátíðardegi.

**10.00–11.00** 17. júní hlaup *fyrir börn í 1.– 6. bekk* á Kópavogsvelli. Allir fá verðlaunapening. Skrúðganga frá Kópavogsvelli að Digraneskirkju að loknu hlaupi.

**11.00–12.00** Fjölskyldusamvera í Digraneskirkju. Prestar: *séra Magnús Björnsson og séra Sigurður Arnarson*. Verðlaunaafhending fyrir 17. júní hlaup. *Skólakór Kársness* syngur undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Atriði á vegum *Skapandi sumarstarfa*. Félagar í *brassbandi Skólahljómsveitar Kópavogs* líta við í lokin.

**13.30** Skrúðganga frá Menntaskólanum í Kópavogi að Rútstúni. Skátafélagið Kópar og Skólahljómsveit Kópavogs. Nýstúdent og fjallkona leiða gönguna.

**14.00–18.00** Hátíðar- og skemmtidagskrá á Rútstúni. Kynnir: *Hallgrímur Ólafsson* leikari.

**Hátíðardagskrá:**
*Skólahljómsveit Kópavogs* spilar undir stjórn Össurar Geirssonar.
Bæjarstjóri *Guðrún Pálsdóttir* flytur ávarp.
Fjallkonan *Unnur Hólmfríður Brjánsdóttir* flytur ljóð.
Nýstúdent *Alex Ingi Espersen* flytur ræðu.




## Skemmtidagskrá:

**Á Sviðinu:**
Pollapönk
*Jógvan*
*Solla stirða* og Íþróttaálfurinn
*Hafdís Huld*
Sigurvegarar söngkeppni ÍTK og SAMFÉS
*Hera Björk*

**Á Rútstúni:**
*Götuleikhús Kópavogs* flytur barnaleikþátt.
*Skapandi sumarhópar* standa fyrir fjölbreyttum uppákomum.
Sirkusatriði, leiktæki, *hoppukastalar*, veltibíll og *andlitsmálun*.
*Töframaðurinn John* leikur lausum hala á Rútstúni.
Íþróttafélögin verða með *söluskála* á Rútstúni og *vöfflusölu* í Sundlaug Kópavogs. *Handverksmarkaður* á vegum nokkurra bæjarbúa.

**Á Vallargerðisvelli:**
*Hjálparsveit Skáta í Kópavogi* verður með þrautabraut, hávaðasegg, klifurvegg og tækjasýningu.

**15.00–17.00** *Hátíðarkaffi* í félagsmiðstöðinni Gjábakka.
*Gissur Páll Gissurarson* tenórsöngvari.
*Tónlistarhópar* frá skapandi sumarstörfum.

**Útitónleikar á Rútstúni frá kl. 20.00–22.30**
Sleepy Joe
Genera
Yoda Remote
Dikta
Todmobile

PIPAR\TBWA • SÍA • 101586

**Útgjöldin**
> Verð á pakka af Winston-sígarettum




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Ingi Björn Guðnason

## *Síminn varð heyönnum að bráð*

„Ég verð nú að viðurkenna að ég er með afskaplega lélega neytendavitund, læt yfirleitt svína á mér og þegi þunnu hljóði,“ segir Ingi Björn Guðnason, verkefnastjóri Háskólaseturs Vestfjarða. „Svo ég hef gert óteljandi slæm kaup. Verstu kaupin gætu samt verið í eldhússtólunum sem ég keypti í Ikea á síðasta ári og brotnuðu hver á fætur öðrum og voru nærri búnir að slasa mann og annan.“

„Bestu kaupin eru líklega Nokia 5110 sími sem ég eignaðist einhvern tímann undir lok síðustu aldar. Ódrepandi apparat, sem þoldi ófá höggin, m.a. þurfti hann að þola það að fljúga af þaki bíls á 50 kílómetra hraða en lét það ekkert á sig fá. Þessi sími þurfti samt að játa sig sigraðan þegar ég týndi honum úti á túni rétt fyrir slátt. Þetta hefði þó líklega allt saman blessast og kannski ætti ég hann enn þann dag í dag ef hann hefði ekki endilega þurft að verða rafmagnslaus á meðan ég hringdi í hann í örvæntingarfullri tilraun til að hafa upp á honum á 1,5 hektara túninu. Það var ekkert við því að gera, slátturinn mátti ekki bíða enda brakandi þurrkur sem óvíst var hve lengi myndi halda. Ég sneri mig næstum úr hálsliðnum þegar ég var að snúa heyinu næstu tvo daga við að horfa aftur fyrir traktorinn í von um að síminn blessaður myndi þeytast upp aftan úr heytætlunni. Hann kom ekki í leitirnar fyrr en ég var að raka saman á þriðja degi. Þá var lítið eftir af honum en símakortið þó sem betur fer enn á sínum stað.“



## HÚSRÁÐ

### GÓÐUR MEÐLEIGJANDI

■ *Finnborg Salóme Steinþórsdóttir, félagsfræðingur og starfsmaður hjá Ferðaþjónustu bænda, segir sitt besta húsráð vera að eiga góðan meðleigjanda.*



„Húsráðið mitt er að eignast góðan meðleigjanda, sambýliskonu eða sambýlismann, sem meðal annars kann að elda. Það er bæði lærdómsríkt og nærandi,“ segir Finnborg Salóme. Hún býr með vinkonu sinni og segir einn af fjölmörgum kostum meðleigjandans vera hversu góður kokkur hún sé. „Það ættu eiginlega allir að eiga einn meðleigjanda eins og minn.“

■ **Þjónusta**

## Hægt að skrifa undir á Netinu

Hægt verður að fylla út og undirrita skjöl til tryggingafélagsins VÍS á netinu innan tíðar. VÍS verður fyrsta íslenska þjónustufyrirtækið sem gerir viðskiptavinum mögulegt að skrifa undir skjöl á Netinu með þessum hætti. Hingað til hefur almenn útbreiðsla rafrænna undirskrifta strandað á tækninni, en hún hefur miðast við að tengja undirskriftir við rafræn skilríki. Það er ekki raunin í kerfinu sem VÍS tekur nú upp. Fyrstu eyðublöðin eru komin á heimasíðu félagsins og á næstu vikum verða algengustu tilkynningaeyðublöðin útbúin fyrir Netið.

■ **Verslun**

## Gjafir handa þeim sem mæta í brúðarkjól



Viktoría, krónprinsessa Svía, gengur í hjónaband á laugardaginn og ætlar verslun IKEA á Íslandi að halda upp á það um helgina. Allar konur sem mæta í brúðarkjól í IKEA á laugardag milli 13 og 15 og láta taka mynd af sér í prinsessurúmi í búðinni fá að launum dekur í Mecca Spa, 10 þúsund króna gjafakort í IKEA og máltíð fyrir tvo á veitingastað IKEA. Þá verður gæsum og vinkonum þeirra boðið upp á máltíð og prinsessuköku á brúðkaupsdaginn. Alla helgina munu börn sem mæta klædd sem prinsessur og prinsar fá ókeypis köku og Prince Polo í IKEA og tilboð verða á réttum á veitingastaðnum.




Auglýsingasími
512 54 01




Allt sem þú þarft...

# Tollalög hafa ekki aðlagast hruni krónunnar

**Heimilt er að taka inn í landið varning sem fenginn er erlendis, í fari eða tollfrjálsri verslun hér á landi, að verðmæti allt að 65.000 krónum. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera 32.500. Börn innan 12 ára njóta að hálfu þessara réttinda.**



**LEIFSSTÖÐ** Gengisfall krónunnar gerir það að verkum að ferðamenn erlendis geta keypt nær helmingi minna en áður.

Fyrir nokkrum árum var hægt að kaupa myndavél í Danmörku fyrir um 3.000 danskar krónur og koma með hana heim til Íslands án þess að borga af henni toll. Til þess að sleppa við slík gjöld í dag verður fólk að sætta sig við helmingi ódýrari myndavél, en hún má ekki vera dýrari en um 1.500 danskar krónur. Tollalög hafa ekki enn tekið mið af gengisfalli íslensku krónunnar svo ferðamenn mega í raun kaupa helmingi minna í útlöndum nú heldur en fyrir hrun.

Kári Gunnlaugsson, yfirtollvörður hjá tollstjóra, segir að tollalög séu eins og hver önnur lög og reglur og þeim beri að fylgja. „Ef maður fer yfir magnið sem ákveðið er hér á Íslandi, er maður að brjóta lög,“ segir Kári. „Málin eru þá meðhöndluð sem smygl.“

Þegar verslað er á Netinu skal hafa í huga að tollar, skattar og aðrar álagningar eru mjög mismunandi eftir vöruflokkum. Hljómflutningstæki eins og iPod, magnarar og hátalarar hafa vörugjalds- og tollaálagningu sem til dæmis myndavélar hafa ekki. Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu, segir að þessi vörugjöld og tollar sem leggjast á aðsendar vörur séu flókin sökum þess að Ísland er ekki með aðild að Evrópusambandinu. „Með því að einfalda það umhverfi myndum við Íslendingar kannski eiga aðgang að virkari samkeppni.“ segir hann.

Yfirvöld fara eftir alþjóðlegu tollakerfi sem samræmi vöruflokka um allan heim. Vörur eru flokkaðar niður í mismunandi flokka og gjöld lögð á þær samkvæmt þeim. Oft eru lægri gjöld á vörum sem skilgreindar eru sem nauðsyn, heldur en á þeim sem teljast til lúxusvarnings. „Það er misjafnt hvernig þetta er flokkað,“ segir yfirtollvörður hjá tollstjóra. „Til dæmis eru tölvur og myndavélar ekki taldar munaðarvörur í dag, heldur nauðsyn. Hljómflutningstæki á borð við iPod eru aftur á móti talin munaðarvara.“

sunna@frettabladid.is

## Keypt erlendis



Jakkaföt keypt erlendis sem kosta um 50.000 krónur, eru tæpum 20.000 krónum yfir hámarki sem koma má með inn í landið. Ferðamaður skal þá fara að rauða hliðinu í tollinum og tilkynna um vöruna. Þá þarf að borga virðisaukaskatt af mismuni vörunnar, eða 25,5 prósent (og önnur gjöld sem eru viðloðandi vöruna). Fari ferðamaður að græna hliðinu gæti hann lent í upptöku varnings, skýrslutöku og sekt. Hæsta refsing við broti á tollalögum er tveggja ára fangelsi.

## Sælgæti, matur og drykkur

Takmarkast við 18.500 krónur og hámark 3 kg að þyngd.

Dæmi um matvæli sem ekki má koma með til Íslands:

- Reyktar, saltar eða þurrkaðar kjötvörur, án suðu. (Salami og hvers konar reyktar, ósoðnar pylsur, hamborgarhryggi og fuglakjöt.)
- Ósoðin mjólk og ósoðin egg, þar með talinn ostur sem er ekki nægilega vel innpakkaður. Mikilvægt er að umbúðir utan um matvöru séu með innihaldslýsingu.



## Tollfrjálst áfengi og tóbak

**Áfengi: Fjórir möguleikar**

1. 1 lítra af sterku áfengi og 1 lítra af léttvíni
2. 3 lítra af léttvíni
3. 1 lítra af sterku áfengi og 1,5 lítra af léttvíni
4. 1 lítra af sterku áfengi og 6 lítra af bjór

Miðað er við að sterkt áfengi sé meira en 21% vínandi að rúmmáli og að léttvín sé áfengi, annað en bjór, sem í er minna af vínanda.

**Tóbak: Tveir möguleikar**

1. 200 sígarettur (10 pakkar)
2. 250 g af öðru tóbaki

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis er 20 ár og 18 ár að því er varðar tóbak.




## Keypt á Netinu

**Apple iPod**
*40.000 krónur* (hingað kominn með öllum kostnaði, flutningi, tryggingu ...)

Álagning frá Tollinum:

| | |
|---|---|
| Tollur (7,5%): | 3.000 krónur |
| Virðisaukaskattur (25,5%): | 13.515 krónur |
| Vörugjöld (25%): | 10.000 krónur |
| Samtals: | 66.515 krónur |

**Canon stafræn myndavél**
*40.000 krónur* (hingað komin með öllum kostnaði, flutningi, tryggingu ...)

Álagning frá Tollinum:

| | |
|---|---|
| Tollur (7,5%): | 0 krónur |
| Virðisaukaskattur (25,5%): | 10.200 krónur |
| Vörugjöld (25%): | 0 krónur |
| Samtals: | 50.200 krónur |

# GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ







Við hjá Hótel Eddu fyllumst ætíð miklu stolti og tilhlökkun á 17. júní. Líkt og aðrir landsmenn höldum við upp á þjóðhátíðardaginn. En fyrir okkur markar hann jafnframt sumarkomuna því þá hafa öll hótelin okkar opnað upp á gátt.

## SUMARSÆLA Í 49 ÁR

Fyrsta Edduhótelið var opnað árið 1961 og byggði á þeirri hugmynd að nýta húsnæði og heimavistir héraðsskólanna til að bjóða ferðalöngum þar upp á gistingu yfir sumartímann. Nú mynda 13 Edduhótel víðs vegar um Ísland eina elstu og virtustu hótelkeðju landsins. Sum þeirra eru sérhönnuð sem hótel, en öll starfa þau á þeim upprunalega grunni að bjóða hagkvæma og notalega gistingu og góða þjónustu.

## ATVINNUSKAPANDI FERÐAMENNING

Við erum stolt af hlutverki okkar í ferðamenningu Íslendinga og ekki síður af þætti Edduhótelanna í atvinnusköpun á landsbyggðinni. Nú sem fyrr eru hundruð sumarstarfa á Edduhótelum í heimabyggð gríðarlega eftirsótt, jafnt meðal íslenskra ungmenna og þeirra sem eldri eru. Reynsla starfsfólksins og þekking á náttúru og nágrenni hótelanna eru dýrmætur sjóður fyrir okkur og gesti okkar að sækja í.

VIÐ ÓSKUM ÞÉR GLEÐILEGRAR ÞJÓÐHÁTÍÐAR
OG HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI ÞÉR Í SUMAR.

Starfsfólk Edduhótelanna

---

**13 HÓTEL ALLAN HRINGINN**

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum • 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir
8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri • 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

17. júní er góður dagur til að ákveða að hefja aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins.

## Ísland er velkomið

Allar líkur eru á að leiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins samþykki á fundi sínum í dag að hefja aðildarviðræður við Ísland. Það er enn einn áfanginn í endurreisn íslenzks samfélags og efnahagslífs eftir hrunið. Ísland þarf á öflugum bandamönnum að halda, nothæfum gjaldmiðli og skýrum ramma um efnahagsstefnuna. Þetta fæst allt með inngöngu í ESB.

Sumir andstæðingar ESB-aðildar fara hamförum yfir að fjallað skuli um málið á þjóðhátíðardegi Íslendinga. Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins, kallaði það „hroka" af hálfu ESB að ræða málið á þessum degi. Fundardagurinn, sem var ákveðinn fyrir löngu, ekki ólíklega áður en Ísland sótti um aðild að ESB, er auðvitað tilviljun. En vilji menn lesa eitthvað út úr tilviljunum ættu menn frekar að fagna því að ákvörðunina beri upp á þennan dag, því að hún er til merkis um að Ísland njóti viðurkenningar sem sjálfstætt, evrópskt lýðræðisríki. Ísland er velkomið í hóp nærri þrjátíu annarra, sem taka sameiginlegar ákvarðanir um mikilvæg mál en hafa hvorki fórnað sjálfstæði sínu né sérkennum.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þingmenn úr fjórum flokkum hafa lagt fram á Alþingi tillögu um að aðildarumsóknin verði dregin til baka. Í rökstuðningi þeirra segir meðal annars að umsókn um aðild að Evrópusambandinu gerbreyti áherzlum Íslands í utanríkismálum. Það er alröng fullyrðing. Evrópusambandsaðild er þvert á móti rökrétt framhald af þeirri utanríkisstefnu, sem hefur verið rekin á lýðveldistímanum og gengur út á að rótfesta Ísland í kjarna samstarfs vestrænna lýðræðisríkja, en standa þar ekki á jaðrinum. Ástand undanfarinna ára, þar sem Ísland stendur utan við, hefur verið á skjön við þá stefnu sem var mótuð á fyrstu árum lýðveldisins. Í rauninni þarf miklu ýtarlegri rökstuðning fyrir því að standa utan Evrópusambandsins en að ganga inn, í félagsskap þar sem flest nánustu vina- og bandalagsríki Íslands eru fyrir.

Andstæðingar aðildar hafa réttilega gagnrýnt að pólitíska forystu fyrir umsókninni vanti. Þótt utanríkisráðherrann hafi haldið vel á málinu, er ríkisstjórnin augljóslega klofin í því. Meðal þeirra sem hafa gagnrýnt forystuleysið er formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, sem sagðist hér í blaðinu á þriðjudag myndu styðja tillöguna um að draga aðildarumsókn til baka.

Fyrir síðasta landsfund Sjálfstæðisflokksins sagðist Bjarni hins vegar vilja að samþykkt yrði opið umboð fyrir forystu flokksins að „taka heils hugar þátt í samningaviðræðum sem kunna að leiða til ESB-aðildar á grundvelli tiltekinna samningsmarkmiða". Niðurstaðan varð önnur og ekki varð vart við að væntanlegur formaður beitti sér gegn henni á landsfundinum. Þar með afsalaði Sjálfstæðisflokkurinn sér sínu sögulega hlutverki, sem hefur verið að hafa forystu fyrir meiriháttar ákvörðunum í utanríkismálum þjóðarinnar, ekki sízt um þátttöku í samstarfi vestrænna lýðræðisríkja.

Það fer forystusveit Sjálfstæðisflokksins ekki vel að kvarta undan forystuleysi í Evrópumálunum. Hún ætti sjálf að sýna þessa forystu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þrautseigja í blóð borin

Árið 2008 kom út skýrsla á vegum forsætisráðuneytisins um ímynd Íslands. Að mati skýrsluhöfunda fólst sérstaða Íslendinga í frelsisþrá og athafnagleði sem hefði fylgt Íslendingum allt frá landnámi. „Aðlögunarhæfni og þrautseigja eru talin Íslendingum í blóð borin og hafa gert þjóðinni kleift að lifa af í harðbýlu landi í nábýli við óblíð náttúruöfl." Lagt var til að stjórnvöld réðust í kynningarátak til að koma þessari ímynd á framfæri við aðrar þjóðir. Gott væri að fá atvinnulífið líka í lið með sér.



### Ímynd í stað aðgerða

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er fjallað um Ímyndarskýrsluna. Þar stendur meðal annars: „Hugmyndir um sérstöðu og ágæti okkar Íslendinga urðu áberandi á „góðæristímanum" og áttu eflaust sinn þátt í því að stór hluti þjóðarinnar varð sleginn eins konar blindu á hættumerki og hve móttökuskilyrði fyrir hvers konar aðvaranir og gagnrýni voru slæm." Markaðsátak hafi ekki getað komið í stað nauðsynlegra aðgerða.

### Skýrslan orðin að veruleika

Það er vert að rifja þetta upp því ekki verður betur séð en að nýlegt markaðsátak stjórnvalda, Inspired by Iceland, sem og auglýsingaherferð Icelandair leggi upp með sömu forsendur og útfærslur og gert var í Ímyndarskýrslunni. Á heimasíðu utanríkisráðuneytisins er markmið átaksins sagt vera að „draga úr neikvæðum áhrifum á trausta markaði sem tekið hefur langan tíma að byggja upp". Sama markmið lá að baki Ímyndarskýrslunni. Eða eins og segir í Rannsóknarskýrslunni: „Veruleikanum skyldi breyta með ímyndarvinnu, enda mögulegt að „tala" markaðinn bæði upp og niður." **bergsteinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Kálsopi

Hagræðing í ríkisrekstri



Líf Magneudóttir

Það er orðið hálfgert tískufyrirbæri íslenskra stjórnmálamanna að boða sparnað með sameiningu ríkisstofnana. Vissulega er það ágætis leið þegar það er mögulegt að ná niður kostnaði með sameiningunum. En vel skal vanda það sem lengi skal standa segir máltækið og vísast er þörf á því að skipulag opinberra stofnana sé eins og best verður á kosið. Í því felst auðvitað að þjónustan sé góð og aðgengileg fyrir borgarana á sama tíma og reynt er að koma í veg fyrir alla sóun og bruðl. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis leiddi aldeilis í ljós brotalamir á íslenskri stjórnsýslu og er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að sleifarlag fái að viðgangast í ríkiskerfinu, sem og annars staðar.

Hins vegar eru til mýmörg dæmi um að sameiningar hafi orðið til trafala bæði í einkageiranum og hinum opinbera. Fyrir því eru margar ástæður. Í sumum tilvikum flækist stjórnkerfið um of og boðleiðir verða flóknar sem gerir vinnuna erfiðari. Í öðrum tilvikum passar kúltúrinn einfaldlega ekki saman. Að ná fram hagræðingu úr sameiningum stofnana eða fyrirtækja getur tekið talsverðan tíma, jafnvel mörg ár, og þarfnast alltaf nokkurrar yfirlegu.

Sjálfsagt er það þess vegna sem mörgum brá í brún þegar nýr meirihluti í Reykjavík tilkynnti um stórfelldar breytingar á nefndaskipulagi Reykjavíkurborgar. Hagræðingin tók ekki nema fimmtán daga. Vitaskuld er enginn á móti hagræðingu og aðhaldi og ætla ég síst af öllum að setja mig upp á móti því að reynt sé að spara á þessum síðustu og verstu tímum. Ég verð að treysta því að um sé að ræða úthugsaðar tillögur og að allar ákvarðanir hafi verið teknar af mikilli yfirvegun og skynsemi. Hins vegar má ætla að nýr meirihluti hafi verið að flýta sér dálítið þegar í ljós kom við skipun formanns stjórnar Strætó bs. að fulltrúi Besta flokksins uppfyllti ekki starfsgengisskilyrðin. Hefur einhverjum líklega láðst að fletta upp lögum og reglum í því tilviki. En þar gildir vonandi hið fornkveðna: Fall er fararheill!

> En þar gildir vonandi hið fornkveðna: Fall er faraheill!




FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Minning Jóns forseta

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Á þessum degi var fæðingar Jóns Sigurðssonar forseta fyrst minnzt opinberlega 1907. Það ár kom til landsins Jón forseti, fegursta og stærsta fiskiskip, sem Íslendingar höfðu þá eignazt, en Thor Jensen og félagar hans í Alliance létu smíða skipið á Englandi og héldu því úti til þorskveiða og létu salta fiskinn um borð. Eftir það héldu íþróttasamtök upp á afmælisdag Jóns.

### Fyrsti þjóðhátíðardagurinn

Fyrst var haldinn almennur þjóðminningardagur á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar 1911, og var Háskóli Íslands þá settur í fyrsta sinn. Veðrið var gott þennan dag, glatt sólskin og hægur blær af hafi. Hátíðin hófst að morgni á Sal Menntaskólans í Reykjavík. Rektor Menntaskólans, Steingrímur Thorsteinsson, skáldið, minntist þess, að Salur skólans var þingsalur alla alþingistíð Jóns Sigurðssonar, og var sungið kvæði eftir Steingrím. Kennarar og lærisveinar Menntaskólans færðu skólanum að gjöf málverk Þórarins B. Þorlákssonar af Jóni, og hangir það enn á sínum stað á Sal. Iðnsýning var opnuð í tilefni dagsins, og var þar sýndur heimilisiðnaður, smíðagripir og fleira.

Setning Háskólans hófst á hádegi í Alþingishúsinu. Klemens Jónsson landritari og Björn M. Ólsen, fyrsti rektor Háskólans, fluttu ræður, og var sungið Háskólaljóð Þorsteins Gíslasonar ritstjóra við lag Björns Kristjánssonar skósmiðs, alþingismanns, bankastjóra Landsbankans, söngfræðings og síðar ráðherra; um hann segir í Alþingismannatali: „Hafði síðan sérstök eftirlaun ævilangt.“ Síðan fór fjölmenn skrúðganga frá þinghúsinu að leiði Jóns í Hólavallakirkjugarðinum við Suðurgötu, og var þar leikið lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar við lofsöng séra Matthíasar frá 1874, Ó guð vors lands. (Við fullveldistökuna 1918 var lagið leikið sem þjóðsöngur Íslendinga og æ síðan.) Skírnir, tímarit Hins íslenzka bókmenntafélags, kom út tvíefldur á afmælisdaginn, helgaður ævi og starfi Jóns. Á fæðingarstað Jóns á Hrafnseyri við Arnarfjörð var sungið Minningarljóð Hannesar Hafstein við lag Sigfúsar Einarssonar. Í september 1911 var afhjúpaður minnisvarði Jóns forseta fyrir framan stjórnarráðið eftir Einar Jónsson, og var varðinn síðan fluttur á Austurvöll 1931 og hefur staðið þar síðan. Frá stofnun lýðveldisins á Þingvöllum 17. júní 1944 hefur þessi dagur verið þjóðhátíðardagur Íslendinga.

### Kröfuharður andófsmaður

Í formála að úrvali úr ræðum og ritgerðum Jóns forseta 1944 segir Vilhjálmur Þ. Gíslason síðar útvarpsstjóri: „Jón Sigurðsson var mestan hluta ævi sinnar kröfuharður andófsmaður. Hann sagði eitt sinn sjálfur, að hann ætti bezt heima „á oppositionsbekknum“ … Hann var óbilandi „agitator“. Um það eru bréf hans bezt vitni. Og merkasta einkenni bréfa hans er einmitt áróðurinn og fortölurnar, hinar látlausu brýningar og nudd. Bréf hans virðast flest vera hripuð í flýti. Þau eru oftast nær formlaus, að jafnaði ekki skemmtileg út af fyrir sig. … Ritgerðir hans eru mjög merkilegar. Þær eru vandaðar og fullar af fróðleik og af skarpri skynsemi, skrifaðar af skynsemi og fyrir skynsemi, en mjög sjaldan fyrir tilfinningarnar, og var það að vísu alveg í samræmi við alla stjórnmála- og lífsskoðun Jóns Sigurðssonar.“

Merkustu ritgerðir Jóns fjölluðu um verzlunarfrelsi og framfarir í menntamálum. Þær höfðu örvandi áhrif í dreifðu fásinni sveitanna. Upplag Nýrra félagsrita, sem Jón hélt úti 1841-73 og birti þar ritgerðir sínar, var um 400 seld eintök. Félagsmönnum Bókmenntafélagsins, þar sem Jón var forseti Hafnardeildarinnar frá 1851 til dauðadags, fjölgaði úr tæpum 200 í tæp 800 í forsetatíð hans.

> Hann sagði eitt sinn sjálfur, að hann ætti bezt heima „á oppositionsbekknum“ … Hann var óbilandi „agitator“. Um það eru bréf hans bezt vitni. Og merkasta einkenni bréfa hans er einmitt áróðurinn og fortölurnar, hinar látlausu brýningar og nudd.

Ritsmíðar Jóns voru einn lykillinn að lýðhylli hans. Rómaðir mannkostir hans lögðust auk annars á sömu sveif. Lúðvík Kristjánsson rithöfundur hefur kortlagt fyrirgreiðslu Jóns í Kaupmannahöfn við mikinn fjölda fólks úr öllum sveitum landsins. Til eru sex þúsund sendibréf til Jóns frá 870 bréfriturum. Mörg bréfanna eru frá bláókunnugu fólki, sem biður Jón að hjálpa sér við að kaupa plóg eða sjal eða brjóstnál eða eyrnalokka eða öngla eða koma úri í viðgerð eða ættingja á spítala og þannig áfram þindarlaust eins og Lúðvík Kristjánsson rekur í bók sinni Á slóðum Jóns Sigurðssonar (1961). Til þessara snúninga virðist Jón hafa varið ómældum tíma án þess að telja það eftir sér. Vilhjálmur Þ. Gíslason segir: „Hann var safnari og grúskari á þjóðlegan fróðleik. … Hefur það sennilega einmitt átt mikinn þátt í því, hversu vel hann var við alþýðuskap á ýmsa lund og átti ítök út um allar sveitir, þó að annars væri hann greinilegur fyrirmaður.“ Jón og Ingibjörg kona hans bjuggu alla tíð við óviss kjör. „Ég er vanur fátækt,“ skrifar hann 1874. Séra Matthías Jochumsson, ritstjóri Þjóðólfs, lýkur frásögn sinni um andlát Jóns Sigurðssonar 1879 og útför hans og Ingibjargar 1880 með þessum orðum: „Grát þú, fósturjörð, þinn mikla son, en vert þú vonglöð, þú ólst hann sjálf og áttir!“ Við útförina var sungin sorgarkantata eftir Ólöfu Finsen landshöfðingjafrú við texta séra Matthíasar.

## AF NETINU

### Virðing þingsins

Það er átakanlegt að heyra þingmenn spyrja sig aftur og aftur, afhverju fólk sé hætt að bera virðingu fyrir Alþingi og fjölmiðlamenn ræða við þingmenn um svörin og aftur og aftur er sama platan leikin og sama kunnuglega stefið hljómar. Og virðingin þverr.

Einhvernveginn finnst mér eins og stjórnmálamennirnir séu ekki rétta fólkið til að ræða við um hvernig megi endurreisa virðingu Alþingis. Með fullri virðingu þá bendir það bara hvert á annað og skammar ríkisstjórnina eða stjórnarandstöðuna.

Það er fátt nýtt í því.

Það er líka klisja að tala um gjá milli þings og þjóðar, samt er það staðreynd. Fulltrúar okkar inni á þingi eru ekki að tala sig inn í hjarta þjóðarinnar þessa dagana. Og sjaldnast.

Náðst hefur samkomulag um þinglok, þingmenn hlaupa út í sumarið, fram undan er lengra frí en aðrir eiga kost á, sem á annað borð hafa vinnu.

http://www.smugan.is/fra-ritstjorn/nr/3561

**Þóra Kristín Ásgeirsdóttir**

### Sérsaumað

Ég ók í leigubíl framhjá bar djúpt inni í gömlu Austur-Berlín í gær og heyrði gríðarleg fagnaðarlæti. Þetta var um það leyti að Norður-Kóreumenn skoruðu mark sitt gegn Brasilíu.

Voru þetta Norður-Kóreumenn í Berlín að fagna? Einhverjir sem hafa gleymst, orðið eftir síðan áður en Múrinn féll?

Annars er það leið til að vera frumlegur í alvörunni í þessari heimsmeistarakeppni að halda með Norður-Kóreu. Vandinn er kannski sá helstur að ná sér í búning þeirra. Máski þyrfti maður að láta sérsauma hann?

http://silfuregils.eyjan.is/

**Egill Helgason**



# Er ekki lýðræði í Hafnarfirði?

Bæjarmál í Hafnarfirði

Rúna Hjaltested Guðmundsdóttir
sagnfræðingur



Það er alveg ljóst að lýðræðið í Hafnarfjarðarbæ er ekki að virka. Gengið var til sveitarstjórnarkosninga, þar sem Samfylkingunni og Lúðvíki Geirssyni bæjarstjóra var hafnað, en SAMT skulu sömu menn sitja áfram í bæjarstjórn með sama bæjarstjóra. Hvað er það sem oddviti vinstri grænna og Samfylkingin skilja ekki?

Kröfur kjósenda um breytingar Í Hafnarfirði eru skýrar. Kjörsóknin var dræm eins og raun ber vitni – aðeins 65%, auðir seðlar voru óvenju margir og meirihluti Samfylkingar hélt ekki velli! Það var grátbroslegt að fylgjast með sjálfsþægingu Lúðvíks Geirssonar, fyrrverandi og núverandi bæjarstjóra, í kosningabaráttunni, þar sem hann hélt því fram að kosningarnar í Hafnarfirði snerust um hann. Er það ekki mikillæti að halda þessu fram? Verður maður ekki að vona að kjósendur hafi vit til að kjósa um málefnin og árangur bæjarstjórnarinnar? Ef hins vegar kosningar hefðu snúist um hann eins og hann hélt sjálfur fram, þá hlýtur Lúðvík fyrstur manna að viðurkenna að honum hafi skýrt og skorinort verið HAFNAÐ! Hann bauð sig fram í 6. sætið, fékk ekki kosningu og ætti því að detta úr bæjarstjórn.

Í ljósi þessa þá hlýtur maður að spyrja – af hverju kemst Lúðvík í og þiggur bæjarstjórastólinn þrátt fyrir mikið afhroð? Það er líka vert að velta því fyrir sér hvað oddviti vinstri grænna, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, er að hugsa. Af hverju tekur hún ekki bæjarstjórastólinn strax eða lætur hann í hendur þeirra sem hafa verið kosnir til þess? Þarf hún tveggja ára starfskynningu á störfum bæjarstjóra eins og hún hefur haldið fram? Er hún ekki búin að vera í bæjarstjórn í fjögur ár og á því að vera fullkunnugt um það í hverju starf bæjarstjóra felst – að minnsta kosti í grófum dráttum? Ef hún getur ekki lært það á fjórum árum, hvernig getur hún það þá á tveimur? Kannski er hún ekki til þess fallin að taka við þessari stöðu ef hún treystir sér ekki í hana eftir fjögra ára veru í bæjarstjórn. Sérkennileg er einnig sú staða að vinstri grænir skuli hafa aðeins einn bæjarfulltrúa sem kemst í þá oddastöðu að einn af ellefu skuli ráða útkomu bæjarstjórnar? Skynsamlegra hefði verið að ráða ópólitískan bæjarstjóra til að fara þó að minnsta kosti að vilja kjósenda og sýna lýðræðið í verki.

> Hann bauð sig fram í 6. sætið, fékk ekki kosningu og ætti því að detta úr bæjarstjórn.

Þegar skoðaður er ferill meirihluta Samfylkingar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar eru ýmsar spurningar sem vakna um ákvarðanir og forgangsröðun. Sveitarfélagið hefur aldrei staðið eins illa fjárhagslega og nú í tíð meirihluta Samfylkingar og því er það kostulegt það sem fram kemur í yfirlýsingu nýja meirihlutans: „Nýi meirihlutinn mun leggja ríka áherslu á að … og tryggja um leið ábyrga fjármálastjórnun.“ Þetta sama fólk og sami bæjarstjóri var við stjórnvölinn áður, en sérstök eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga hefur haft fjárhagsstöðu sveitarfélagsins undir eftirliti vegna þess að skuldir og skuldbindingar þykja vera úr hófi fram! Því er ekki annað en hægt að velta fyrir sér hæfi oddvita vinstri grænna sem segir í fréttatíma sjónvarps að vegna þess að sveitarfélagið standi svo illa þurfi að koma til reyndur bæjarstjóri! Sem sagt bæjarstjórinn sem borið hefur ábyrgð á fjárhagsstöðu bæjarins. Hefur hún ekki fylgst með hvað hefur verið að gerast í bæjarstjórninni undanfarin fjögur ár, þar sem hún hefur setið?

Samfylkingin hefur staðið sig hörmulega í ríkisstjórn og hún hefur staðið sig hörmulega í bæjarstjórninni í Hafnarfirði. Meirihlutanum var hafnað og ekki síst bæjarstjóranum. Hvers vegna eru kröfur kjósenda ekki virtar? Er verið að hafa kjósendur að fíflum?

Að lokum verð ég að gera athugasemdir við það að fjölmiðlar hafa ekki séð ástæðu til að fjalla um þennan undarlega gjörning í bæjarmálunum í Hafnarfirði og því hlýtur sú spurning að vakna hvort fjölmiðlar hefðu farið fram með meira offorsi ef umræddur fallisti í bæjarstjórn hefði komið úr röðum Sjálfstæðisflokks en ekki Samfylkingar?

# Semjum við Kanada

Efnahagsmál

Sveinbjörn Ragnar Árnason
sölumaður



Íslandi er stjórnað með sameiginlegu ábyrgðarleysi stjórnmálaflokkanna. Getur verið að einn fárra möguleika fyrir sigraða þjóð sé að lýsa yfir hugsanlegu gjaldþroti og fá nýja kennitölu á Ísland. Íslendingar geta þá beint fyrirhuguðum samningaviðræðum við Evrópusambandið til ríkisstjórnar Kanada og/eða með inngöngu í Nafta? Íslensk stjórnvöld hafa ekki skoðað þann möguleika að semja við Kanada, þeir stefna frekar á að reyna að takast í hendur við kreppta hnefa þjóðarinnar og í Evrópusambandið skal fara, sama hvað það kostar Íslendinga. Ég er sannfærður í dag að íslensku stjórnmálaflokkarnir eru mesta vandamál þjóðarinnar.

Brotlending þjóðarbúsins er að mestu leyti stjórnmálaflokkunum að kenna. Þjóðin mun þó ekki gleyma stelsjúkum bankamönnum og útrásarvíkingum.

Búið er að þjóðnýta skuldir einkavinavæddu bankanna yfir á íslenskan almenning. Skuldaklafar sem hellast yfir almenning og virðast engan endi ætla að taka. Ábyrgð síðustu ríkisstjórna er mikil, gáleysi og tómlæti kann að varða við landslög að mínu mati. Hver ber ábyrgð? Enginn, því Íslandi er stjórnað sameiginlega með ábyrgðarleysi stjórnmálaflokkanna.

Þurfum við Íslendingar ekki að kalla til erlenda sérfræðinga til að reisa efnahaginn við? Íslenskum stjórnmálamönnum mun ekki takast það, þeir eru of flæktir í hagsmuni samtryggingarkerfis stjórnmálaflokkanna? Af hverju könnum við ekki viðræður við frændur okkar í vestri um skjól og aðstoð, í skiptum fyrir samstarf og eða hlutdeild í t.d. olíuleitarsvæðum Íslands? Staðreynd: Íslendingar eiga meiri samleið með þjóðum á Norðurhveli en nokkurri annarri. Hlýnandi loftslag þýðir að norðurleiðin er að opnast og því eiga þjóðir á norðurhveli jarðar meiri samleið með hver annarri. Áætlað er að yfir 280 þúsund Kanadamenn eigi ættir að rekja til Íslands. Hvers vegna beinum við ekki sjónum okkar til Kanada? Kanada er ríkjasamband sem samanstendur af tíu fylkjum og þremur sjálfstjórnarsvæðum, Ísland það fjórða? Kanada er þingbundið lýðræðisríki í Breska samveldinu. Geta Kanadamenn ekki náð að lenda þessari Icesave vitleysu fyrir okkur Íslendinga farsællega?

Ef ekki er samið við stjórn Kanada eigum við að fá erlenda sérhæfða aðila til að stjórna hér næstu tólf ár og mynda utanþingsstjórn/starfsstjórn. Við veljum fólk sem er ekki í samtryggingarkerfi íslensku stjórnmálaflokkanna. Við gefum út yfirlýsingu vegna skulda íslenskra óreiðumanna erlendis: Á Íslandi varð brotlending efnahags og bankakerfisins vegna gáleysis og spillingar tengdra aðila fram til ársins 2010. Við höfum vikið öllum stjórnmálaflokkum burt og kynnt nýja aðila til stjórnunar vegna sérstæðra aðstæðna á Íslandi. Takið upp í skuldir íslensku einkavinavæddu bankanna eignir þeirra erlendis. Þá fyrst verða þessir menn látnir borga brúsann og axla ábyrgð gerða sinna. Það mun ekki gerast í skjóli íslenskra stjórnmálaflokka við völd á Íslandi.




Við óskum landsmönnum
til hamingju með
66 ára
lýðveldisafmælið.
Mynd tekin: 17. júní 1944
Hinn 17. júní 1944 varð Ísland lýðveldi, sjálfstæðis-
baráttu þjóðarinnar var formlega lokið. Ákveðið var
að stofna lýðveldið við hátíðlega athöfn á Þingvöllum.
www.66north.is
Klæddu þig vel
66°
NORÐUR

# Hræðsluáróður

**Skuldavandi heimilanna**

Agnes Arnardóttir
verslunareigandi



Í dag er 17. júní. Þjóðhátíðardagur okkar Íslendinga þar sem við fögnum sjálfstæði okkar. Af því tilefni velti ég því fyrir mér hversu sjálfstæð við erum í raun. Stór hluti þjóðarinnar er bundinn í skuldavef fjármálafyrirtækja sem sitja eins og púkinn á fjósbitanum og fitnar og fitnar. Fólk sem skuldar meira en það ræður við er ekki frjálst, getur ekki flutt sig um set, hvorki milli landshluta né til annarra landa. Það er fast í köngulóarvef. Búið að missa kjarkinn og sjálfsvirðinguna.

Fólk er hrætt við að missa allt sitt. Þegar fólk er hrætt þá er það auðvelt skotmark kúgara. Það er akkúrat það sem við erum í dag, fórnarlömb kúgara. Kúgara sem eru fjármálafyrirtæki. Þau sömu og komu okkur í þessa stöðu. Rændu okkur ærunni og aleigunni. Síðan hafa þau komið með lausnir til að auðvelda okkur að borga ránið þ.e. hjálpa þeim að ræna okkur meira en þeir hafa nú þegar gert. Annars er mér ekki vel við að tala um fjármálafyrirtæki sem fyrirbæri, það er náttúrulega fólk sem þar stjórnar, fólk eins og við hin, nema hvað það hefur meiri völd í augnablikinu. En vonandi ekki lengi enn. Við getum tekið þessi völd frá þeim með samstöðu. Notað það sem kemur þeim verst. Tekið okkur saman og lýst okkur gjaldþrota í stórum hópum. Tuttugu þúsund heimili og fimm þúsund fyrirtæki, allir á sama tíma. Það er ekki auðvelt fyrir þau að ráða við það. En áður en farið verður í þær aðgerðir þá vörum við fjármagnseigendur við þeim svo þeir geti tekið peningana sína út úr bankanum og fjárfest í ríkisskuldabréfum eða einhverju öðru svo þeir brenni ekki inni.

Ég sjálf er búin að vera í marga mánuði að reyna að ná einhverju vitrænu samkomulagi við minn banka, ríkisbankann Landsbanka Íslands. En ekkert gengið. Búið að draga mig á asnaeyrunum í allt of langan tíma. Nú stend ég frammi fyrir því að láta kúga mig í þrot eða taka til minna ráða. Ég vil heldur taka til minna ráða en að láta kúga mig í þrot.

> Nú stend ég frammi fyrir því að láta kúga mig í þrot eða taka til minna ráða. Ég vil heldur taka til minna ráða en að láta kúga mig í þrot.

Hvað með þig? Ertu með?

Ef svo er þá endilega hafðu samband og við skulum sýna hvers vegna við höldum upp á 17. júní.

Það eina sem getur stoppað það að þetta verði framkvæmt er að stjórnvöld grípi inní með sanngjörnum lausnum. Í nóvember 2008 ræddi ég við þáverandi viðskiptaráðherra og benti á aðgerð sem ég taldi vera réttasta í stöðunni sem þá var komin upp. Hann hlustaði stundarkorn og vísaði þessu svo frá með þeim orðum að þetta væri ekki hægt. Ég er enn á sömu skoðun og þá og segi að þetta er hægt. Annað er hræðsluáróður.

Öll lán sem eru gengistryggð, verði sett yfir í íslenskar krónur á því gengi sem var þegar lánin voru tekin. Það sem fólk er nú þegar búið að greiða af röngum höfuðstól verði gert upp og notað til lækkunar. Þetta á við bæði um fyrirtæki og einstaklinga.

Verðtryggð lán verði færð niður. Tekið meðaltal af lánskjaravísitölu síðustu fimm ára fyrir hrunið og það notað sem nýtt viðmið.

Miðað við það hversu óvarlega fjármálafyrirtæki fóru í útlánum síðustu árin fyrir hrun þá er ekki hægt að gera ráð fyrir að þessar aðgerðir hjálpi öllum. Þeir sem eru í þeirri stöðu fái aukaaðstoð. Fjármálafyrirtæki sem lána fólki sem vitað er fyrirfram að getur ekki greitt af lánum sínum þurfa að taka þá ábyrgð á sig.

# Ökum edrú

**Umferðaröryggi**

Aðalsteinn Gunnarsson
framkvæmdastjóri IOGT



Við getum verið sammála um að ölvunarakstur getur haft í för með sér skelfilegar afleiðingar. Við þekkjum alltof mörg dæmi þess. Það þarf ekki að koma neinum á óvart að aðalástæða ölvunaraksturs er neysla áfengis. Í gegnum tíðina hafa slys og óhöpp tengd ölvunarakstri tekið of háan toll í umferðinni. Það er okkar að bregðast við til að draga úr hættunni. Margar leiðir eru færar og hafa allar það markmið að hvetja ökumenn til að aka ekki eftir neyslu. Okkur kemur málið við. Við eigum að tilkynna ölvunarakstur í síma 112 sama hver á í hlut. Við eigum að bjóða upp á óáfenga drykki fyrir þá sem eru á bíl. Við eigum að stöðva þá sem ætla að aka undir áhrifum. Við látum ekki vini okkar aka undir áhrifum. Það að hafa aðgengi að edrú bílstjóra sem keyrir þá sem eru að skemmta sér skiptir miklu máli. Leigubílstjórar eru til staðar allan sólarhringinn og án efa er ódýrara að nýta þjónustu þeirra en að verja því sem við eigum ólifað að borga fyrir tjónið. Sumir hópar sem eru að skemmta sér hafa oft einn ákveðinn bílstjóra sem er edrú allan tímann, fyrirbæri sem er kallað „designated driver“, staðfastur bílstjóri.

Bjórframleiðendur ætla sér að auka sölu áfengis um 6% á meðan HM stendur yfir. Það er líklegt að það auki ölvunarakstur töluvert þar sem sumir fá sér bara einn eða tvo bjóra. Hluti af þessari aukningu er drukkinn á veitingahúsum.

> Bjórframleiðendur ætla sér að auka sölu áfengis um 6% á meðan HM stendur yfir. Það er líklegt að það auki ölvunarakstur töluvert þar sem sumir fá sér bara einn eða tvo bjóra.

Nú stendur yfir átak IOGT á Íslandi þar sem hvatt er til þess að við ökum edrú. Birtar verða auglýsingar þar sem heyra má frásagnir fólks um ófyrirsjáanlegar afleiðingar ölvunaraksturs. Markmiðið okkar er að vekja þjóðina til umhugsunar um að aka edrú. Boðið verður upp á bílstjóradrykk á völdum veitingahúsum sem eru í samstarfi við átakið. Sérstakur gestur átaksins, Joonas Turtonen, framkvæmdastjóri Hälsa och Trafik í Finnlandi, ber saman ölvunarakstur hér sem er að líkjast æ meira því sem er í Finnlandi. Minnt verður á að ölvunarakstur er dauðans alvara.



# Herbalife og jurtir sem geta valdið lifrarskaða

Fæðubótarefni


Magnús Jóhannsson
læknir og prófessor við Háskóla Íslands


Sif Ormarsdóttir
meltingarlæknir á Lyfjastofnun


Sigurður Ólafsson
meltingarlæknir á Landspítala

Undirrituð birtu grein í marshefti Læknablaðsins um aukaverkanir af Herbalife og í maíhefti blaðsins birtust athugasemdir framleiðandans og svör okkar við þeim. Þar sem nokkuð hefur borið á röngum frásögnum af efni þessarar greinar viljum við árétta fáein atriði. Bent er á vefsíðu Læknablaðsins, www.laeknabladid.is, sem er öllum opin.

Notkun fæðubótarefna hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum og eru þau notuð í ýmis konar tilgangi. Þar sem um náttúrulegar afurðir er að ræða er nokkuð almenn trú að þær séu skaðlausar og svo er reyndar í flestum tilvikum. Hins vegar er vel þekkt að ýmsar jurtir og fæðubótarefni geta valdið aukaverkunum m.a. lifrarskaða.

Við könnun meðal lækna í landinu sem var birt í Læknablaðinu 2002 komu fram sterkar vísbendingar um að Herbalife kynni að tengjast lifrarskaða. Síðan fengum við smám saman vitneskju um fleiri tilfelli af þessum toga og það var skylda okkar að skoða þessi tilfelli nánar og birta niðurstöðurnar.

Mikilvægt er að hafa í huga að hér er ekki um fyrstu tilfellin að ræða. Á árunum 2007-9 birtust fjórar ritgerðir í virtum erlendum læknisfræðitímaritum þar sem samtals var lýst 28 sjúklingum, í þremur löndum, með lifrarskaða sem talinn er tengjast notkun Herbalife.

Í inngangi greinar okkar í Læknablaðinu er almenn umfjöllun um jurtir sem eru þekktar að því að geta valdið lifrarskaða eins og kava, grænt te, ma-huang (inniheldur efedrín), aloe vera en krossfífill og hóffífill eru nefndir sem dæmi um íslenskar jurtir. Þetta er almenn umfjöllun um slíkar jurtir og það er ekki fyrr en í síðasta kafla ritgerðarinnar, umræðukaflanum, sem að fjallað er um innihald í vörum frá Herbalife.

Langflestar vörur frá Herbalife innihalda engin efni sem tengjast lifrarskaða en sumar Herbalifevörur innihalda grænt te (útdrátt), aloe vera eða negul.

Í grein okkar er einnig skýrt tekið fram að ekki sé vitað hvaða efni í Herbalife-vörum gætu valdið lifrarskaða, einungis er hægt að geta sér til að þar sé um að ræða einhverjar varasamar jurtir og síðan eru nefnd grænt te (útdráttur) og negull sem hugsanlegir orsakavaldar vegna þess að þau eru í vörunum sem okkar sjúklingar tóku.

Lítill sem enginn vafi leikur á því að útdráttur (e. extract) úr grænu tei getur valdið lifrarskaða. Vörur með þessu innihaldi eru oftast töflur, hylki eða duft og í innihaldslýsingu stendur: útdráttur úr grænu tei (e. green tea extract). Málið snýst um magn og með því að taka inn útdrátt er verið að innbyrða mikið magn af innihaldsefnum tesins. Stundum hafa vörur með þessu innihaldi valdið lifrarskaða í svo miklum mæli að þær hafa verið teknar af markaði (t.d. vörurnar CUUR og Exolise í nokkrum Evrópulöndum). Ekki er vitað með vissu hvaða efni í grænu tei gætu gert gagn eða valdið skaða en helst er horft til nokkurra efna af flokki katekína. Grænt te sem bruggað er á venjulegan hátt og drukkið í hóflegu magni er talið alveg hættulaust.

> Við mælum ekki gegn notkun fæðubótarefna sem innihalda umrædd náttúruefni en finnst mikilvægt að almenningur sé upplýstur um aukaverkanir sem fylgt geta notkun þeirra.

Safinn úr stönglum Aloe vera jurtarinnar á sér langa sögu við meðferð alls kyns húðkvilla og verður ekki fjölyrt um það hér. Það er líka talsverð reynsla af því að taka þennan safa inn á formi taflna, hylkja, hlaups eða vökva. Nokkur tilfelli af lifrarskaða sem tengjast notkun Aloe vera til inntöku hafa komið fram á undanförnum árum í Evrópu, Ameríku og Asíu. Ekki eru þekkt þau innihaldsefni í Aloe vera sem gætu valdið lifrarskaða.

Talið er að negull sé meinlaus þegar hann er notaður sem krydd. Í fæðubótarefnum er hins vegar oftast um mun meira magn að ræða og stundum er notuð tiltölulega hrein negulolía (evgenól). Negull inniheldur negulolíu sem er eitruð fyrir lifrina og getur valdið lifrarskaða ef magnið fer yfir ákveðin mörk. Í Bandaríkjunum og víðar er fólk með lifrarsjúkdóma varað við að nota negul og fæðubótarefni sem innihalda negul. Ef haft er í huga hversu útbreidd notkun Herbalife og fæðubótarefna almennt er, er ljóst að lifrarskaði er sárasjaldgæfur. Eigi að síður er mikilvægt að heilbrigðisstarfsfólk og almenningur sé meðvitaður um þessa alvarlegu aukaverkun. Við mælum ekki gegn notkun fæðubótarefna sem innihalda umrædd náttúruefni en finnst mikilvægt að almenningur sé upplýstur um aukaverkanir sem fylgt geta notkun þeirra, þó að þær séu vissulega sjaldgæfar.

Á vef Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is, er vefeyðublað til tilkynninga á aukaverkunum lyfja og fæðubótarefna. Þetta er opið fyrir lækna, annað heilbrigðisstarfsfólk og almenning.

Höfundar hafa engin hagsmunatengsl sem gætu haft áhrif á niðurstöður okkar.

# Vei Birgir

Stjórnmál


Pétur Bjarnason
sjávarútvegsfræðingur

Fréttir bárust af því nýlega að Birgir Ármannsson hefði haldið langa tölu í umræðum um stjórnlagaþing, sem meirihluti á Alþingi vill koma á, sem og meirihluti þjóðarinnar. Birgir þingmaður brást þannig ekki skyldu sinni til þess að stuðla að því að sú virðing sem Alþingi nýtur meðal almennings héldist óbreytt enn um sinn, en alltaf er sú hætta fyrir hendi að það breytist ef enginn sinnir þessu verkefni.

Birgir fór nákvæmlega yfir stjórnarskrár a.m.k. tveggja þjóða. Mikilvægi þess að ræða í þaula stjórnarskrár annarra ríkja hlýtur öllum að vera augljós og skal Birgi bent á að það eru hátt í 200 ríki á jörðinni, sem sjálfsagt eru flest með stjórnarskrá, og því er honum ærið verkefni fyrir höndum. Honum skal líka bent á að framsóknarþingmaður að norðan talaði fyrir ári síðan alls 229 sinnum í einu og sama málinu og varla nema eðlilegt markmið fyrir Birgi að slá það met, til þess að viðhalda enn frekar þeim virðingarsessi, sem Alþingi hlýtur að vera full þörf á að standa vörð um. Svo tíðar göngur í ræðustól bera að vísu ekki vott um lýðræðisást og sennilega ber það líka vott um óskýrleika í frásögn – og kannski vöntun á hæfileika á því sviði – og því viðkomandi til minnkunar, en einhverju verður að fórna þegar mikið liggur við.

Áfram Birgir. Þú átt mikið verk fyrir höndum en þér er að takast ætlunarverk þitt.



Við ætlum að gera betur
Arion banki

**BARRY MANILOW ER 67 ÁRA**

*„Kannski telst púkó að vera Barry Manilow-aðdáandi. Mér þykir leitt að aðdáendur mínir líði fyrir áhuga sinn. En utangarðsmenn eru ekki utangarðs á meðal annarra utangarðsmanna.“*

***Barry Manilow er þekktur fyrir hjartnæmar ballöður.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 17. JÚNÍ 1811**

## Jón Sigurðsson forseti fæðist

Jón Sigurðsson, oft nefndur Jón forseti, fæddist þennan dag fyrir 199 árum. Hann var helsti leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á 19. öld, en fæðingardagur hans var valinn sem þjóðhátíðardagur Íslendinga þegar lýðveldið Ísland var stofnað 17. júní 1944.

Jón fæddist á Hrafnseyri í Arnarfirði á Vestfjörðum. Á uppvaxtarárunum stundaði Jón nám hjá föður sínum en fluttist til Reykjavíkur átján ára og tók stúdentspróf 1829. Í höfuðstaðnum kynntist hann verðandi eiginkonu sinni, Ingibjörgu Einarsdóttur. Hjónin voru bræðrabörn.

Jón nam málfræði, íslenskar bókmenntir og sögu við Kaupmannahafnarháskóla en lauk þó aldrei prófi. Hann var kosinn þingmaður Ísafjarðarsýslu árið1844 og settist á Alþingi árið 1845.

Viðurnefnið forseti fékk hann eftir að vera forseti Hafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags.

Þegar Danakonungur afsalaði sér einveldi 1848 ritaði Jón „Hugvekju til Íslendinga“ þar sem hann hvatti landsmenn til baráttu fyrir sjálfstæði. Á þjóðfundinum 1851 lagði hópur Íslendinga fram mótfrumvarp við frumvarp Danakonungs um stjórnskipun Íslands. Stiftamtmaður Danakonungs neitaði frumvarpinu framgöngu og brást þá Jón við og mótmælti. Undir tóku viðstaddir með hinum fleygu orðum „Vér mótmælum allir“. Þaðan í frá var Jón talinn óumdeildur leiðtogi sjálfstæðisbaráttunnar.

Jón lést 7. desember 1879 eftir langvinn veikindi.



**MERKISATBURÐIR**

1900 Fyrsta póstferð með varning og fólk í fjórhjóla hestvagni, fer frá Reykjavík austur í sveitir.
1907 Íslenskur fáni, blár og hvítur, fyrst dreginn að húni um landið.
1911 Háskóli Íslands settur í fyrsta sinn á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta.
1941 Alþingi kýs Svein Björnsson fyrsta ríkisstjóra Íslands.
1944 Stofnun íslenska lýðveldisins formlega lýst yfir á Þingvöllum og stjórnarskrá lýðveldisins staðfest.
1959 Íþróttaleikvangurinn í Laugardal vígður.
1980 Ísbjarnarblús Bubba Morthens kemur út.



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Kr. Þórðarson**

frá Innri-Múla, Barðaströnd,

lést á heimili sínu Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Seljahlíð mánudaginn 14. júní. Jarðarförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 21. júní kl. 13.00.

**Kolbrún Ólafsdóttir** **Hörður Eiðsson**
**Skarphéðinn Ólafsson** **Sigríður M. Skarphéðinsdóttir**
**Þórður G. Ólafsson** **Jónína S. Jónasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Karl Þór Þorkelsson**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 8. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Þóra Guðrún Karlsdóttir** **Örvar Karlsson**
**Ingi Þór** **Aðalheiður R. Önundardóttir**
**Birta Líf** **Þuríður Kristín**
**Júlíus Breki** **Tindur Örvar**
**Máni Örvar**



†

*Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna fráfalls ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Geirs Þóris Bjarnasonar**

Sunnuhlíð.

Sérstakar þakkir færum við læknum og hjúkrunarfólki Gjörgæslunnar og B-6 Landspítalanum Fossvogi fyrir einstaka alúð og umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Valgerður Leifsdóttir**
**og fjölskylda.**



†

*Elskulegur faðir okkar,*

**Eiríkur K. Eiríksson**

fyrrum bóndi á Gafli í Flóa, Sílatjörn 8, Selfossi,

lést laugardaginn 12. júní. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 19. júní kl. 11. Jarðsett verður í Villingaholti.

**Lilja Eiríksdóttir**
**Björn H. Eiríksson**



**HELGIGÖNGUKROSS** Vilborg og séra Gunnþór Ingason, sérþjónustuprestur Þjóðkirkjunnar, með sólkross sem Kristján Gunnarsson á Þingeyri smíðaði. Gangan er farin á vegum starfshóps Þjóðkirkjunnar um helgistaði á förluleiðum og Menningar- og ferðamálanefndar Dalabyggðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Í MINNINGU AUÐAR DJÚPÚÐGU:** HELGIGANGA Í DÖLUNUM Á LAUGARDAG

# Á fundarstað Guðs og manns

„Ég fer nú ekki sem staðgengill Auðar, en hef ekki tölu á því hversu oft ég hef verið kölluð Auður síðan bókin kom út. Það er svo sem allt í lagi því mamma kallar mig oft Auði þegar hún ruglar okkur Auði systur saman,“ segir hlátrmild Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur, sem á laugardag tekur þátt í helgigöngu í minningu Auðar djúpúðgu vestur í Dölum þar sem hún nam land fyrir rúmum 1.100 árum.

Auður djúpúðga Ketilsdóttir var ein örfárra kvenna í hópi landnámsfólks sem fór fyrir eigin leiðangri til Íslands og sú eina sem Landnámabók segir að hafi verið kristinnar trúar.

„Þegar ég skrifaði skáldsöguna um Auði kynnti ég mér vel hverslags kristni það hafði verið sem hún komst í kynni við á Bretlandseyjum og þar kom í ljós að höfuðdýrlingur íbúanna var heilagur Kólumkilli. Á eyjunni Iona var svo klaustur og í sögunni sendi ég munk þaðan í kristniboðsferð,“ segir Vilborg um kristnitöku Auðar sem í Landnámu segir að hafi haldið bænahald á Krosshólum þar sem stendur mikill steinkross til minningar um hana.

„Dagur Heilags Kólumkilla er 9. júní en þá fermdu Dalamenn börnin sín. Því ákváðum við að hafa helgigönguna 19. júní þegar liðin eru 95 ár frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt og nýliðinn messudagur heilags Kólumkilla. Skammt undan eru svo sólstöður sem gegndu stóru hlutverki í siðvenjum og trú Kelta,“ segir Vilborg.

„Hver veit hvaðan hugmyndir koma? Stundum held ég að Auður hafi stungið því að mér að skrifa sögu sína því hugmyndir koma eins og kríur úr loftinu og hjóla í mann. Maður verður bara að grípa áður en þær sleppa á ný,“ segir Vilborg sem hóf vinnu við bókina um Auði þegar hún bjó á Skotlandi og var komin í mitt söguviðið.

„Íslendingasögurnar eru heilagar og maður tekur ekki fullmótaða persónu úr sögunum til að reyna að segja betur frá. En manni er óhætt að taka manneskju sem við öll könnumst við en vitum lítið sem ekkert um því það sem sagt er um Auði djúpúðgu í Landnámu og Laxdælu kemst fyrir á tíu blaðsíðum,“ segir Vilborg sem gangast þarf við hlutverki skapara Auðar djúpúðgu eftir söguskrifin.

„Kannski eru ekki allir ánægðir með mínar úrlausnir, en svo margt í sögu Auðar er vafa undirorpið og ég varð að velja hvaða leiðir hún fór. Í göngunni geng ég í fyrsta sinn í fótspor Auðar í Dölum því við vitum að hún bjó í Hvammi, þar sem standa Auðartóftir, og hafði bænahald undir krossi á Krosshólaborg, sem er afar keltneskt því á þeim tímum þurfti ekki kirkju heldur var kross fundarstaður Guðs og manns,“ segir Vilborg sem er byrjuð á næstu bók um Auði djúpúðgu.

„Gangan verður mögnuð. Sá hluti sögunnar sem ég hef skrifað gerist allur á Írlandi og Bretlandseyjum, en nú þarf ég að koma Auði til Íslands. Því þarf ég að kynna mér hverja þúfu í Dölunum um leið og ég skoða sögusviðið þar sem næsta bók hefst, á vesturströnd Skotlands í sumar.“

Bílastæði eru við Krosshólaborg og göngufólki ráðlagt að safnast þar saman. Rúta fer að Auðartóftum klukkan 14 og þaðan gengið að Hvammskirkju. Gangan er í allt þrír kílómetrar. Göngufólki er boðið í kirkjukaffi á eftir undir Krosshólaborg.

thordis@frettabladid.is

**AFMÆLI**



**HRAFN GUNNLAUGSSON** leikstjóri er 62 ára.



**ANDRÉS SIGURVINSSON,** leikari og leikstjóri, er 61 árs.



**PÁLL MAGNÚSSON** útvarpsstjóri er 56 ára.



**HELGA ARNARDÓTTIR** fréttakona er 31 árs.

**SAUMAVÉL** er algjört þarfaþing fyrir laghent tískugúrú. Það er svo gott að geta breytt og bætt í samræmi við nýjustu strauma og frábært að geta bara saumað draumaflíkina sjálfur ef hún er hvergi fáanleg.





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is
Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Eirberg
Verkir í hásin?
Vandaðar stuðningshlífar til meðferðar á hásinabólgu
Fjölbreytt úrval
BAUERFEIND
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

40% afsláttur af öllum skóm
25% afsláttur af öðrum vörum
Frá fimmtudag til laugadags
Katvig, Snoozy, Van´s og margt fleira
Opið 17. júní til kl. 18.00
Verið Velkomin
Laugavegur 25 • Sími 533-5500
Opið Mán-Fös frá 11.00 - 18.00 Lau frá 10.00 - 16.00
Í grænni lautu



Eiríkur, sem er einlægur stuðningsmaður Spánverja, er hér í treyju liðsins frá HM 1982 og með Tango-bolta eins og notaðir voru á sama móti. Hluti treyjusafnins sést í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Zico-treyjan í uppáhaldi

**Eiríkur Gunnsteinsson lögfræðingur hefur safnað fótboltatreyjum af öllum stærðum og gerðum frá því hann var ungur drengur. Hann pantar treyjurnar aðallega af Netinu en notar þær sjaldan dagsdaglega.**

„Ég hef nú ekki mikið verið að flíka þessari áráttu minni enda held ég að fólk telji mig almennt geðveikan að standa í þessu. En ég er ekki einn,“ segir Eiríkur Gunnsteinsson lögfræðingur sem er forfallinn fótboltatreyjusafnari og hefur verið í mörg ár.

Eins og gefur að skilja er hátíð í bæ hjá Eiríki þessa dagana vegna HM í Suður-Afríku. Hann styður Spánverja þar með ráðum og dáð eins og félagsliðið Real Madrid, enda bjó hann um hríð og lærði í borginni.

Aðspurður segist hann hafa eignast fyrstu fótboltatreyjuna sína í upphafi níunda áratugarins. Treyjan sú var eftirlíking af búningi Manchester United sem Henson framleiddi. Í kjölfarið fylgdi treyja Stuttgart frá 1984, eins og Ásgeir Sigurvinsson lék í. Söfnunaráráttan hófst fyrir alvöru þegar Eiríkur var í London sumarið 1986 og rak nefið inn í verslunina Soccer Scene. „Þar komst ég fyrst í alvöru treyjur héðan og þaðan. Ég fékk landsliðstreyjur Frakklands og Englands og eftir það varð ekki aftur snúið,“ segir Eiríkur, en í treyjusafni hans eru nú yfir fimmtíu búningar víðs vegar að úr heiminum. „Margar af gömlu treyjunum mínum gaf ég fyrir mörgum árum í söfnun til Afríku og stuðlaði þannig að uppgangi knattspyrnunnar í þeirri heimsálfu, eins og er að koma í ljós núna,“ segir Eiríkur og hlær.

Hann segist aðallega festa kaup á fótboltatreyjum á Netinu, en sjaldnast klæðast þeim nema þegar hann spilar knattspyrnu á veturna. Spurður um eftirlætistreyjurnar í safninu nefnir Eiríkur Real Madrid-treyju frá 1986 sem Rafael Gordillo lék í, treyju brasilíska félagsliðsins Flamengo sem goðsögnin Zico klæddist í leik og ÍK-treyju frá miðjum níunda áratugnum með auglýsingu frá Sapur-teppahreinsi, en Eiríkur fékk einmitt Henson til að endurhanna svipaða treyju fyrir nokkrum árum og seldist sú í 140 eintökum til gallharðra stuðningsmann ÍK. „Svo eru fleiri treyjur sem mér þykir vænt um, eins og landsliðstreyja Tíbets sem danskur námsmaður fékk það hlutverk að hanna fyrir Hummell-fyrirtækið og tókst afbragðsvel upp,“ segir Eiríkur. *kjartan@frettabladid.is*

SUMAR ÚTSALA
Svefn & heilsa
Gerið gæða- og verðsamanburð
6 mánaða vaxtalausar greiðslur
www.svefn.is
20-50% AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.
Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur
SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900
IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Queen rúm nú aðeins kr. 179.900
VALHÖLL/FREYJA
Ný sending
Góð rúm á frábæru verði
Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900



**GERSEMI.IS** er vefsíða þar sem hægt er að kaupa alls konar perlur, steina, skeljar og fleira til skartgripagerðar. Ef keypt er fyrir meira en fimm þúsund krónur er heimsendingin ókeypis.


Veldu gæði og gott verð - Njóttu sumarsins
pompea
Útsölustaðir: Apótekin, Fjarðarkaup, verslanir

Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is
Sérverslun með
Gabor
xena
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

TRIND
Avallt No 1
Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar
Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-
NÝTT
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ






Búsáhöldin geta svo sannarlega lífgað upp á flíkurnar eins og sjá má á pilsinu og kápunni sem skreytt eru með þeytipískum. NORDICPHOTOS/AFP

# *Búsáhaldabylting á tískupöllunum*

**Sinn er siðurinn í hverju landi og á meðan Íslendingar hafa notað sín búsáhöld til að berja þeim saman til að búa til sem mestan hávaða til að undirstrika kröfur sínar, nota Japanar þau til að skreyta sig með.**

Á tískusýningu sem haldin var í Tókýó í Japan á dögunum á vegum þýska búsáhaldaframleiðandans Fissler sýndu hönnuðurinn Kamishima Chinami og tískumerkið Gut's Dynamite Cabarets ansi nýstárlegar flíkur. Módelin sem svifu um tískupallanna voru klædd í föt skreytt hinum ýmsu búsáhöldum.
Meðal þess sem berja mátti augum voru kjólar, kápur og pils skreytt pottum, sigtum, þeyturum og göfflum.

*emilia@frettabladid.is*





## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Kreppusumar og frí fyrir suma

Þegar sólin skín sem hæst og júlí nálgast með sumarfríum landsmanna er einkennileg stemning hér í París. Tískuhúsin eru sem óðast að setja vetrartískuna í útstillingargluggana og nýjar vörur eru nú víða til sölu enda áhugaverðasti varningurinn hjá fínu merkjunum löngu uppseldur í algengustu stærðum. Við þær óheppnu konur sem enn eru að undirbúa brúðkaup er helst hægt að mæla með því að fresta öllu fram á næsta ár. Innkaupin hafa einnig verið gerð af varkárni og því úr minna magni að spila. Í venjulegum búðum eru hins vegar hásumarútstillingar, sandur, sólgleraugu og **léttur klæðnaður** til sýnis. Á sama tíma nálgast útsölur sem hefjast að þessu sinni 30. júní sem er óvenju seint en það skýrist af því að sumarútsölur hefjast alltaf síðasta miðvikudag mánaðarins sem að þessu sinni er síðasti dagur hans. Víða sjást hins vegar tilboð og afslættir sem fylgja í kjölfar einkaútsalanna sem flest þekktari merki hafa boðið viðskiptavinum sínum upp á undanfarið. Þetta skýrist af tvennu, útsölurnar hefjast seint en einnig eru erfiðir tímar í verslunarrekstri þar sem árið 2010 hefur ekki verið ár efnahagsbata eins og vonast hafði verið til heldur hefur ástandið aðeins versnað. Lækkun evrunnar og Grikklandsfárið sem og almennir efnahagserfiðleikar í Evrópusambandslöndunum hræða sömuleiðis almenning frá því að eyða í óþarfa hvort sem hann hefur efni á því eða ekki. Atvinnuleysi er hér farið yfir tíu prósent þó að bankarnir hafi ekki farið í þrot. Þessir erfiðleikar skapa því eins konar vítahring sem ekki sér fyrir endann á í bili. Kaupmenn eru því í klemmu: hvernig á að selja almenningi sumarvarninginn áður en sumarleyfi hefjast og helst án þess að lækka verðið niður í útsöluverð til þess að einhver hagnaður verði þó á sölunni? Hjá Gap eru boðnir þrír bolir ef tveir eru keyptir. Aðrir bjóða afslátt á völdum vörum. Enn aðrir á öllum vörum verslananna og svo eru það stóru magasínin á Hausmann-búlvarði og víðar sem bjóða afslátt með vildarkortum sínum. Viðskiptavinirnir á móti hugsa: hvernig er hægt að kaupa allt það sem vantar til að vera vel til fara í **fríinu** án þess að eyða allt of miklu. Greinilegt að ekki er allt eins og á að vera og að þessi tvö markmið, kaupmanna og viðskiptavina, geta ekki farið algjörlega saman.

Sumum finnst ekkert vandamál að bíða eftir útsölunum í enda júní. Margir fara einfaldlega ekki burt í fríinu þar sem ekki er úr neinu aukafé að spila og því skiptir sumartískan þá afskaplega litlu máli. Þeir geta þá huggað sig við að hafa nógan tíma til að bíða eftir útsölulokum þegar margt verður að finna á hlægilegu verði.

*bergb75@free.fr*

# Húðdropar seljast vel

HÚÐDROPAR FRÁ SIF COSMETICS SEM KOMU Á MARKAÐ FYRIR TÆPUM FJÓRUM VIKUM HAFA FENGIÐ GÓÐAR VIÐTÖKUR HJÁ ÍSLENSKUM NEYTENDUM.

Sif Cosmetics, dótturfélag ORF líftækni, setti á markað nýja húðdropa fyrir um mánuði síðan og hafa viðtökurnar að sögn aðstandenda fyrirtækisins farið fram úr björtustu vonum. „Yfir fimm þúsund flöskur af dropunum hafa selst á tæpum fjórum vikum sem mér skilst að svari til meira en fimm prósenta kvenna yfir þrjátíu ára aldri á Íslandi,“ segir Björn Örvar, framkvæmdastjóri Sif Cosmetics.

Droparnir, sem heita EGF BIO-effect, innihalda EGF-frumuvaka, sem eru framleiddir í byggi af ORF líftækni, og eiga að hvetja til náttúrulegrar endurnýjunar húðfrumna og sporna við öldrun húðarinnar. „Viðbrögðin frá fólki hafa verið afar góð og er mikið um að það hringi inn og lýsi ánægju sinni með dropana. Því finnst húðin vera betri og frísklegri auk þess sem margir tala um að þeir séu græðandi og virki vel á hina ýmsu húðkvilla. Þá virðist fólki líka hversu náttúrulegir þeir eru og að þeir skuli vera án allra lyktar-, ilm- og rotvarnarefna,“ segir Björn og bendir á að droparnir séu allt eins fyrir yngri konur og karlmenn.

Útsölustöðum dropanna fjölgar stöðugt auk þess sem aukin sókn á erlenda markaði er í undirbúningi. Droparnir eru þegar til sölu í Danmörku og á Ítalíu. Nánari upplýsingar er að finna á www.sifcosmetics.is. *- ve*



Droparnir eru sagðir sporna við öldrun húðarinnar. MYND/SIF COSMETICS

# Komin í fyrra form

**Launahæsta fyrirsæta heims er komin aftur á sýningarpallana eftir barnsburðarleyfi.**



Ofurfyrirsætan Gisele Bundchen er komin aftur til starfa eftir sex mánaða barnsburðarleyfi og tók upp þráðinn með því að kynna vor -og sumarlínu brasilíska tískuvöruframleiðandans Colcci á tískuvikunni í Sao Paulo á dögunum. Gisele eignaðist son í desember á síðasta ári og hefur augljóslega ekki átt í nokkrum vandræðum með að koma sér í fyrra form. Það er heldur ekki lítið í húfi enda Gisele launahæsta fyrirsæta heims.

Hún var þó ekki ein um að spóka sig á pöllunum því þar mátti sjá Paris Hilton bregða fyrir í fötum frá Titon og Evu Herzigovu sem sýndi fyrir Adriönu Degreas. *- ve*

Gisele tók upp þráðinn með því að sýna vor- og sumarlínu Colcci á tískuvikunni í Sao Paulo. NORDICPHOTOS/GETTY




Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS




Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504

SUMARTILBOÐ
20% AFSLÁTTUR
af völdum stöndum



BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • s: 551 44




HEILSUSKÓR



St. 35-44

Verð 9.450.-



Fyrsta flokks innlegg

www.gabor.is

Sérverslun með Gabor XENA

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060

Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16



;ALLT

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447


HELGIN Laugardaga

# 17. júní

FIMMTUDAGUR 17. JÚNÍ 2010

## Óhefðbundin dagskrá

**Þjóðhátíðardeginum fagnað á annan hátt.** SÍÐA 3



## Í það heilaga

**Jónína Kristinsdóttir og Jóhann Valdimarsson gifta sig í dag.** SÍÐA 2






FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


# ENSKA ÁN ERFIÐIS - SUMARNÁMSKEIÐ

Tungumálanámskeið í fjarnámi, þar sem nemandinn fær vandað námsefni, geisladiska, vinnubók og leiðbeiningar. Áheyrsla á talþjálfun og hlustun. Nemandinn hefur jafnframt aðgang að kennara og námsráðgjafa, símleiðis.

Námsráðgjöf frá 10-22 alla daga, LÍKA UM HELGAR

Frábær leið til þess að læra ensku
þegar þér hentar, hvar sem þú ert
Heima, í sumarbústaðnum eða í bílnum




** Mörg stéttarfélög og fræðslusjóðir styrkja námskeiðið*

**Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799**

Tungumál.is



**● HÁTÍÐ Á VESTFJÖRÐUM** Hátíðardagskrá verður bæði á Ísafirði og Hrafnseyri í dag. Guðsþjónusta hefst í Ísafjarðarkirkju kl. 11 en á sama tíma verður víðavangshlaup ræst bæði á Suðureyri og Þingeyri. Skrúðganga fer frá Silfurtorgi klukkan 13.45 með lúðrasveit og fánaborg skáta í fararbroddi en hefðbundin dagskrá hefst á Eyrartúni klukkan 14. Hátíðarræðuna flytur Sigurður Pétursson sagnfræðingur. Sunnukórinn syngur og fjallkonan stígur á stokk. Að því loknu verður boðið upp á skemmtidagskrá fyrir börn og fullorðna.

Á Hrafnseyri verður háskólahátíð með útskrift meistaranema frá Háskólasetri Vestfjarða klukkan 12 og guðsþjónusta klukkan 14. Að henni lokinni verður hátíðardagskrá þar sem Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarráðherra flytur ræðu dagsins. Klukkan 21 hefjast rokktónleikar á Silfurtorgi á Ísafirði og á Þingeyri fer söngvarakeppni Höfrungs fram.



**● BARNASKEMMTUN** Barna- og hátíðardagskrá hefst í Tjarnargarðinum á Egilsstöðum klukkan 11 í dag en þar verður boðið upp á söngatriði, leikrit, andlitsmálningu, sverðasmiðju, legófjör og ýmislegt fleira fram eftir degi. Skátamessa hefst í Egilsstaðakirkju klukkan 13.30 en hálftíma síðar verður efnt til skrúðgöngu frá kirkjunni að Tjarnargarðinum þar sem vegleg hátíðardagskrá fer fram.

Klukkan 15.30 verður formleg opnun á Ljóðabænum Egilsstöðum í Minjasafni Austurlands og á ljóðaverkefni til heiðurs Hákoni Aðalsteinssyni. Klukkutíma síðar verður listasýningin 4KONUR opnuð í Sláturhúsinu og klukkan 17 opnar málverkasýning Myndlistarfélags Fljótsdalshéraðs í flugstöðinni á Egilsstöðum.




central

Full búð af nýjum og flottum sumarvörum

Erum á Facebook undir Central Rvk

central

Ármúli 42 (áður Hótel Selfossi) / Sími 481 2200



Veiðikortið 2010

Veiddu í 32 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins

6.000 kr.

Vegleg handbók fylgir hverju seldu korti




Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

Fæst hjá N1, veiðibúðum, www.veidikortid.is og víðar!
Frí heimsending þegar keypt er á www.veidikortid.is




17. júní 2001. Þórunn Lárusdóttir í hlutverki fjallkonunnar á Austurvelli, íklædd skautbúningi í eigu borgarinnar.



17. júní 1962. Fjallkonan Kristbjörg Kjeld í Alþingisgarðinum.

# Gagntekin þjóðarstolti

**Fjallkonan er tákn Íslands. Frá lýðveldisstofnun 1944 hefur leikkona komið fram í gervi Fjallkonunnar í Reykjavík og flutt ljóð við hátíðahöld 17. júní.**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikkonurnar og fyrrum Fjallkonurnar Þórunn Lárusdóttir og Kristbjörg Kjeld á Austurvelli, þar sem minningar fyrri þjóðhátíðardaga drjúpa af hverjum stokk og steini.

„Maður fann svolítið fyrir því að vera Íslendingur í sporum Fjallkonunnar og það var mjög sterkt í huga manns að vera íslensk, sem og íslenska þjóðin, stolt hennar og vegferð. Ég upplifði mig í miklu ábyrgðarhlutverki og man að ég reyndi að brosa sem minnst á svo hátíðlegri stund,“ segir leikkonan Kristbjörg Kjeld sem valin var Fjallkonan árin 1962 og 1971.

Undir orð Kristbjargar tekur leikkonan Þórunn Lárusdóttir sem var Fjallkonan 2001.

„Maður fylltist jákvæðri þjóðerniskennd og fann fyrir upphefð að vera í hlutverk Fjallkonunnar. Það er álitinn mikill heiður og mér leið sérstaklega vel með það nýkomin heim úr námi,“ segir Þórunn. Móðir hennar Sigríður Þorvaldsdóttir leikkona var Fjallkona 1967.

„Báðar fórum við mamma með fjallkonuljóð eftir Matthías Johannessen, en mitt var sérstaklega samið fyrir daginn. Mér þykir óskaplega vænt um ljóðið og finnst það standa upp úr í minningu dagsins,“ segir Þórunn.

Fjallkonuljóð Kristbjargar 1962 var Nú strýk ég gullnum boga eftir Jóhannes úr Kötlum og Land míns föður eftir sama skáld árið 1971.

„Í fyrra skiptið flutti ég fjallkonuljóðið af svölum Alþingishússins en í seinna skiptið hafði athöfnin verið færð á Austurvöll. Það er ógleymanlegt að standa á svölunum og horfa yfir mannhafið,“ segir Kristbjörg og Þórunn minnist þess að hafa flutt ljóð sitt fyrir framan landsfeðurna á Austurvelli.

„Það tók ekkert á taugarnar því þetta fólk kemur gjarnan í leikhúsið. Mér fannst bara falleg hefðin að Fjallkonan flytji ljóð því það hæfir vel bókmenntaþjóð,“ segir hún.

„Ég var gagntekin þjóðernistilfinningu, en átti ekki í vanda með að flytja ljóðin þótt ég hafi átt tregt um tungu. Í seinna skiptið varð þó löng þögn hjá mér svo hljómsveitin kom of snemma inn í, en ég stóð það af mér og kláraði mitt. Það var ekkert mál, þótt stundin væri hátíðleg,“ segir Kristbjörg og hlær. *-þlg*

# Brúðkaupið ákveðið með þriggja daga fyrirvara

Hjónaleysin Jónína Guðrún Kristinsdóttir kennari og Jóhann Valdimarsson rafeindavirki áttuðu sig á því á sunnudaginn var að þau ættu tuttugu ára trúlofunarafmæli í dag og tóku ákvörðun um það daginn eftir að láta pússa sig saman á trúlofunarafmælinu. „Við byrjuðum saman 17. júní fyrir tuttugu og einu ári og trúlofuðum okkur ári síðar. Það hefur svo alltaf staðið til að efna heitin en einhverra hluta vegna hefur ekki orðið af því fyrr en nú,“ segir Jónína.

Þau Jónína og Jóhann eiga þrjú börn sem hafa reglulega rukkað þau um brúðkaup. Þau tóku fréttunum því afar vel. „Sú yngsta er sex ára og ég held að hún hefði varla þolað meiri fyrirvara. Hún er alveg á hjólum,“ segir Jónína og hlær. Jónína segir lítið tilstand í kringum brúðkaupið og einungis foreldrum og systkinum brúðhjónanna er boðið. „Ég ætla að vera í upphlutnum sem ég fermdist í en ég fór þó með jakkafötin hans Jóhanns í hreinsun. Sú stutta fær hins vegar að vera brúðarmey í prinsessukjól. Allir fá því að hafa þetta eins og þeir vilja enda mottóið ekkert vesen.“

Athöfnin verður látlaus en Jón Dalbú, sóknarprestur í Hallgrímskirkju, gefur brúðhjónin saman. Vígslan fer hins vegar fram í Háteigskirkju enda búa brúðhjónin í Háteigssókn. „Að athöfninni lokinni strollum við svo heim og sláum upp léttri veislu.“ *-ve*



Þau Jónína og Jóhann hafa verið trúlofuð í tuttugu ár en hafa nú loksins ákveðið að láta gefa sig saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þjóðbúningar og þjóðdansar verða í aðalhlutverki á Árbæjarsafni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rétt utan við hringiðuna

**Gamla góða skrúðgangan, leiktæki í Hljómskálagarði, útitónleikar, blaðra og ís standa alltaf fyrir sínu á þjóðhátíðardaginn. Fyrir þá sem vilja eitthvað aðeins óhefðbundnara er úr ýmsum skemmtilegum viðburðum að velja.**





Aðgangur er ókeypis að Þjóðminjasafninu 17. júní.



Viðey er góður kostur fyrir þá sem vilja komast aðeins út úr mannmergðinni 17. júní.

17. júní er góður dagur til að fara á Þjóðminjasafnið því í ár, eins og undanfarin ár, er ókeypis inn á safnið á þjóðhátíðardaginn. Safngestir geta bæði gengið um safnið á eigin vegum eða slegist í fylgd með leiðsögumanni klukkan 14 þegar farið er yfir grunnsýningu safnsins, Þjóð verður til.

Nokkrum skrefum lengra, í Norræna húsinu, opnar sýningin Lykkjur: Norræn prjónalist. Sýningin, sem er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, samanstendur af alþjóðlegum prjóna- og hekllistaverkum þannig að úr verður litríkur og ævintýralegur heimur.

Þeim sem vilja fara í siglingu á þjóðhátíðardaginn, en vilja ekki fara langt frá borginni, er bent á siglingu út í Viðey en lagt er af stað frá Skarfabakka klukkan 11.15. Gengið er með leiðsögumanni um eyjuna þar sem farið er yfir sögu Viðeyjar og er göngunni skipt í tvo hluta og léttur málsverður er snæddur í millitíðinni.

Loks má geta þess að ótrúlega gaman og þjóðlegt getur verið að henda sér af stað upp í Árbæ en fjölbreytta hátíðardagskrá er jafnan að finna á Árbæjarsafni 17. júní. Þar ber mikið á þjóðbúningum og þjóðdönsum auk þess sem Fornbílaklúbburinn leggur af stað frá safninu fyrir hádegi. Þeir sem ekki búa í hverfinu geta nýtt sér strætisvagnaferðir þennan dag en leið 19 stoppar við Streng og vagnar númer 12 og 24 stoppa við Höfðabakkann. Ekki er heldur langt að ganga frá Ártúni. *- jma*

# Muse og Mika poppa upp gönguna

„Mika, Muse, Páll Óskar og Beyoncé Knowles eru tónlistarmenn sem við ætlum meðal annars að flytja tónlist eftir í dag,“ segir Eggert Jónasson, formaður Lúðrasveitar verkalýðsins, sem fær í ár það hlutskipti að leika undir í skrúðgöngunni frá Hlemmi að Arnarhóli í tilefni af þjóðhátíðardeginum.

Lúðrasveitin bregður allrækilega út af vana með því að taka þekkta poppsmelli í skrúðgöngunni, þar sem íslensk ættjarðarlög hafa hingað til leikið stórt hlutverk. „Tilgangurinn er að koma fólki skemmtilega á óvart og lífga svolítið upp á dagskrána,“ segir Eggert en tekur fram að ættjarðarlögin verði þó líka á sínum stað.

Skrúðgangan leggur af stað frá Hlemmi í dag klukkan 13.40 og lýkur ferð sinni í Hljómskálagarðinum þar sem annar óvæntur glaðningur bíður göngufólks. „Já, við ætlum að slást í hóp með Götuleikhúsinu sem verður þarna með rosalegt leikatriði.



Eggert Jónasson og Steinunn Knútsdóttir, leikstjóri hjá Götuleikhússinu, lofa miklu fjöri í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mér skilst að þetta sé sextíu manna hópur og við erum 45, þannig að þetta er mjög stórt atriði enda hafa æfingar fyrir það og gönguna staðið í allan júní,“ segir Eggert og lofar góðri skemmtun. *- rve*

www.frettabladid.is | 512 5000

# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ALLA

## Enn betra aðgengi að Fréttablaðinu

Breytingar voru gerðar á frídreifingu og lausasölu Fréttablaðsins 1. júní. Blaðinu er áfram dreift ókeypis í lúgur og Fréttablaðskassa kjarnadreifingarsvæði* okkar. Nýbreytnin felst í að frídreifingu í verslunum og á bensínstöðvum á kjarnadreifingarsvæði verður hætt, en blaðið í staðinn selt í lausasölu um land allt samhliða fyrrgreindri frídreifingu heim eða í hverfi. Lausasölustöðum verður fjölgað til muna auk þess sem fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður nærri þrefaldaður, úr 60 í um 170. Nánari upplýsingar um dreifingu Fréttablaðsins má nálgast á **visir.is/dreifing**.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




## Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum, Hellu
Árborg, Árnesi
Bjarnabúð, Reykholti, Bláskógabyggð
Ferðaþjónustan Úthlíð
Glóðarsel, Laugarvatni
Þrastalundur, Grímsnesi
Bónus, Hveragerði
N1, Hveragerði
Bónus, Selfossi
Minni Borg, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
N1 verslun, Selfossi
Olís, Selfossi
Ferðaþjónustan Úthlíð, Selfossi
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum




**Allt sem þú þarft...**

*Kjarnadreifingarsvæði Fréttablaðsins er höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Selfoss, Borgarnes, Akranes, Reykjanesbær, Þorlákshöfn, Keilir, Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.



**● HANDVERK OG HEITAR VÖFFLUR** Í Snæfellsbæ hefst dagskrá 17. júní hátíðahalda með Íþróttastuði fyrir krakkana í íþróttahúsi Snæfellsbæjar. Unglingadeildin Drekinn sér um að mála krakkana fyrir skrúðgöngu sem hefst klukkan 13.15 frá íþróttahúsinu. Á Þorgrímspalli fer fram ávarp Fjallkonunnar, söngur og töfrabrögð, pokahlaup og reiptog svo eitthvað sé nefnt. Hægt verður að skreppa á hestbak við Sjávarsafnið á Norðurtanga og í Pakkhúsinu verður handverk til sölu ásamt kaffi og vöfflum.



**● KARAMELLUREGN** Fánar verða dregnir að húni klukkan 8 í dag í Grindavíkurbæ. Hátíðardagskrá hefst svo með guðsþjónustu í Grindavíkurkirkju klukkan 10.00. Karamellum mun rigna yfir bæjarbúa á Landsbankatúninu klukkan 14 og eftir það hefst skrúðganga að Grunnskóla Grindavíkur þar sem fjölbreytt skemmtidagskrá fer fram. Gosi kemur í heimsókn og Ingó töframaður, UMFG sýnir fimleika og á svæðinu verða leiktæki fyrir krakka, andlitsmálning og hægt að fara á hestbak. Slysavarnadeild Grindavíkur stendur svo fyrir söguratleik þar sem veglegir vinningar verða í boði.



**● SPRELLAÐ Í ANDA LIÐINNA TÍMA** Hefðbundin hátíðahöld á Flúðum í tilefni dagsins hefjast með skrúðgöngu. Gangan leggur af stað klukkan 13.30 frá íþróttahúsinu og er áætlað að henni ljúki klukkan 14. Þá hefst dagskrá í íþróttahúsinu, sprellað verður í anda liðinna tíma í sundlauginni og kassabílarallíið og 17. júníhlaupið verða á sínum stað.

# Líf og fjör á Akureyri

Hátíðahöldin á Akureyri hefjast í Lystigarðinum klukkan 13 í dag á fánahyllingu og hátíðarávarpi Geirs Kristins Aðalsteinssonar, oddvita L-listans. Einnig flytur Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni við Glerárkirkju, bænagjörð og blessun og kór Glerárkirkju syngur.

Skrúðgangan leggur svo af stað klukkan 13.30 áleiðis niður í bæ þar sem Skátafélagið Klakkur hefur komið upp skátatívolíi, hægt verður að grípa í hjólabíla og hoppukastalar verða á staðnum. Dagskráin í miðbænum stendur frá klukkan 14 til 17. Lúðrasveit Akureyrar og Karlakór Akureyrar-Geysir koma fram og Leikhópurinn Lotta sýnir atriðið úr Hans klaufa. Marimbasveit Giljaskóla og Hvanndalsbræður stíga einnig á svið og Dýrin í Hálsaskógi bregða á leik.

Klukkan 21 hefst dagskráin aftur eftir hlé og munu þá stíga á svið hljómsveitin Buff, akureyrska hljómsveitin Sjálfsprottin spévísi, söngvarinn Geir Ólafsson, Hvanndalsbræður og Leikhópurinn Lotta. Á miðnætti marsera svo nýstúdentar frá Menntaskólanum á Akureyri í gegnum miðbæinn.

*- rat*



**Leikhópurinn Lotta bregður á leik á Ráðhústorginu í dag.**

Hæ hó og jibbí jei

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 46628 170609

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

---

**RAFTÆKNIRINN**
RÁÐAGÓÐI

**FÁÐU FRÍTT SJÓNVARPSEFNI!**
Gerfihnattadiskar með FTA (free to air) móttakara frá 29.990.- Gerum tilboð í uppsetningar.
Upplýsingar í síma 8964464 Davíð Logi Dungal

---

**Bílaþjónusta Bjarka ehf**
alhliða smáviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540 / 697 4540
viðarhöfði 2 110 reykjavík sími 445 4540/697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

---

**Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn**
Vagnhöfða 7, kjallara • 110 RVK • S. 445 5562 • Gsm 615 2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

---

**BOMAG**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

---

**IVECO**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

---

**SMURSTÖÐIN EHF.**
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

---



**FERÐABOXIN FRÁ HAPRO**
Úrval af glæsilegum ferðaboxum frá HAPRO. Algjörlega ómissandi fyrir sumarfríið. Frábært verð.
Bílabjörgun
Óseyri 5 - 603 Akureyri - Sími: 842 5700 - 462 4222 -www.bilabjorgun.is

---

**BRA**
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

---

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

**BROTAFL**
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

---

**CARGO** sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

---

**Gröfu- og vörubílaþjónusta**
Allar stærðir af gröfum, er með fleyg.
Útvegum allt fyllingarefni og mold.
• Hellulagnir • Jöfnun lóðir
• Hleðsluveggir • Jarðvegsskipti
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
Uppl. S. 892 2257

---

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

---

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

---

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR | HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR | RAFGEYMAÞJÓNUSTA
SPINDILKÚLUR | OLÍS SMURSTÖÐ
ALLAR PERUR | BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

---



Microforce er minnsta endurhlaðanlega rakvélin á markaðnum fyrir herra
Ein hleðsla dugar í um 4-5 daga
100% vatnsheld
9000 snúningar á mínútu
Toppvél fyrir alla karlmenn
www.snot.is
Sími: 897 2902

---



**Plastmódel í miklu úrvali.**
TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími: 5870600 • www.tomstundahusid.is

---



**Glæsilegu undirfötin frá Lauma komin. Frábær verð**
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

---

# Þjónustuauglýsingar

**Alla fimmtudaga**

sigrunh@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

## Tilboð

OPNUNARTILBOÐ
Italiano
Pizzeria
Miðstærð af pizzu og gos, önnur pizza fylgir frítt með.
2 fyrir 1 í sal
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345

## Tilkynningar

### Tilkynning um ósóttar höfundagreiðslur til Myndstefs

Vakin er athygli myndhöfunda á því að í vörslu Myndstefs eru greiðslur sem ekki hefur reynst unnt að koma til viðkomandi höfunda. Á heimasíðu samtakanna: **www.myndstef.is** er listi yfir þessa höfunda. Því er beint til hlutaðeigandi myndhöfunda eða erfingja þeirra að þeir hafi samband við skrifstofu Myndstefs sem fyrst og eigi síðar en **5. ágúst nk.**

Stjórn Myndstefs

### Verkefnastyrkir og ferða- og menntunarstyrkir Myndstefs 2010

Myndstef auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki og ferða- og menntunarstyrki á vegum samtakanna. **Rétt til þess að sækja um styrki Myndstefs hafa allir myndhöfundar.**

Sérstök umsóknareyðublöð eru á vef samtakanna www.myndstef.is og þar eru einnig nánar skilgreind þau atriði sem þurfa að koma fram í umsókninni ásamt reglum um úthlutun styrkjanna. Umsóknarfrestur rennur út **20. ágúst 2010**. Umsóknir sem berast eftir þann tíma fá ekki afgreiðslu. Tekið skal fram að póststimpill gildir á innsendum umsóknum. Umsóknir skulu berast til skrifstofu Myndstefs, Hafnarstræti 16, p.o.box 1187, 121 Reykjavík fyrir ofangreindan tíma.

Vakin er athygli á að þeir sem sent hafa inn umsóknir um styrki fyrir birtingu þessarar auglýsingar verða að endurnýja þær umsóknir.

Allar nánari upplýsingar gefa Þórhildur Laufey Sigurðardóttir og Kristín Magnúsdóttir á opnunartíma skrifstofunnar. 10:00 – 14:00 alla virka daga.
Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið myndstef@myndstef.is

Vakin er athygli á því að Myndstef áskilur sér rétt til að birta á heimasíðu sinni texta og myndir um viðkomandi verkefni í samráði við höfund þess.

Stjórn Myndstefs

### Gjöf Jóns Sigurðssonar
#### - auglýst eftir umsóknum

Í reglum frá árinu 1881 um Gjöf Jóns Sigurðssonar er kveðið á um að fé úr sjóðnum megi veita „1. til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit, 2. til að styrkja útgáfur slíkra rita annars kostar og 3. til þess að styrkja útgáfur merkilegra heimildarrita." Enn fremur segir: „Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmenntum þess, lögum, stjórn eða framförum." Á árinu 1974 var bætt við ákvæði þess efnis „að þegar sérstök ástæða þyki til, megi verja fé til viðurkenninga á viðfangsefnum og störfum höfunda, sem hafa vísindarit í smíðum."

Umsækjendur um verðlaun úr sjóðnum skulu senda nefndinni þrjú eintök þeirra rita er þeir óska að tekin verði til álita. Miðað er við rit, gefin út eftir síðustu úthlutun úr sjóðnum. Æskilegt er að þeim fylgi umsögn viðurkenndra fræðimanna, sérfróðra um efnið.

Framangreind gögn skulu send forsætisráðuneytinu, Stjórnarráðshúsinu, 150 Reykjavík, merkt verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar, fyrir 1. september næstkomandi.

Reykjavík, 17. júní 2010
Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar

Sverrir Jakobsson
Hólmfríður Garðarsdóttir
Sturla Böðvarsson

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

Tungumálaforrit í miklu úrvali
Enska
Danska
Sænska
Portúgalska
Spænska
Franska
Norska
Þýska
Ítalska
Rússneska
Pólska
Tælenska
Íslenska
PÓLSKU
NORSKU
A4 Skrifstofa og skóli
Smáratorgi 1 + Kópavogi
Gleráreyrum + Akureyri + a4.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Lítið notað RB rúm til sölu. Stærð 120X2. Verð 25þús. Uppl. í S 821 6120

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



Sveitadvöl í Vatnsholti 20-25 Júní eða 27-02 Júlí fyrir krakka 6-13 ára. Uppl. S. 899 7748 Margrét.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

### 4 herbergja íbúð í Grafarvoginum.
Glæsileg nýleg 124 fm 4ja herb. íbúð í Gullengi Grafarvogi. Getur verið laus fljótlega. Verð 155 þús pr, mán. S. 663 5791

ROOM for/RENT w/FURNITURE IN 108 REYKJAVÍK AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 897 3611.

Nýstandsett 48fm íbúð til leigu að Súðarvogi 7 3ja hæð. Ekki með húsaleigubótum. Laus strax. Uppl. í s. 862 6679 & 824 3040.

Glæsileg 3-4 herb lúxusíbúð í Skuggahverfinu til leigu. Uppl: skuggaibud@gmail.com, 694 3113

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 861 2229.

Til leigu 3 herb. 70fm íbúð m/bílageymslu í lyftuhúsi í Hamraborg Kóp. Langtímaleiga. Uppl. í S. 615 4569

2-3 herb. íbúð í Vesturbæ til leigu frá 1. ágúst v.125þús á mán, adds16@yahoo.com 899 7578 Daníel

100fm íbúð í Seljahverfi (109) til leigu f 1. ágúst. 4 herb með bílskýli. Ca 140þús á mán. 863 4183.

Herbergi til leigu á Laugavegi 143, V.30 þ. og líka 45 þ. S. 895 2138.

3 herb. íbúð í 105 Rvk. laus 1 júlí. Leiga 110 þús. á mán. m. húsg. S: 858 8173.

3 herb. íbúð m. bílskýli í Seljahverfi til leigu. Mjög barnvænt hverfi og stutt í alla þjónustu. Laus 1. júlí. Áhugasamir hafi samband s. 868 6470

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íb. með 2 herb. Ekki í miðbæ RVK. Frá 1. júlí. Uppl. í S. 777 5187

### Helst 105,104 og 101
Hagfræðingur óskar eftir amk. 3 herb. íbúð, gjarnan með einhverjum húsg. Reykleysi, skilvísi og áreiðanleiki. Uppl. í s. 698 2727 eða netid@netid.is

## Sumarbústaðir



### Stórt sumarhús í Grímsnesi til leigu
Helgar/viku leiga. Gisting fyrir 6-10 manns, heitur pottur og sauna. Hús í sérflokki. Helgarleiga 85þús, 5 nætur (sun-fös) 95þús, vikuleiga 140þús Uppl. í s. 898 1598 sjá myndir: miklaborg.is undir Víðibrekka. Laus um helgina.



### Til sölu sumarhús í landi Búrfells Grímsnesi
60 fm, eignarlóð 5500 fm. Bein sala eða skipti á veðbandslausu hjólhýsi/Jeppa. Uppl. í s: 898 1598.

Til leigu glæsilegur sumarbústaður í Vaðlaborgum gegnt Akureyri.Gisting fyrir 8 manns.Uppl. í síma 869 6190 eða netfang disa@bogt.is

Sumarbústaður til leigu við Laugarvatn. Uppl. í s. 840 6260.

Til leigu sumarhús í Borgarbyggð, gisting fyrir allt að 10.manns, skjólgóður garður, heitur pottur,veiði. V. kr 30þ. vikan. Uppl hjá eignaland@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofu húsnæði til leigu að Súðarvogi 7 á fyrstu hæð. Er um 50fm skriftstofu/verslunarhúsnæði til leigu. Á annari hæð eru tvö 18fm skrifstofuherbergi í sameign með aðgang að fundarsal. Uppl. í S. 824 3040 & 862 6679

## Geymsluhúsnæði

### www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

### Gisting RVK - Staðsett við Kringluna
**2 herbergja íbúð fullbúin húsgögnum með svefnplássi fyir 2-4. Leigist 2 nætur í senn eða fleiri. Verð 15-18þús per. nótt. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188 eða limoutaxi@hotmail.com**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

Höfðabílar óskar eftir sölumanni. Uppl. gefur Bæring eða Högni á staðnum Fosshális 27, 110 hofdabilar@hofdabilar.is

PORTIÐ
CAFÉ & RESTAURANT

### Portið veitingahús
**Veitingahúsið Portið óskar eftir að ráða matreiðslumann og aðstoð í eldhús. Íslenskukunnátta skilyrði, Icelandic skills required. Áhugasamir sendi umsókn á portid@portid.is**

### Atvinna Meðeigandi
Framleiðsla á vörum fyrir ferðamenn, vantar hugmyndaríkan einstakling, gott tækifæri fyrir atvinnulausa uppl: 894 3151 Guðmundur

Nýr skemmtistaður óskar eftir fólki í allar stöður. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir með mynd sendist á steinisax@gmail.com

Veitingahús í HFJ ó.e fólki í hlutastarf í sal. Íslenska skilyrði. Uppl. í S. 822 5229

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**

**Opið þegar þér hentar.**

**908 1616.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

ER Á LANDINU NÚNA !!!!!!
SAMA NÚMER......
ÁSTARKVEÐJA, VIAGGA.

Símavinkonur Dömurnar á Rauða Torginu eru yndislegur og síbreytilegur hópur kvenna sem elska símadaður. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

Konu langar í góðan vin til að fara með í leikhús og kíkja í kaffi og svona. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8693.

### PurpleRabbit.eu
Íslenzk náttúra! Heit stefnumót, djörf samskipti, og sífellt flottari og fjölbreyttari myndir! Hefur þú heimsótt kanínuna...í dag?

visir.is
"...ég sá það á vísi"

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

FRÉTTABLAÐIÐ



# Íslenskir ljósmyndarar í úrslit

„Liðinu hefur gengið mjög vel, myndinarnar okkar hafa verið að skora rosalega hátt í hverri viku,“ segir Ragnheiður Hrönn Björnsdóttir um góðan árangur liðs tíu íslenskra áhugaljósmyndara í alþjóðlegu ljósmyndasamkeppninni DP League sem haldin er á vegum vefsíðunnar www.dpchallenge.com.

DP Challenge fór af stað með ljósmyndakeppnina þann 12. apríl síðastliðinn og í upphafi voru 48 lið um hituna. „Síðan þá hafa verið haldnar tvær þemategndar keppnir á viku þar sem öllum skráðum notendum vefsíðunnar gefst færi á að gefa hverri mynd stig. Samanlögð stig fimm efstu ljósmynda frá hverju liði telja. Við höfum bara verið að fá alveg fullt af stigum og erum nú komin í átta liða úrslit,“ segir Ragnheiður, sem sjálf á ljósmynd sem hefur lent í þriðja sæti af 328 í einni af keppnunum.

Spurð hvað sé í verðlaun, segir Ragnheiður það fyrst og fremst vera heiðurinn. „Svo vekur góður árangur auðvitað alltaf athygli og sem dæmi um það var liðstjórinn okkar Bragi J. Ingibergsson í kjölfar þátttöku í sams konar keppni valinn starfrænn ljósmyndari ársins 2009 af hinni virtu vefsíðu www.telegraph.co.uk. Það er frábær árangur.“

Örlög íslenska liðsins munu svo ráðast 12. júlí en þá verða úrslitin í keppninni kunngjörð eftir að kosningu á vefsíðunni lýkur.

- rve



**LONELY BIRTHDAY** Þessi ljósmynd eftir Ragnheiði skoraði hátt í keppninni.



**KAUPMANNAHÖFN** Frá CPH vision sýningunni árið 2007.

## Sex hönnuðir á CPH vision

Útflutningsráð Íslands hefur tekið á leigu gólfsvæði á fatahönnunarsýningunni CPH vision í Öxnehallen, sem fram fer dagana 12. til 14 ágúst næstkomandi í Kaupmannahöfn. Þetta kemur fram í tilkynningu frá ráðinu.

Sex hönnuðir verða valdir inn á sýninguna og mun Fatahönnunarfélag Íslands og Hönnunarmiðstöð koma að valinu ásamt Útflutningsráði. Áhugasamir eru beðnir um að senda inn umsókn til Berglindar Steindórsdóttur á netfangið berglind@utflutningsrad.is eða í síma 511 4000. Umsóknareyðublöð má finna á vefsíðunni icetrade.is.



**LOFORÐIÐ EFNT** Gróðursetningin hefst í Hjalladal klukkan 16. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Gróðursetja 500 jólatré

Gámaþjónustan hf. var með söluátakið Tré fyrir tré um síðustu jól, þar sem því var lofað að gróðursetja eitt jólatré fyrir hvert sem stöðin safnaði. Laugardaginn 19. júní er komið að því að efna loforðið og því verða fimm hundruð tré gróðursett í Heiðmörk í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Gróðursetningin stendur yfir frá klukkan 16 til 18 í Hjalladal, jólaskóginum í Heiðmörk, og eru allir boðnir hjartanlega velkomnir. Í dalnum er góð aðstaða fyrir börnin til leikja og pylsur verða grillaðar að verki loknu.




Til hamingju Ísland,
Jón Sigurðsson og Skjal ehf.

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní er merkilegur afmælisdagur. Lýðveldið Ísland er 66 ára í dag, Jón Sigurðsson forseti hefði orðið 199 ára og þýðingastofan Skjal er 10 ára.

Þýðingar, textagerð og prófarkalestur eru mál málanna hjá okkur og við erum þakklát öllum þeim frábæru viðskiptavinum og samstarfsaðilum sem hafa verið samferða okkur fyrsta áratuginn.

Þinn texti er okkar sérgrein:
· Almennar þýðingar og málfarsráðgjöf
· Tæknitextaskrif og hugbúnaðarþýðingar
· Viðskiptagögn og ársskýrslur
· Auglýsinga- og kynningarefni

Orkuveita Reykjavíkur · Marel · Landsvirkjun · Microsoft · Össur · RioTintoAlcan · 66° Norður

SKJAL ÞÝÐINGASTOFA

Austurstræti 17, 101 Reykjavík · Sími 530 7300 · Fax 530 7301 · Tölvupóstur skjal@skjal.is






# Kakó á brúsa og smurt

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Hæ hó jibbíjei og jibbíjei sönglar í höfðinu á mér í dag, þjóðhátíðardaginn. Fólk fer að tygja sig niður í bæ fljótlega, bregður sér í betri fötin og stingur niður regnhlífum til öryggis. Svo hefst hringsólið við að finna stæði, rosaleg mannmergð er þetta alltaf hreint.

**HÁTÍÐAHÖLDIN** þann 17. júní fóru fram í litlu skógarrjóðri í minni sveit. Þar söfnuðust sveitungarnir saman, grilluðu pylsur og léku leiki. Í minningunni var aldrei rigning þennan dag, frekar að þyrfti að berja frá sér mývargi í sólinni. Í minningunni hljóma hlátrasköllin og skvaldur fólksins í rjóðrinu, þar sem hver fjölskylda kom sér fyrir á köflóttu ullarteppi í kringum blettinn þar sem skemmtiatriðin fóru fram. Saftflöskur komu upp úr kæliboxum, smurt brauð kom upp úr kökudunkum, í mörgum lögum með smjörpappír á milli.



**ÉG** man eftir spenningnum yfir því að eiga að borða úti. Setjast flötum beinum á teppi meðan mamma tíndi upp úr nestistöskunni glerglösin, vafin inn í viskustykki og kakó eða djúsblöndu á brúsa. Stundum fengum við kókómjólk með röri að drekka, sem var rosa mikið sport. Eitthvert árið höfðu framtakssamir menn í ungmennafélagi sveitarinnar látið hlaða upp grilli í einu horni rjóðursins og eftir það voru grillaðar pylsur fastur hluti hátíðahaldanna og fylltu rjóðrið reyk og brunailmi.

**HÁTÍÐIN** var líka eitt tækifærið af ekki allt of mörgum sem við krakkarnir í sveitinni hittumst yfir sumarið. Því var alltaf mikið fjör. Keppt var í reiptogi og þá gjarnan skipt í lið eftir því hvoru megin fljótsins maður bjó. Stundum var pokahlaup og stundum farið í ratleik í skóginum. Eftir dagskrána í rjóðrinu var spilaður fjöldafótbolti á grundinni og allir fengu að vera með, líka við litlu krakkarnir.

**ÞAR** sem ég treðst gegnum mannmergðina á 17. júní í miðborg Reykjavíkur og kemst hvorki lönd né strönd er ekki laust við að sveitamaðurinn komi upp í mér og ég hugsi til litlu hátíðarinnar í skóginum. Með kandífloss í hárinu sem einhver klessti á hausinn á mér þegar ég tróðst gegnum skóg af gasblöðrum, reyni ég að þurrka af gosið sem helltist niður á pilsið mitt í pulsuröðinni. Hér er hávaði, lúðrar eru þeyttir, krakkar blása í flautur og fólk er stanslaust hrópandi á einhvern sem er týndur. Þegar fyrstu regndroparnir taka að falla man ég svo auðvitað að ég gleymdi regnhlífinni.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# VIÐ EIGUM ÖLL SAMLEIÐ!



Veiðar
á stórhvölum
hafa oft í för
með sér langt
**dauðastríð**

13 milljónir manna í 119 löndum fóru í hvalaskoðun á síðasta ári sem skilaði
**460 milljörðum króna í tekjur**

## VERNDUN LÍFRÍKIS SJÁVAR ER EITT AF BRÝNUSTU VERKEFNUM SAMTÍMANS

Við Ísland lifa óvenju margar tegundir hvala eða um **20** af alls um **80** þekktum hvalategundum á jörðinni.

Hvalaskoðun er hagkvæmasta og mannúðlegasta nýting hvalastofna við Ísland. Átta hvalaskoðunarfyrirtæki eru starfandi á Íslandi.

**Virðum náttúruna og njótum hennar!**

**Langflest stórhveli**
lifa á smágerðum kröbbum og fiski
sem maðurinn nýtir ekki

**Flestar tegundir stórhvala**
eru í sögulegu lágmarki

IFAW

ice whale

VILT ÞÚ STYÐJA ÞENNAN MÁLSTAÐ Í VERKI? Sendu þá mynd af þér með hvalsporðinn á netfangið: eigumsamleid@gmail.com

**! ath kl. 14.**

*Í Þjóðminjasafni Íslands verður þjóðhátíðardegi Íslendinga fagnað með ókeypis aðgangi og leiðsögn um grunnsýningu safnsins Þjóð verður til - Menning og samfélag í 1200 ár. Leiðsögnin er öllum opin og hefst klukkan 14. Grunnsýningu Þjóðminjasafnsins er ætlað að hvetja gesti til að spyrja grundvallarspurninga um þjóðina sem byggt hefur Ísland til þessa dags.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Öldutúnskór vestanhafs

Kór Öldutúnsskóla í Hafnarfirði fór í tónleikaferð til Kanada laugardaginn 12. júní og kemur til baka hinn 20. júní. Krakkarnir flugu til Winnipeg þar sem kórinn mun hafa aðsetur en þaðan mun hann halda víða um nágrennið til söngs. Dagskrá kórsins er margþætt og heldur kórinn stutta tónleika á öllum viðkomustöðum sínum. Farið verður í heimsóknir til Nýja-Íslands, Árborgar, Mikleyjar (Hecla), Gimli og á dvalarheimilið Betelstaði svo eitthvað sé nefnt.

Hápunktur ferðarinnar eru stórtónleikar í dag, þann 17. júní. Fyrst mun kórinn syngja við styttu Jóns Sigurðssonar í Þinghúsgarðinum, en síðar um kvöldið verður farið í Winnipeg Art Gallery þar sem aðaltónleikar kórsins verða. Kórinn hefur lagt metnað sinn í að flytja íslenska tónlist, hann hefur öðlast mikla færni í söng og túlkun á íslenskum þjóðlögum og verkum eftir íslenska höfunda.



**TÓNLIST** Kór Öldutúnsskóla syngur víða í Winnipeg í dag. MYND ÖLDUTÚNSSKÓLI

Til gamans má geta að kórinn tók nýlega þátt í gerð landkynningarmyndbandsins við lagið Jungel Drum þar sem margir hafa séð hann að starfi. Stjórnandi kórsins er Brynhildur Auðbjargardóttir.

### > Ekki missa af

Shoeboxtour-hópnum á Austurvelli í dag kl. 16. Þar verða hópurinn í röð margra skemmtilegra atriða fyrir fólk á öllum aldri, en í dag verða í flestum stærri byggðum hátíðahöld fyrir alla fjölskylduna.


**METSÖLULISTI EYMUNDSSON**

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

09.06.10 - 15.06.10



1 Eyjafjallajökull
Ari Trausti og Ragnar Th.



2 25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu - Reynir Ingibjartsson



3 Makalaus - kilja
Tobba Marinós



4 Morgnar í Jenín - kilja
Susan Abulhawa



5 Vegahandbókin 2010
Ýmsir höfundar



6 Ræktum sjálf
Gitte Kjeldsen



7 Góða nótt yndið mitt - kilja
Dorothy Koomson



8 Handbókin um heimsmeistarakeppnina - Keir Radnedge



9 Friðlaus - kilja
Lee Child



10 Hvorki meira né minna - Fanney R. Elínardóttir/María Elínardóttir

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**MENNING** Hver dró mig? hugsar Svarti Pétur. MYND HITT HÚSIÐ

# LEITIN AÐ SVARTA-PÉTRI

**Götuleikhús Hins hússins stendur fyrir stórri aðgerð 17. júní. Sextíu manna hópur stendur að sýningu þar sem spilið Svarti-Pétur er leitt til lykta fyrir augum gangandi gesta í miðborginni.**

Jókerarnir fjórir með drottningar og kónga sameinaðra sorta í broddi fylkingar vinna saman að því að handsama hinn alræmda Svarta-Pétur og leiða spilastokkinn saman undir risapilsfald drottninganna svo nýtt spil geti hafist. það er mikið fyrir því haft að leiða spilið til enda, falin spil í erminni, þó bannað sé að hafa rangt við til að handsama óreglupésann, sem einhverra hluta vegna er með kínversku yfirbragði, alla vega er grímumynstrið ættað þaðan.

Hinir kynngimögnuðu spaðar, dreymandi hjörtun, kokhraustir tíglarnir og laufin listrænu eiga erfitt með að rata undir pilsfaldinn og Svarti-Pétur lætur ekki góma sig.

Auk leikara Götuleikhússins koma að sýningunni söngmenn, dansarar, fimleikafólk, hestar og knapar úr Reiðskólanum í Reykjavík, Bréfdúfufélagið leggur til fiðurfé, og Lúðrasveit verkalýðsins blæs í lúðra og ber bumbur. Þá þakka aðstandendur tækjaleigunni taeki.is fyrir hennar framlag sem og Lundavespum og fleiri fyrirtækjum sem hafa lagt spilastokksmönnum lið.

Leikstjóri Götuleikhúss Hins hússins er Steinunn Knútsdóttir og um útlit sér Una Stígsdóttir. Götuleikhúsmenn biðja hátíðargesti að fylgjast vel með ferðum Svarta-Péturs og beina sjálfsuppteknum spilunum að krossgötunum við Hljómskálann ef hjartatvistur fer að eltast við laufatíu en það par hefur verið óábyrgt á æfingum og margsinnis fundist í stokknum. Á krossgötum Sóleyjargötu, Fríkirkjuvegar og Skothúsvegar fer lokaatriði fram, síðasti slagurinn, og eru leikslok áætluð kl. 14.30. Ætlunin er að koma böndum á Svarta-Pétur, stokka upp á nýtt og spila Ólsen Ólsen á 17. júní.

pbb@frettabladid.is

# Strauss á sautjándanum

Hljómsveitin Salon Islandus ásamt Auði Gunnarsdóttur sópran kemur fram á hátíðartónleikum í Garðabæ í kvöld kl. 20. Tónleikarnir eru haldnir í safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli og er aðgangur ókeypis í boði Garðabæjar.

Hátíðartónleikarnir eru hluti af 17. júní dagskrá í Garðabæ.

„Salon Islandus“, áður Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar, hefur starfað síðan 2004. Hljómsveitin hefur haldið tónleika víða um land og verið reglulegur gestur í Garðabæ undanfarin ár. Sigurður Ingvi stofnandi þessara hljómsveita lék um árabil í hljómsveit „Kursalon“- hússins í Vínarborg þar sem Johann Strauss lék með hljómsveit sinni á ofanverðri 19. öld.

Sigurður hefur allar götur síðan lagt rækt við hina sívinsælu Vínartónlist og aðra klassík í léttari kantinum auk þess að leika á klarínettu í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitina „Salon Islandus“ skipa listamenn úr fremstu röð hljóðfæraleikara á Íslandi. Hljóðfæraleikarar í kvöld verða Sigrún Eðvaldsdóttir og Pálína Árnadóttir, fiðlur, Bryndís Halla Gylfadóttir, selló, Hávarður Tryggvason, kontrabassi, Martial Nardeau, flauta, Einar Jóhannesson, klarinetta, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó og Pétur Grétarsson slagverk.

Auður Gunnarsdóttir sópran er einsöngvari með hljómsveitinni í kvöld. Auður lauk prófi frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 1991. Haustið 1999 var hún fastráðin að óperunni í Würzburg og



**TÓNLIST** Salon-sveifla hljómar í kvöld í Kirkjuhvoli í boði Garðbæinga og Sigrún Eðvaldsdóttir er á meðal flytjenda.

söng þar fjölmörg hlutverk auk þess sem hún söng sem gestur í óperuhúsum víða um Þýskaland. Þá hefur hún einnig sungið í Íslensku óperunni. Auður hefur haldið fjölda tónleika hér heima og erlendis og komið fram við ýmis tækifæri.

Á efnisskránni er Vínartónlist, þekktir óperusöngvar eftir Johann Strauss, Gaetano, Franz Lehár og fleiri af hinum þekkta Vínarskóla.

- pbb

# KÆRU ÍSLENDINGAR

# GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ

Hæ hó jibbíjei!

Í tilefni þjóðhátíðardagsins ætlum við að bjóða ÖLLUM BÖRNUM 10 ára og yngri FRÍTT AÐ BORÐA af barnamatseðli og ÍS frá Holtseli í eftirrétt.



## NÝTT Á SAFFRAN

Við bjóðum nú upp á íslenskan sveitaís beint frá bónda. Gæðaísinn er frá Holtseli í Eyjafirði, er án hvíts sykurs og er einstaklega gómsætur og hollur!

# SAFFRAN

GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP

SAFFRAN.IS

Kristall

Það sést hverjir drekka Kristal

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 17. júní 2010**

**➜ Tónleikar**

**20.00** Hljómsveitin Salon Islandus ásamt Auði Gunnarsdóttur sópran kemur fram á hátíðartónleikum í Garðabæ. Tónleikarnir eru haldnir í safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli í Garðabæ og hefjast kl. 20.00. Aðgangur er ókeypis.

**➜ Leiklist**

**11.30** Leikhópurinn Lotta sýnir fjölskylduleiksýninguna Hans klaufa í Lystigarðinum, Akureyri. Tvær sýningar verða í dag, kl. 11.30 og 17.00. Miðaverð er 1500 krónur. Nánari upplýsingar má finna á www.leikhopurinnlotta.is

**➜ Sýningar**

**13.30** Lykkjur: Norræn prjónahátíð hefst í dag og stendur til 4. júlí. Sýningin opnar kl. 13.30 í sýningarsal Norræna Hússins. Nánari upplýsingar á nordice.is

**17.00** Opnun listasýningarinnar 4KONUR í Sláturhúsinu, Egilsstöðum. Listakonurnar Susan Wood, Kristín Rut Eyjólfsdóttir, Halla Ormarsdóttir og Sjöfn Eggertsdóttir sýna verk sín. Enginn aðgangseyrir, en sýningin verður opin til 7.ágúst.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**ÍSLANDSKLUKKAN** Leiksýningin Íslandsklukkan hlaut fern verðlaun á Grímunni 2010. Leiksýningin Fjölskyldan - ágúst í Osagesýslu hlaut einnig fern verðlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Söngskemmtanir á Grandanum

Það eru fyrirhugaðir smátónleikar í allt sumar á Grandanum í húsnæði Söngskóla Sigurðar Demetz Grandagarði 11. Að sögn Bjarna Thors Kristinssonar verður dagskráin byggð upp af þremur atriðum: ungir einsöngvarar sem komnir eru vel á veg í námi sínu erlendis og eru heima sumarpart koma fram og kynna íslenska einsöngslagið. Fyrstar syngja þær Hildigunnur Einarsdóttir og Hanna Þóra Guðbrandsdóttir en Ástríður Alda leikur undir. Er hópur einsöngvara sem heldur þessum lið skemmtunarinnar uppi hátt á annan tuginn.

Þá mun Voces Masculorum sem að þessu sinni er skipaður átta söngvurum syngja þjóðlög, fimmundarsöngva og kunn íslensk ættjarðarlög. Voces Masculorum var stofnaður árið 2000 og er eingöngu skipaður tónlistarmenntuðum söngmönnum. Kórinn syngur aðallega við útfarir en hefur einnig komið fram á tónleikum með landsþekktum söngvurum.



**SMÁTÓNLEIKAR Í SUMAR** Söngvarinn Bjarni Thors stendur fyrir smátónleikum á Grandanum í allt sumar.

Loks er salíbuna með dæmum gegnum íslenska tónlistarsögu í flutningi tvíeykis gítarleikara af klassíska skólanum.

Aðstandendur vonast til að þessi nýbreytni nái til gesta sem að kvöldlagi ráfa um miðborgina en hafa í fá hús að venda alla jafna. Koma um þrjátíu listamenn að tónleikahaldinu og eru tónleikar daglega kl. 20. - pbb

# Jafntefli á Grímunni 2010

**Leiklistarverðlaunin Gríman 2010 voru afhent í Þjóðleikhúsinu í gærkvöldi og var þetta í áttunda sinn sem Gríman er afhent.**

Leikverkið Íslandsklukkan, í leikstjórn Benedikts Erlingssonar, og Fjölskyldan - ágúst í Osage-sýslu, í leikstjórn Hilmis Snæs Guðnasonar, stóðu uppi sem sigurvegarar kvöldsins með fern verðlaun hvor. Sýning ársins var Jesús litli eftir Benedikt Erlingsson, Berg Þór Ingólfsson, Halldóru Geirharðsdóttur, Kristjönu Stefánsdóttur og Snorra Frey Hilmarsson í sviðssetningu Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu. Leikarinn Árni Tryggvason hlaut Heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu leiklistar.

### SIGURVEGARAR GRÍMUNNAR

**Leikari ársins í aðalhlutverki** Ingvar E. Sigurðsson fyrir hlutverk sitt í Íslandsklukkunni.

**Leikskáld ársins** Benedikt Erlingsson, Bergur Þór Ingólfsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Kristjana Stefánsdóttir og Snorri Freyr Hilmarsson fyrir leikverkið Jesús litli.

**Leikstjóri ársins** Hilmir Snær Guðnason fyrir Fjölskylduna - ágúst í Osage-sýslu.

**Leikkona ársins í aðalhlutverki** Margrét Helga Jóhannsdóttir fyrir hlutverk sitt í leiksýningunni Fjölskyldunni - ágúst í Osage-sýslu.

**Leikari ársins í aukahlutverki** Björn Thors fyrir hlutverk sitt í Íslandsklukkunni.

**Leikkona ársins í aukahlutverki** Kristbjörg Kjeld fyrir hlutverk sitt í leiksýningunni Hænuungunum.

**Leikmynd ársins** Börkur Jónsson fyrir leikmynd í leiksýningunni Fjölskyldunni - ágúst í Osage-sýslu.

**Búningar ársins** Helga Björnsson fyrir búninga í leiksýningunni Íslandsklukkunni.

**Barnasýning ársins** Leiksýningin Horn á höfði eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund S. Brynjólfsson í sviðssetningu GRALS - Grindvíska atvinnuleikhússins.



# Hrólfur og Spaugstofan

Í kvöld er á dagskrá Rásar 1 gleði og gamanleikurinn Hrólfur eftir Sigurð Pétursson sem saminn var fyrir strákana í Hólavallaskóla og leikinn á opinberri leiksýningu með boðsgestum 5. desember 1796 og er jafnan talinn fyrsta íslenska sviðsverkið þótt það megi toga til og frá ef menn vilja þræta. Leikurinn var lengi kallaður eftir titlum handrita, Slaður og trúgirni, en lýsir hann auðtrúa embættismanni og slægum flækingi, Hrólfi. Hann hefur sjaldan verið leikinn í seinni tíð, en var hafður sem skemmtiatriði á einu af skemmtikvöldum Listaklúbbs Þjóðleikhússins sem svo var kallaður og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir stóð fyrir. Þar flutti 1996 Spaugstofuliðið verkið og fóru þeir félagar með öll hlutverk. Uppákoman var hljóðrituð og er hún á dagskrá kl. 19. Leikurinn er skopádeila. Höfundurinn beinir spjótum sínum að ýmsum göllum í fari manna, svo sem hræsni og yfirdrepsskap, ótrúmennsku, falsi og uppskafningshætti, trúgirni og dómgreindarleysi. Leikendur eru þeir Pálmi, Siggi Sigurjóns, Örn Árna, Randver og Karl Ágúst.



**SPAUGSTOFUMENN** Spaugstofan flutti verkið Hrólf árið 1996 og var uppákoman hljóðrituð. Verkið verður flutt á Rás 1 í kvöld.


**Tónskáldasjóður 365**
**auglýsir eftir umsóknum**

Sjóðnum er ætlað að stuðla að aukinni sköpun nýrrar íslenskrar tónlistar sem efla mætti íslenska menningu og dagskrárgerð, m.a. á miðlum 365. (Sjá nánari upplýsingar á stef.is)

**Umsóknum skal skila fyrir 25.júní merktum:**
**Tónskáldasjóður 365**
**Laufásvegi 40**
**101 Reykjavík**

*Stjórn Tónskáldasjóðs 365*






# Dagskrá 17. júní 2010 í Reykjavík

Kl. 09.55
Samhljómur kirkjuklukkna í Reykjavík

Kl. 10:00
Í kirkjugarðinum við Suðurgötu
Forseti borgar-stjórnar leggur blómsveig frá Reykvíkingum á leiði Jóns Sigurðssonar
Skrúðganga að Ráðhúsi Reykjavíkur með skátum og Lúðrasveitinni Svani
Þjóðhátíðarnefnd býður upp á veitingar í Ráðhúsinu

Kl.10:30
Guðsþjónusta í Dómkirkjunni

Kl. 11:20
Austurvöllur
Hátíðardagskrá á vegum Forsætisráðuneytisins

Kl. 13 – 17
Hljómskálagarður
Skátaland verður með leiktæki, þrautabrautir og fleira
Ókeypis er í leiktækin í garðinum
14:00 Tóti trúður
14:25 Glímusýning
14:50 Kínversk kung fu-sýning
15:20 Fimleikadeild Ármanns
15:50 Skylmingafélag Reykjavíkur
16:15 Fimleikatrúðarnir Iss piss
16:30 Aikido-sýning

Kl. 13 – 16
Akstur fornbíla og sýningar
Hópakstur Fornbílaklúbbsins og sýning við Arnarhól
Hópakstur Krúsers og sýning á Skothúsvegi. Krúserbandið leikur kl. 15

Kl. 13:30/14:30
Brúðubíllinn í Hljómskálagarði
Afmælisveislan

Skrúðgöngur
Kl. 13:40
Skrúðganga frá Hlemmi niður Laugaveg að Hljómskálanum. Lúðrasveit verkalýðsins leikur og Götuleikhúsið tekur þátt
Kl. 13:45
Skrúðganga frá Hagatorgi í Hljómskálagarð. Lúðrasveit Reykjavíkur leikur

Kl. 14
Barna- og fjölskylduskemmtun á Arnarhóli
14:00 Gunni og Felix
14:15 Skoppa og Skrítla
14:30 Svanavatnið. Klassíski listdansskólinn
14:45 Rauðhetta og grísirnir þrír. Lýðveldisleikhúsið
15:05 Listdansbraut Danslistarskóla JSB
15:15 Fíasól og félagar. Þjóðleikhúsið
15:30 Sirkus Íslands
15:50 Hera Björk
15:55 Bollywood-danssýning Yesmine Olsson
16:10 Danshópur Brynju Péturs
16:15 Gunni og Felix
16:30 Pollapönk

Kl. 14
Barna- og fjölskylduskemmtun á Ingólfstorgi
14:00 Stórsveit Svansins
15:00 Bara plata – Ísgerður Gunnarsdóttir
15:30 Sönglist
16:00 Solla stirða úr Latabæ
16:30 Skókassasirkusinn
17:00 Balkansveitin Orphic Oxtra
17:30 Hljómsveitin Silfurberg

Kl. 14:00
Dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur
14:00 Dagskrá afmælisnefndar 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar árið 2011
15:00 Kynning á barnabókinni Rikka og töfrahringurinn á Íslandi
15:30 María&Matti – Píanó og klarinett
15:50 Flautuoktettinn KóSi

Kl. 14
Kraftakeppni við Ráðhúsið
Trukkadráttur í Vonarstræti í keppninni Sterkasti maður Íslands

Kl. 14-17
Uppákomur á Austurvelli
14:00 Danshópparnir Móanóra og Dansandi drengir
14:15 Sýningarhópur Dance Center Reykjavík
15:00 Mora rífur upp lýðinn með afskræmdum lúðrablæstri
16:00 Skókassasirkusinn

Sólskoðun Stjörnuskoðunarfélagsins
Verkefni á vegum Evrópu unga fólksins

Kl. 14-17
Listhópar Hins Hússins
14:00 Götuleikhúsið sýnir á krossgötunum við Hljómskálann
14:15 Mora rífur upp lýðinn með afskræmdum lúðrablæstri á svölunum á Sólon
14:30 Danshópurinn Uppsteyt sýnir á svölunum á Fríkirkjuvegi 11
14:30 Hnoð og Kallakór Kaffibarsins. Dansgjörningur á Bernhöftstorfu
15:00 Fimbulfambi. Tónleikar á útitaflinu við Lækjargötu
15:30 María&Matti spila hressa sumartónlist í Ráðhúsinu
17:30 Silfurberg. Tónleikar á Ingólfstorgi

Myndlistarhópurinn Garún sýnir skúlptúra í og við tjörnina
Danshóparnir Móanóra og Dansandi drengir sýna víðs vegar um Kvosina
Hópurinn Gottskálk þrumdi þetta af sér er með myndlistarsýningu á Austurvelli
Ljóðverk sýnir kvæðið Völuspá á Austurvelli
Fánar fyrir fólkið með sýningu í Pósthússtræti
Homo superior birtir 17. júní viðtöl við Hitt Húsið
Trúða-aktívistahópurinn Trúður eða dauði vekur fólk til umhugsunar
Augnablik heldur ljósmyndasýningu um íslenska fánann í kvosinni

Kl. 15
17. júnímót í siglingum
Siglingamót Brokeyjar á sundinu fyrir utan Sæbrautina

Kl. 16
Bænastund í Hallgrímskirkju
Bænastund fyrir Íslandi með þátttöku fjölmargra kristinna trúfélaga. Börnin velkomin

Kl. 19:00
Tónleikar á Arnarhóli
19:00 GÁVA
19:15 Lucky Bob
19:30 Feeling Blue
19:45 Hydrophobic Starfish
20:00 Seabear
20:35 Retro Stefson
21:10 Of Monsters and Men
21:30 Hjaltalín
22:15 Dikta

Kl. 19
Dansleikur á Ingólfstorgi
19:00 Komið og dansið
20:00 Varsjárbandalagið
21:00 Sniglabandið
21:50 Sýningarhópur SalsaIceland
22:00 Milljónamæringarnir, Ragnar Bjarnason og Bogomil Font

Kl. 20
Harmónikuball í Ráðhúsi
Léttsveit Harmónikufélags Reykjavíkur leikur fyrir dansi

Kl. 23
Dagskrárlok

Skipulagt hátíðasvæði er Kvosin þ.á.m. Austurvöllur, Kirkjustræti, Templarasund, Ingólfstorg, Arnarhóll, Tjarnargarður og Reykja-víkurhöfn. Umferð bifreiða er takmörkuð um þessi svæði og torgsala er óheimil án leyfis.

*Umsjón með dagskrá þjóðhátíðar í Reykjavík hefur þjóðhátíðarnefnd á vegum Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur en Hitt Húsið sér um framkvæmdina.*

Týnd börn
Upplýsingar um týnd börn í stjórnstöðinni í Hinu Húsinu Pósthússtræti 3-5, sími 411 5500

## Akstursleið Strætó 17. júní að og frá miðbæ Reykjavíkur

### Hverfisgata og Lækjargata eru lokaðar fyrir umferð vagna.

Ekið frá 07:00-18:00
Ekið frá 18:00-24:00




LADDI


FOR A MINOR REFLECTION

## > Í SPILARANUM

**The Chemical Brothers** - Further
**Eminem** - Recovery
**For a Minor Reflection** - Höldum í átt að óreiðu
**Laddi** - Bland í poka

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## TÍMAVÉLIN PUFF DADDY VOTTAR NOTORIOUS B.I.G. VIRÐINGU SÍNA

# *I'll Be Missing You á toppinn*



- I'll Be Missing You með Puff Daddy (í dag þekktur sem Diddy), Faith Evans og 112 fór á topp bandaríska Billboard-listans 14. júní 1997 og sat þar í 11 vikur.
- Lagið er byggt á laginu Every Breath You Take með hljómsveitinni Police frá árinu 1983. Sting, söngvari Police, fær allar höfundarréttargreiðslur fyrir lagið.
- I'll Be Missing You er tileinkað rapparanum Notorious B.I.G. sem var myrtur 9. mars árið 1997.
- Lagið er í 84. sæti á lista Billboard yfir bestu lög allra tíma.
- I'll Be Missing You er eitt af fáum lögum sem fer beint á topp Billboard-listans þegar það kemur út. Það er einnig annað tveggja rapplaga sem hefur náð þeim árangri. Hitt er Not Afraid með Eminem sem fór á toppinn á þessu ári.
- Vikurnar 11 sem lagið eyddi á toppnum slógu met, sem Eminem sló síðan árið 2002 þegar lag hans Lose Yourself eyddi 12 vikum á toppnum.
- Lagið seldist í tugmilljónum eintaka og náði toppnum í 11 löndum.
- Sean John Combs hefur verið þekktur undir nokkrum nöfnum. Meðal annars Puff Daddy, P. Diddy, Diddy, Puffy og Puff. Loks er í dag slúðrað um að hann kalli sig Ciroc Obama.



## >Plata vikunnar

Who Knew - Bits and Pieces of a Major Spectacle

★★★★

„Lögin eru hvert öðru betra, útsetningarnar eru áhrifaríkar og hljóðfæraleikurinn tilþrifamikill.“ - tj



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Bonnaroo í beinni*

Bonnaroo er ein af stærstu bandarísku tónlistarhátíðunum. Þessi fjögurra daga hátíð er haldin á 2.8 ferkílómetra bújörð í Manchester í Tennessee í júní ár hvert. Þar eru fjögur svið, en framan við það stærsta komast 100 þúsund áhorfendur. Bonnaroo leggur ekki jafn mikla áherslu á ný og upprennandi nöfn eins og t.d. SXSW, en samt er þetta ekkert gamlingjafestival. Skipuleggjendurnir reyna einfaldlega að ná sem flestum af heitustu nöfnunum á ári hverju. Frábært festival og alveg málið ef maður er staddur í Tennessee eða nærliggjandi ríkjum í júní ...



Fyrir okkur hin þá er þetta líka góð hátíð vegna þess að bandaríska ríkisútvarpið, NPR tekur upp fjölmarga tónleika á Bonnaroo og hefur þá aðgengilega á vefsíðunni sinni www.nrp.org. Í ár er dagskráin ekkert slor.

Þarna eru tónleikar í fullri lengd og ágætum hljómgæðum með LCD Soundsystem, Flaming Lips, Reginu Spektor, Tori Amos, The XX, She and him, The Gossip, Mumford and Sons, Dead Weather, Noruh Jones, Japandroids, The National, Tinariwen, Baaba Maal og Kris Kristofferson o.m.fl. Hreint ekki slæmt!

Þessir tónleikar voru komnir inn á síðuna einum til tveimur dögum eftir að þeir fóru fram. Auk þess er á vefsíðu NPR að finna fullt af öðru tónlistarefni. Myndarlegt safn af alls konar tónleikum, útvarpsþættir, óútgefnar plötur í forspilun o.fl. Og þetta efni er allt opið öllum heiminum, ekki lokað fyrir erlendum IP-tölum eins og stór hluti efnis á vef BBC. Okkar íslenska RÚV hefur verið nokkuð duglegt að hljóðrita tónleika undanfarin ár. RÚV hefur staðið vaktina á Iceland Airwaves og tekið upp fullt af öðrum tónleikum bæði með íslenskum og erlendum listamönnum. Gallinn er samt sá að þessar upptökur eru bara sendar út einu sinni, gjarnan löngu eftir sjálfa tónleikana og oftar en ekki fara þær fram hjá manni. Þess væri óskandi að a.m.k. einhver hluti þessa dýrmæta efnis væri gerður aðgengilegur á vefsíðu RÚV þannig að maður gæti leitað á einfaldan hátt og hlustað þegar manni hentaði!






## SKRAUTLEGT EINKALÍF EMINEMS

**1999** Eminem kvænist hinni alræmdu Kimberley Anne Scott (Kim), en þau hittust í framhaldsskóla.

**2000** Móðir Eminems kærir hann fyrir meiðyrði og krefst 10 milljón dollara skaðabóta. Hún fékk um 1.600 dollara í skaðabætur þegar dæmt var í málinu.

Eminem er handtekinn fyrir að taka upp byssu í raftækjabúð og veifa henni.

**2001** Fær skilorðsbundinn dóm fyrir ólöglegan vopnaburð.

Eminem og Kim skilja í fyrsta í skipti.

**2004** Gaf út lag þar sem hann gagnrýndi George Bush, þáverandi forseta Bandaríkjanna, harðlega.

**2005** Fór í meðferð við fíkn í svefnlyf.

**2006** Eminem og Kim gifta sig á ný, en skilja sama ár.

**2009** Viðurkennir í viðtali að hafa hugleitt sjálfsvíg þegar hann var djúpt sokkinn í eiturlyfjaneyslu.



# EMINEM ENDURHEIMTUR

**Rapparinn Eminem hefur selt fleiri en 80 milljónir platna um allan heim. Hann er enn þá gríðarlega vinsæll og sendir frá sér nýja plötu á morgun.**

Strigakjafturinn Eminem sendir frá sér sjöundu plötu sína á morgun. Platan átti upphaflega að vera framhald á plötunni Relapse sem kom út í fyrra og bar því vinnutitilinn Relapse 2 í fyrstu. Þegar leið á vinnuferli plötunnar fannst honum titillinn ekki passa og hann gaf því plötunni nafnið Recovery, eða Endurheimt.

Eminem er gríðarlega vinsæll tónlistarmaður um allan heim og ekkert bendir til þess að ferill hans sé á niðurleið eftir fjórtán ár í bransanum. Hann hefur selt meira en 80 milljón plötur um allan heim og fjórar síðustu plötur hans hafa náð toppi bandaríska Billboard-listans. Búast má við að Recovery fari sömu leið þar sem fyrsta smáskífulag plötunnar, Not Afraid, var annað rapplag sögunnar til að rjúka beint á topp Billboard-lagalistans.

Eins og við mátti búast eru fjölmargir gestir á nýju plötunni. Rihanna syngur með Eminem í laginu Love the Way You Lie sem er jafnframt önnur smáskífa plötunnar. Dr. Dre hjálpaði Eminem við plötuna og hin grjótharða Pink syngur í laginu Won't Back Down.

atlifannar@frettabladid.is

# Walkmen með nýja plötu

Hinn 14. september verður stór dagur fyrir indírokk frá New York. Ný plata frá hljómsveitinni Interpol kemur út þann dag, eins og ný plata hljómsveitarinnar Walkmen.

Plata Walkmen hefur fengið nafnið Lisbon og fylgir eftir hinni frábæru You & Me frá árinu 2008. Platan var tekin upp á síðustu tveimur árum og unnin í Philadelphiu og Brooklyn. Þá voru nokkur lög samin á ferðalagi hljómsveitarinnar til portúgölsku borgarinnar sem platan dregur nafn sitt af.

Hamilton Leithauser sagði í viðtali við Pitchfork í febrúar að platan sé undir áhrifum frá Elvis, þó svo að nýju upptökurnar hljómi ekki þannig. „Hljóðfæraleikurinn er mjög einfaldur,“ sagði hann. „Raddirnar eru mjög háværar en trommurnar eru afar mjúkar.“



**BEINT FRÁ NEW YORK** Hljómsveitin Walkmen er frá New York eins og snillingarnir í Interpol. Hljómsveitirnar gefa út plötu á sama degi í september.

# Tölvukerfin eiga heima hjá Skýrr

***Skýrr hýsir og rekur netþjóna og tölvukerfi fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum:***

***Sveitarfélagið Vogar***

Öll starfsemi sveitarfélagsins, hvort sem um er að ræða grunnskólann eða íþróttamiðstöðina, stólar á tölvukerfi hjá Skýrr.

***Bílabúð Benna***

Bílabúð Benna treystir á öruggt aðgengi að ökutækjaskrá allra bifreiða á Íslandi í gegnum Upplýsingaheima Skýrr.

***Bændasamtökin***

Bændasamtökin beita sér fyrir málefnum bænda og þurfa ekki að hafa áhyggjur af tölvumálum á meðan.

***Lækning***

Trúnaðarupplýsingar eru í öruggu skjóli bak við traustan eldvegg Skýrr.




Hjá Skýrr starfa 340 sérfræðingar sem sjá um að hýsa, reka og þjónusta tölvukerfi fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum.

Þau fyrirtæki sem hafa flutt tölvukerfin til okkar hafa minnkað umstang, aukið öryggi og dregið verulega úr kostnaði.

**Kannaðu hvort það borgi sig ekki að flytja tölvukerfið til Skýrr.**


569 5100
skyrr@skyrr.is


SKÝRR
*Velkomin*


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 10-0581

**> BEINT Á TOPPINN**

Endurgerð hinnar klassísku kvikmyndar Karate Kid fór beint á toppinn fyrstu sýningarhelgina í Bandaríkjunum. Kvikmyndin skartar þeim Jackie Chan og Jaden Smith í aðalhlutverkum, en Smith þessi er sonur stórleikarans Wills Smith. Karate Kid hafði því betur í aðsóknarslagnum við kvikmyndina The A-Team, sem gerð var eftir samnefndum sjónvarpsþáttum.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Durgurinn Les á hvíta tjaldið

Leikarinn Tom Cruise for á kostum í hlutverki hins loðna, dónalega plötuútgefanda Les Grossman í gamanmyndinni Tropic Thunder sem kom út árið 2008.

Tropic Thunder þótti ein besta gamanmynd ársins 2008 og skartaði hún stórstjörnum á borð við Ben Stiller og Robert Downey Jr. í aðalhlutverkum.

Les Grossman kom nýverið fram á MTV kvikmyndahátíðinni og dansaði þar við söngatriði Jennifer Lopez við góðar undirtektir áhorfenda. Nú hafa kvikmyndaframleiðendur íhugað að gera heila kvikmynd um herra Grossman og öll hans ævintýri.

Sumir vilja meina að myndin verði skemmtileg blanda af myndum Austin Powers og Anchorman með Will Farrell í aðalhlutverki. Ben Stiller mun framleiða myndina og hafa Cameron Diaz og Jamie Foxx einnig verið orðuð við hana. Það verður þó forvitnilegt hvort hægt verði að teygja lopann í rúma tvo tíma eða hvort brandarinn sé þegar orðinn gamall.



**GAMANSAMUR** Tom Cruise sló í gegn sem Les Grossman í kvikmyndinni Tropic Thunder. NORDICPHOTOS/GETTY

# Góðir hlutir gerast hratt

**Leikarinn Robert Pattinson sló í gegn í hlutverki vampírunnar Edwards Cullen í Twilight-þríleiknum. Fyrsta kvikmyndin kom út árið 2008 og hefur Pattinson síðan þá verið tilnefndur til fjölda verðlauna auk þess sem hann hefur haft í nógu að snúast í leiklistinni. Leikarinn er aðeins tuttugu og fjögurra ára gamall og óttast að frægðarsól sín fari dvínandi héðan í frá. „Ég hélt að ef of margir góðir hlutir myndu gerast, þá myndi maður deyja fyrir þrítugt. Æðri máttarvöld gætu verið að vara mann við að biðja um of mikið, því það gæti ræst úr því öllu," sagði leikarinn sem vinnur nú hörðum höndum við tökur á kvikmyndinni Water for Elephants sem leikstýrt er af Frances Lawrence.**



**SÁTTUR** Robert Pattinson er á framabraut í leiklistinni.

# Sakleysið sannað með látum

**Kvikmyndin A Team er byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum frá áttunda áratugnum og á að vera hasarmynd af bestu gerð.**

Myndin fjallar um fjóra fyrrverandi hermenn í sérsveit bandaríska hersins sem eru nýkomnir heim eftir að hafa sinnt skyldum sínum í Írak. Þeir verða ranglega ásakaðir um glæp sem þeir áttu að hafa framið í hernum og taka höndum saman við að sanna sakleysi sitt.

Liam Neeson, Bradley Cooper, Quinton „Rampage" Jackson og Sharlton Copley leika fjórmenningana og einnig bregður leikkonunni Jessicu Biel fyrir sem liðþjálfa í hernum. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem hún bregður sér í hlutverk hermannsins á háum hælum.

Kvikmyndin hefur fengið misjafna dóma og segir meðal annars gagnrýnandi blaðsins The New York Times að líklega hafi myndin verið of dýr til að hægt væri að eyða of miklu púðri í söguþráðinn og áherslan hafi verið á hið sjónræna, miklar sprengingar og læti, til að lokka áhorfendur að. Framleiðendur myndarinnar eru bræðurnir Ridley og Tony Scott sem eiga margar smelli að baki eins og American Gangster (2007) og Gladiator (2000).

- áp

## I PITY THE FOOL!

Sjónvarpsþættirnir sem kvikmyndin A Team er byggð á skarta engum öðrum en leikaranum og glímukappanum MR.T. Hann er meðal annars þekktur fyrir móhíkanahárgreiðslu sína, stóra gulllitaða skartgripi og töffaralega framkomu. Mr.T lék einnig í myndinni Rocky 3 þar sem hann gerði setninguna „I pity the fool" ódauðlega.





**A TEAM** Fjórir hermenn þurfa að takast á við hermálayfirvöld Bandaríkjanna til að sanna sakleysi sitt.


Sértilboð

Stökktu til

Costa del Sol

22. júní

Frá aðeins kr. 69.900 í 14 nætur



14 nátta ferð – ótrúleg kjör!

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 22. júní í 14 nætur til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol. Costa del Sol býður allt það helsta sem maður getur óskað sér í fríinu. Þú bókar flugsæti og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu þetta einstaka tækifæri til að njóta lífsins á þessum vinsæla áfangastað í sumarfríinu. Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði bæði 22. júní og 6. júlí.

Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.

Kr. 69.900 – 14 nátta ferð

Verð m.v. m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi í 14 nætur. Verð m.v. 2–3 í herbergi / stúdíó / íbúð kr. 74.900. Sértilboð 22. júní.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




**VONDA STELPAN** Jessica hefur um þessar myndir hugann við einhverjar breytingar á ferlinum.

# Jessicu Biel langar að vera vonda stelpan

„Ég væri svo til í það að leika mjög vonda stelpu – það væri frábært!" segir Jessica Biel leikkona.

Jessica leikur í myndinni A-Team sem var nýlega frumsýnd hér á landi. Hún viðurkennir að hún sé orðin frekar örvæntingarfull og vilji breyta til. Hún vill prófa hlutverk sem eru meira örvandi og óvænt heldur en þau sem hún hefur hingað til tekið að sér.

„Ekki bara vonda stelpu heldur kannski frekar andlega truflaða stelpur eða jafnvel geðveika stelpu. Eitthvað sem er virkilega ögrandi og óvænt," segir Jessica.

Auk þess að vilja frekari ögrun er fegurðardísin æst í að sýna tónlistarhæfileika sína á hvíta tjaldinu eða jafnvel á sviði. Haft er eftir henni að hún hún vilji prófa blöndu tónlistar og bíómyndar. Hún telur að söngvamynd eða Broadway-sýning sé eitthvað fyrir hana.

Jessica er um þessar mundir að leikstýra stuttmynd sem hún hefur sjálf skrifað handritið að. Í framhaldi af því finnst henni hún tilbúin til að fara út í framleiðslu. „Mér finnst viðskiptahliðin áhugaverð ásamt því að ég elska að skrifa, þannig að ég hef mikinn áhuga á öllu sköpunarferlinu bak við verkin," sagði Jessica í viðtali við blaðið Daily Telegraph í Ástralíu.

- ls

# NÝTT Í HAGKAUP

## - OPIÐ Í DAG -




GOTT VERÐ!
KR. 2.799




GOTT VERÐ!
KR. 4.699




GOTT VERÐ!
KR. 2.799




GOTT VERÐ!
KR. 3.699

DVD VIDEO Blu-ray Disc




GOTT VERÐ!
KR. 2.799




GOTT VERÐ!
KR. 3.699




GOTT VERÐ!
KR. 2.699




GOTT VERÐ!
KR. 3.699




GOTT VERÐ!
KR. 2.399




KR. 2.399




Kemur út 18. júní

KR. 3.699




KR. 2.399




KR. 3.199

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## >VILL EKKI BOND AFTUR

„Ég naut þess að leika Bond á sínum tíma en ég sakna hans ekki. ég hef engan áhuga á að taka að mér hlutverk einkaspæjarans aftur," segir leikarinn Pierce Brosnan. Þrátt fyrir þetta bætir Brosnan við að hugsanlega hafi hann ekki líkamsstyrkinn sem til þarf en leikarinn er að nálgast sextugsaldurinn.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Katy og Russell með alveg eins tattú

Skötuhjúin Russell Brand og Katy Perry hafa nú fengið sér alveg eins húðflúr. Skemmtikrafturinn og tónlistarkonan munu ganga í það heilaga í haust og búist er við stjörnumprýddum gestalista. Setningin „Gakktu meðfram straumnum" á hinu helga indverska tungumáli sanskrít, prýðir nú handleggi beggja. Russell Brand sást fyrst skarta húðflúrinu á forsíðu síðasta tölublaðs Rolling Stones og svo var Perry mynduð með alveg eins tattú nú í vikunni.

Brand og Perry trúlofuðu sig einmitt á Indlandi eftir aðeins þriggja mánaða samband og eru víst bæði mjög spennt fyrir brúðkaupinu. Það verður líklega öllu tjaldað til og mikið um dýrðir en Russell Brand er víst búinn að afþakka allar brúðargjafir og segir að þau skötuhjúin þurfi ekki á neinu að halda enda bæði í góðu starfi.

Annars geta skötuhjúin ekki kvartað yfir því að hafa lítið að gera. Russell fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Get Him to the Greek sem var nýlega frumsýnd. Katy er á fullu í tónlistarbransanum og sendi nýlega frá sér myndband við lagið California Girls. Myndbandið hefur vakið mikla athygli, en það þykir afar ögrandi.



**TURTILDÚFURNAR** Katy Perry og Russel Brand hafa innsiglað trúlofun sína með alveg eins húðflúri.




Snjallt og svalt! Sefar augnþrota
Snjöll skyndilausn fyrir þrútin augu.
Hressir - ertir ekki

Svalandi stálkúlan hjálpar til við að eyða bólgu og baugum undir augunum með léttu nuddi.
Frískandi All About Eyes Serum bólgueyðandi augnanudd er kjörin skyndilausn ef þú vilt losna við að heyra: „Ósköp ertu þreytuleg, elskan."
Hafðu þetta netta nuddtæki í handtöskunni, alltaf tiltækt.

**Fullt verð 4.869 kr.**
**Kynningarverð í Lyfju 3.990 kr.**
**Gildir 17.-19. júní**

www.lyfja.is LYFJA - Lifið heil


# Með of litlar hendur

**Bomban Megan Fox lenti í miklum erfiðleikum í nýjustu mynd sinni Jonah Hex. Þrátt fyrir að hafa haft ánægju af að leika í spennuatriðunum í myndinni átti hún í mestu vandræðum með gripið á skotvopnunum. „Það var eitt atriði sem áhættuhópurinn var búinn að æfa fyrir í nokkrar vikur. Síðan mætti ég á svæðið og gat ekki framkvæmt það sem þeir vildu því að ég er með pínulitlar barnahendur," segir Megan. Leikkonan segir að þetta hafi þó ekki verið það eina sem hafi verið að trufla hana í atriðunum. Byssurnar voru svo þungar og stórar að þetta tók einnig mjög á Megan.**





**FÉLAGARNIR ÁSAMT ÓMARI** Félagarnir Gunni og Felix heiðra Ómar í tilefni af sjötugsafmæli hans með barnaplötu með hans lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Heiðra Ómar með barnaplötu

***Félagarnir Gunni og Felix gefa út barnaplötu til heiðurs Ómari Ragnarssyni í tilefni af stórafmæli hans. Platan samanstendur af þrettán lögum Ómars sem félögunum fannst nauðsynlegt að kynna fyrir nýrri kynslóð.***

„Við erum óskaplega ánægðir með plötuna. Ómar hefur glatt þjóðina og þá börn sérstaklega í um fimmtíu ár. Hann var númer eitt á listanum þegar við Gunni leituðum að okkar fyrirmynd þegar við byrjuðum með Stundina okkar. Því lá það beint við að fá að heiðra hann í kringum þennan stóra dag," segir Felix Bergsson.

Félagarnir Felix og Gunnar Helgason, tvíeykið Gunni og Felix, ætla að heiðra Ómar Ragnarsson í tilefni af sjötugsafmæli hans nú í ár. Gera þeir það með því að senda frá sér barnaplötu með vel völdum lögum af öllum þeim frábæru barnalögum sem Ómar á. Diskurinn heitir Ligga ligga lá – Gunni og Felix flytja lög Ómars Ragnarssonar og eru á honum þrettán lög.

„Ómar á lög eins og til dæmis Hláturinn lengi lifi, Jói útherji, Þrjú hjól undir bílnum og Ligga ligga lá, sem fá mestu fýlupúka til að brosa út í annað," segir Felix. „Foreldrarnir þekkja þessi lög frá því að þeir voru ungir og því tilvalið að fjölskyldan fái lög sem hún geti sungið saman."

Félagarnir vildu endurvekja lög Ómars svo að börn dagsins í dag fengju að njóta þeirra gullmola sem hann hefur búið til.

Plötuna unnu þeir með góðvini sínum, Jóni Ólafssyni. En Jón hefur unnið með þeim félögunum í öll þau sextán ár sem þeirra samstarf hefur varað. Einnig koma þeir Hjörleifur Valsson, Stefán Már Magnússon og Haukur Gröndal að plötunni. Ómar sjálfur kemur aðeins við sögu í einu laganna þar sem hann leikur bæði sjálfan sig og forsætisráðherrann Jóhönnu Sigurðardóttir. „Það var eins og að ná í páfann þegar við reyndum að fá hann til að koma í stúdíó," segir Felix. „Hann er alltaf úti um allt með fulla dagskrá að það var eiginlega ekki möguleiki að fá hann til að koma. Hann er ótrúlega ofvirkur og ef hann væri tíu ára væri hann á lyfjum. Hann er svo stórkostlegur einstaklingur!"

Eins og þjóðin veit slógu þeir félagar Gunni og Felix í gegn í Stundinni okkar fyrir fimmtán árum. Þeir hafa þó enn ekki hætt að skemmta börnum.

linda@frettabladid.is

**29** plötur hefur sextán ára samstarf Gunna og Felix gefið af sér. HEIMILD: SENA


Tími kominn til að tína!




Vissir þú að ...

beitilyngste
er frábært gegn svefnleysi?

gleym-mér-ei
er góð á brunasár?

ilmreyr
nýtist vel gegn frjókornaofnæmi?

söl
virkar vel við timburmönnum?

Frábær handbók fyrir almenning um lækningamátt og notkun íslenskra jurta.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


# Diddy í boltabransann

Tónlistarmógúlinn P. Diddy langar nú að eignast fótboltalið. Rapparinn frægi þénar um 30 milljónir dollara á ári og á nú þegar sitt eigið tískuhús, ilmvatnslínu, veitingastaði og vodkamerki. Hann rennir nú hýru auga til fótboltaliða í leit að fjárfestingu en hann var fyrir stuttu að pæla í að kaupa enska liðið Crystal Palace, sem er í fjárhagskröggum.



**P.DIDDY** Á nóg af peningum og vill nú kaupa fótboltalið.

SÓL BORGIR ÆVINTÝRI SKÍÐI GOLF ÍÞRÓTTIR




Getur þú ekki beðið eftir vetrinum?
Við erum með frábært tilboð í gangi á uu.is til Tenerife:
Brottför: 27. júní
Verð frá: 79.900
Hálft fæði innifalið!
1 vika m.v. 2 börn og 2 fullorðna.

## Úrvals vetrarfrí á Kanarí og Tenerife!

Við hjá Úrvali Útsýn höfum verið leiðandi ferðaskrifstofa á Íslandi frá því um miðja síðustu öld og erum svo sannarlega á heimavelli á Kanaríeyjum. Við höfum sent íslenska sóldýrkendur til Gran Canaría í áratugi og vitum nákvæmlega hvernig þú vilt hafa fríið þitt. Yndislega eyjan Tenerife, sem er líka ein af Kanaríeyjum, hefur slegið rækilega í gegn og okkar fólk flykkist þangað allt árið um kring. Við sendum þig í sólina með bros á vör – á miklu betra verði.



VIKUFERÐ 4. febrúar 2011
KANARÍ
**Roque Nublo**
★★★

VERÐ FRÁ: FLUG + GISTING
**106.200 kr.***
á mann í viku m.v. 2 með 1 barn.
verð frá **117.700** kr. m.v. 2 fullorðna

Allir Kanarífarar þekkja Roque Nublo, sem er frábærlega vel staðsett miðsvæðis á Ensku ströndinni. Hótelið er við Avenida de Tirajana, við hliðina á Júmbó-verslunarmiðstöðinni. Garðurinn er skjólsæll og í byggingunni er mjög góður veitingastaður, Las Brasas.



VIKUFERÐ 1. febrúar 2011
TENERIFE
**Parque de las Americas**
★★★

VERÐ FRÁ: FLUG + GISTING
**99.200 kr.***
á mann í viku m.v. 2 með 2 börn.
verð frá **112.450** kr. m.v. 2 fullorðna

Parque de las Americas er mjög vel staðsett íbúðahótel á jaðri Costa Adeje hlutans og steinsnar frá iðandi mannlífi Playa de las Americas. Stutt er í alla þjónustu og aðeins 100 metrar á Bobo ströndina. Skemmtilegar íbúðir á besta stað!

ÚRVAL·ÚTSÝN
Sími 585 4000

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. | 1(3D) - 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 10:20(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 2:30-5:30-8 - 8:30 - 10:45 | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 2 - 5 - 8 - 10:45 | VIP |
| THE LOSERS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 3:20 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 1:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 - 3D ensku tal | kl. 8 | L |
| THE LOSERS | kl. 10:20 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl 6 | 10 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |
| LAST SONG | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 11(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 8D - 10:20D | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 3 - 5:30 - 8 | 10 |
| IRON MAN 2 | kl. 10:30 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 - 8 | L |
| BROOKLYN'S FINEST | kl. 10:10 | 16 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 6 - 9 | 12 |




NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE A-TEAM LÚXUS | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3D íslenskt tal | kl. 1 - 3.20 - 5.40 | L |
| TOY STORY 3 3D enskt tal | kl. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| STREETDANCE 3D | kl. 1 - 10.20 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 1 - 2.30 - 4 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 8 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 6 - 9 | 12 |
| STREETDANCE 3D | kl. 6 - 9 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 | 12 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 10 | 14 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 5.45 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!



LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| A-TEAM | 5.40, 8 og 10.20(POWER) | 16 |
| STREET DANCE 3-D | 4(900 kr), 6 og 8 | 7 |
| GET HIM TO THE GREEK | 3.50(600kr), 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| ROBIN HOOD | 10 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4(600 kr) | L |


# Ósigrandi minnipokamenn

Bíó ★★★

**The Losers**

Aðalhlutverk: Jeffrey Dean Morgan, Zoe Saldana, Chris Evans

**Leikstjóri:** Sylvain White



**MISGÓÐUR LEIKARAHÓPUR** The Losers tekur sig ekki of alvarlega og rís því undir göllunum.

The Losers er hrá, sveitt og á köflum alveg hreint ferlega töff hasarmynd.

Gallalaus er hún þó ekki og líður einna helst fyrir lapþunnt handrit, frekar slappa og klisjukennda sögu og leikarahóp sem er vægast sagt misgóður. Myndin rís hins vegar undir göllunum, aðallega vegna þess að hún tekur sig aldrei alvarlega og þykist ekki vera neitt annað en það sem hún nákvæmlega er. Spennumynd með sprengingum, byssubardögum og slagsmálum og þeir sem fara sjálfviljugir á myndir eins og The Losers eru að sækjast eftir einmitt þessu án þess að hafa of miklar áhyggjur af umgjörðinni eða vitrænni framvindu sögunnar.

The Losers er byggð á samnefndri myndasögu um harðsnúna sérsveit hermanna sem tekur að sér ýmis vafasöm leyniverkefni en segir CIA stríð á hendur eftir að stofnunin snýst gegn þessum vösku útsendurum sínum.

Í bíó er nánast það sama í gangi. Voðalega vondur og dularfullur skúrkur, Max að nafni, sendir lúserana í drápsferð á vægast sagt vafasömum forsendum og ætlar sér svo að kála þeim þegar þeir hafa lokið verki sínu.

Okkar menn sleppa þó með skrekkinn en eru taldir af, og til þess að bæta gráu ofan á svart sitja þeir fastir í Bólivíu, félitlir og ráðalausir, en láta sig dreyma um að komast aftur heim til Bandaríkjanna og jafna metin við Max.

Skýtur þá upp kollinum ferlega flott hasargella með fullar hendur fjár sem vill endilega flytja þá heim og fjármagna draum þeirra um að drepa Max. Þá byrjar fjörið fyrir alvöru. Lúserarnir, sem eru einhvers konar sambland af genginu og Mission Impossible og 12 ruddum, nota tölvutækni og vélbyssur til þess að klekkja á Max. En auðvitað er víða setið á svikráðum og engum treystandi.

**44** af 100 mögulegum er meðaleinkunn myndarinnar á vefsíðunni Metacritic, sem tekur saman dóma kvikmyndagagnrýnenda.

HEIMILD: METACRITIC.COM

Jeffrey Dean Morgan leikur foringja lúseranna og er jafn stirður, ótöff og ósannfærandi og hann var frábær í hlutverki Grínistans í The Watchmen.

Hinn jafnan ofmetni leikari Jason Patric mætir nokkuð öflugur til leiks í hlutverki Max þar sem hann skammast sín ekkert fyrir að ofleika ýktan skúrkinn. Chris Evans er skemmtilegasti leikarinn í hópi lúseranna og sýnir fín tilþrif í gríninu en að öðru leyti á Zoe Saldana (Avatar, Star Trek) þessa mynd skuldlaust. Hún fer hamförum í hlutverki ofurskutlunnar Aisha sem er jafningi lúseranna í vopnaburði og slagsmálum en auðvitað miklu kynþokkafyllri.

Bardagaatriðin eru flest fín þar sem mikið er gert út á hraðar klippingar og það eru fyrst og fremst töffarastælar með tökuvélina sem lyfta myndinni. Til dæmis er óborganlegt að sjá glitta í rassinn á Saldana í fljúgandi spegilbroti í miðri byssukúluhríð. Ógleymanlegt atriði í mynd sem líður annars fljótt úr minni.

**Þórarinn Þórarinsson**

**Niðurstaða:** Töff hasarmynd sem fer langt á flottri gellu og smart atriðum en líður fyrir lélegt handrit og ójafnan hóp leikara.

# Stórskemmdi bílinn sinn

**Leikkonan January Jones, sem sló í gegn sem Bettie Draper í sjónvarpsþáttunum Mad Men, lenti í því leiðinlega atviki að keyra á þrjá kyrrstæða bíla fyrir helgi. Eftir áreksturinn flúði stúlkan af vettvangi með þeim orðum að hún þyldi ekki aðgangsharða ljósmyndara sem mættir voru á svæðið. Eftir að lögreglan var kölluð til kom Jones til baka og baðst afsökunar á að hafa stungið af. Samkvæmt lögreglunni var leikkonan allsgáð þegar áreksturinn átti sér stað en bíllinn hennar stórskemmdist og varð að draga hann á brott.**



**ÓHEPPIN** January Jones keyrði á þrjá kyrrstæða bíla. NORDICPHOTOS/GETTY



**ÓSKIPULÖGÐ** Lindsay Lohan á erfitt með að skipuleggja líf sitt. NORDICPHOTOS/GETTY

# Óskipulögð Lohan

Aðstoðarkona Lindsay Lohan sagði upp stuttu fyrir helgi því hún sagðist ekki orka lengur að vinna fyrir leikkonuna. Samkvæmt vefsíðunni TMZ.com vann aðstoðarkonan oft marga daga í röð án þess að fá frí auk þess sem hún fékk illa greitt fyrir langa vinnudaga. Vinir Lohan óttast að hún eigi eftir að missa tökin á lífi sínu án aðstoðarkonunnar góðu. „Án aðstoðarkonu mun hún aldrei geta mætt á þá fundi sem hún þarf að mæta á. Lindsay missti ökuréttindin fyrir nokkru og aðstoðarkona hennar skutlaði henni því hvert sem hún þurfti að fara. Auk þess er Lindsay mjög óskipulögð og hún mun ekki geta séð um sig sjálf án aðstoðar. Hún virðist algjörlega ófær um að skipuleggja sig og það sem þarf að gera,“ sagði áhyggjufullur vinur leikkonunnar.




# Gamla Höfnin

## Það verður líf og fjör við gömlu höfnina 17. júní



PIPAR\TBWA • SÍA • 101145

## Gamla höfnin 17. júní

- **Skemmtiatriði** og gott í gogginn fyrir alla fjölskylduna, harmonikkuleikur o.fl.
- **Tískusýning:** Gallerí Dunga, Sædís gullsmiðja og Sjóhatturinn með Ungfrú Ísland í för, ásamt trillukörlum og fleiri fögrum fljóðum og fýrum, kl. 15 og 17.
- **Ljósmyndasamkeppni** um bestu myndina af höfninni. Glæsilegir vinningar.
- **Tenórarnir** Davíð og Stefán og harmonikkuleikarinn Þorvaldur Jónsson verða hjá Sægreifanum kl. 13.30.

## Þjóðhátíðartilboð

- **Puffin Express** - 2 fyrir 1 í hvalaskoðun.
- **Höfnin** - Þriggja rétta þjóðlegur fjölskyldumatseðill ásamt kakó, vöfflum og pönnukökum allan daginn.
- **Árstíðaferðir við Ægisgarð** - Frí prufa á rafhjólum.
- **Hvalasetur Eldingar** - Lífríki hafsins í máli og myndum, litablöð fyrir börnin og tilboð á kaffiveitingum.
- **Kaffi Haití** - Kaffi, bananapönnukökur, kókoskakó, arabískt kaffi, franskar pönnukökur og ískaffi.
- **Sigling til Viðeyjar** frá Gömlu höfninni kl. 12:00.

Icelandic Fish & Chips – Íslenskur fiskur með íslenskum kartöflum.

Sjóhatturinn – Úrval minjagripa, lopavörur og alþýðulist.

Café Haiti – Pönnukökur, kókoskakó, arabískt kaffi og ískaffi.

Gallerí Dunga – Íslensk list og hönnun.

Sægreifinn – Veitingahús og fiskbúð.

Höfnin – Heimilislegur veitingastaður við höfnina.

Puffin Express – Lunda- og hvalaskoðunarferðir.

Elding – Ævintýri á sjó: hvalaskoðun, sjóstöng, lundaskoðun og Viðey.

Puffin Scooters – Vespur, rafmagnsreiðhjól, línuskautar og veiðistangir.

Sædís gullsmiðja – Handsmíðað skart, veski og myndlist.

Piri Piri – Kjúklingur að hætti Portúgala fyrir alla fjölskylduna.

Season Tours – Leiðsögn um Reykjavík á rafhjólum og vespum.

Úr ríki alþýðulistar – Íslensk alþýðulist.

Life of whales – Hvalaskoðun og sjóstangveiði.

Sushi smiðjan – Alltaf ferskt.

Hamborgarabúllan – "Tilboð aldarinnar"

## > Þrjú félög vilja fá Hermann

Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Hermanns Hreiðarssonar, staðfesti við vefmiðilinn Fótbolti.net í gærkvöldi að þrjú félög, tvö ensk og eitt utan Englands, hafa sýnt Hermanni áhuga. Hermann hefur spilað með Portsmouth frá árinu 2007 og félagið vill halda honum en samningur hans rann út í sumar. Hermann er orðinn 35 ára en hann sleit hásin í leik á móti Tottenham í mars og verður frá keppni fyrstu mánuði næsta tímabils. Hermann hefur spilað í Englandi öll þrettán ár sín sem atvinnumaður.



**sport**
sport@frettabladid.is

**SIGURSTEINN GÍSLASON, ÞJÁLFARI LEIKNIS:** MEÐ LIÐIÐ Í EFSTA SÆTI 1. DEILDARINNAR EFTIR SEX LEIKI

# *Erum ekki alltaf bara litla liðið í Breiðholtinu*

Sigursteinn Gíslason og lærisveinar hans í Leikni eru með tveggja stiga forskot á toppi 1. deildar karla þegar sex umferðir eru búnar af mótinu. Leiknir hefur aldrei endað ofar en í 6. sæti í b-deild.

„Þetta er kannski framar björtustu vonum hjá einhverjum en við vitum alveg hvað við getum. Við erum líka á jörðinni enn þá því þetta er bara rétt að byrja. Við njótum augnabliksins á meðan það er og okkur leiðist ekkert að vera í þessari stöðu," segir Sigursteinn en hann játar að Leiknir sé búið að stimpla sig vel með þessari byrjun: „Þetta fær önnur lið til að taka okkur alvarlega og átta sig á því að við erum ekki alltaf bara litla liðið í Breiðholtinu."

Sigursteinn hefur skýringu á breyttu gengi liðsins. „Það var hugarfarsbreyting hjá öllum í Leikni, bæði hjá leikmönnum og stjórn. Menn voru tilbúnir að leggja aðeins meira á sig, leikmennirnir fóru að æfa betur og stjórnin fór að vinna þetta fagmannlegra í kringum liðið," segir Sigursteinn.



Leiknir hefur unnið 5 af 6 leikjum og aðeins fengið á sig 3 mörk í þessum sex leikjum. „Þetta hefur fallið með okkur. Í fyrra værum við búnir að fá á okkur tíu mörk núna með sams konar spilamennsku. Í fyrra féll ekkert með okkur en núna er þetta aðeins meira að falla með okkur," segir Sigursteinn en Leiknisliðið er nær eingöngu skipað Leiknisstrákum og hefur ekki mikið breyst frá því í fyrra.

„Það vantar ekkert upp á Leiknishjartað hjá þessum strákum, ég get lofað þér því. Það eru ekki miklar breytingar á leikmönnum frá undanförnum árum og þetta er kjarninn sem hefur verið þarna. Þetta er kjarni sem er góður og menn þurftu bara að átta sig á því að það kostar fórnir að ná árangri," segir Sigursteinn.

Fram undan er toppslagur á móti nágrönnunum í ÍR sem eru í 2. sætinu. „Það er mikil spenna hjá leikmönnum fyrir Breiðholtslagnum á föstudaginn en ég segi bara að þetta er bara einn leikur af 22. Það eru aðeins þrjú stig undir í þessum ÍR-leik en ef þú myndir spyrja strákana þá myndu þeir örugglega svara allt öðruvísi."



**EFTIRSÓTTUR** Bjarni var markahæsti leikmaður N1-deildarinnar á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bjarni Fritzson:

## Dagleg símtöl Nordsjælland

**HANDBOLTI** Bjarni Fritzson segir að tvö tilboð frá Danmörku séu sinn síðasti möguleiki á því að fara út í atvinnumennsku. „Maður er að renna út á söludegi," segir Bjarni.

Danska félagið Nordsjælland hringir í Bjarna oft í viku þessa dagana. „Þeir vilja ólmir fá mig til sín en ég er ekkert sérlega bjartsýnn. Eins og svo mörg önnur dönsk félög eiga þeir í fjárhagsvandræðum en ef þeir geta boðið mér atvinnumannasamning væri rosalega gaman að semja við félagið," segir Bjarni sem er einnig eftirsóttur af öðru félagi í Danmörku.

Hann hefur áður sagt að hann ætli ekki að semja við hvaða félag sem er en hann hafði ákveðið að skrifa undir hjá íslensku félagi áður en Nordsjælland hóf að hringja nánast daglega. Hann vill einnig fá almennileg laun fari hann út. „Ég get ekki látið börnin mín lifa undir fátækramörkum bara af því ég er í einhverju handboltaflippi," segir Bjarni léttur. **- hþh**

# Er að toppa á réttum tíma

**Ívar Björnsson er leikmaður 7. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Ívar skoraði magnað mark í 2-1 sigrinum á Stjörnunni sem kom Safamýrarfélaginu í fyrsta skiptið í efsta sæti úrvalsdeildarinnar í heil átján ár.**

**FÓTBOLTI** Ívar Björnsson skaut Fram á toppinn með marki af dýrari týpunni. Hann skoraði stórkostlegt mark úr hjólhestaspyrnu í 2-1 sigrinum á Stjörnunni þar sem Fram skaust á topp Pepsi-deildarinnar.

„Strákarnir voru reyndar að gera grín að mér að spyrnan væri úr frekar lítilli hæð, ekki af tveimur metrunum eins og við höfum verið að leika okkur að taka á æfingum," sagði Ívar kíminn en hann tók boltann á kassann, vippaði honum yfir fótinn á varnarmanni sem ætlaði að hreinsa frá áður en hann spyrnti knettinum í netið með bakfallsspyrnu.

„Þetta gengur vel hjá mér núna en svo getur maður orðið skúrkur á skömmum tíma. Þetta er á meðan þetta er. Ég er að toppa á réttum tíma," segir Ívar.

Fram hefur ekki verið í toppsæti efstu deildar síðan eftir 7. umferðina árið 1992. Liðið gerði jafntefli í næsta leik það ár og tapaði sætinu til ÍA sem lét það aldrei af hendi og varð Íslandsmeistari. Fram endaði í fimmta sæti það ár. „Ég er ekkert að horfa neitt sérstaklega á neinar tölur eða tölfræði," segir Ívar.

Eðlilega er stemningin hjá félaginu með besta móti. „Skiljanlega er hún það. Gengið helst í hendur við stemninguna," segir Ívar en að hans mati er það samheldnin í hópnum sem er að skila sínu.

„Við höfum verið lengi saman, við lentum í þriðja sæti 2008 og fjórða sæti í fyrra auk þess sem við komumst í bikarúrslitin. Hópurinn er þéttur og þegar menn fara eða meiðast koma aðrir í staðinn. Jón Guðni Fjóluson er gott dæmi, hann byrjaði á bekknum á síðasta tímabili en er núna kominn í landsliðið," segir Ívar.



**FIMM MÖRK** Ívar er markahæsti leikmaður Pepsi-deildarinnar með fimm mörk í sjö leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þorvaldur Örlygsson þjálfari hefur séð á eftir mönnum eins og Reyni Leóssyni, Auðuni Helgasyni og Paul McShane en hefur verið sniðugur í leikmannamálum. „Hann fær menn sem passa inn í liðið, ekki endilega stór nöfn. Þetta er enda hópíþrótt."

Framarar fóru ekki inn í mótið með stórar vonir eða miklar væntingar. „Við ákváðum að hafa engar rosalegar væntingar en ef við lítum á úrslitin í mótunum fyrir Íslandsmótið þá höfum við bara tapað einum leik, fyrir KR, og svo fyrir Blikum í úrslitaleik Lengjubikarsins í vítaspyrnukeppni. Þegar lið tapa ekki leikjum hlýtur þeim að ganga vel."

En er komin pressa á Framara? „Er ekki alltaf pressa á toppliðinu," sagði Ívar og hló við. „Deildin er gríðarlega jöfn eins og taflan sýnir. Það eru allir að taka stig af öllum og það er stutt á milli hláturs og gráts í þessu. Deildin er langhlaup en ekki spretthlaup," sagði Ívar.

**hjalti@frettabladid.is**



**FÁ MÖRK** Þeim bestu gengur illa að skora í Suður-Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ekkert markaregn á HM:

## Helmingi fleiri mörk á Íslandi

**FÓTBOLTI** Rúmlega helmingi fleiri mörk voru skoruð í fyrstu sjö umferðum Pepsi-deildar karla en skoruð voru í fyrstu umferð heimsmeistaramótsins í Suður-Afríku.

Bestu lið heims skoruðu 25 mörk í sextán fyrstu leikjunum, tæp 1,6 mörk að meðaltali í leik.

Í 42 leikjum Pepsi-deildarinnar í fyrstu sjö umferðunum voru 135 mörk skoruð, rúmlega 3,2 mörk að meðaltali í hverjum leik. Í fimmtu umferð Pepsi-deildarinnar voru skoruð 24 mörk og 23 mörk í sjöttu umferðinni. Einn markalaus leikur hefur verið í sumar, leikur KR og Keflavíkur. **- hþh**

### Lið umferðarinnar:

**Leikkerfið er 4-3-3**

**Markmaður:**
Albert Sævarsson (ÍBV)

**Varnarmenn:**
Arnór Sveinn Aðalsteinsson (Breiðablik)
Guðmundur Mete (Haukar)
Jón Guðni Fjóluson (Fram)
Hjörtur Logi Valgarðsson (FH)

**Miðjumenn:**
Þórarinn Ingi Valdimarsson (ÍBV)
Sigurbjörn Hreiðarsson (Valur)
Matthías Vilhjálmsson (FH)

**Sóknarmenn:**
Atli Guðnason (FH)
Ívar Björnsson (Fram)
Gilles Mbang Ondo (Grindavík)



**VINSÆLIR** Lúðrarnir eru vinsælir í Suður-Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Þjóðhátíðarstemning í dag:

## Vuvuzela lúðrar til sölu í dag

**FÓTBOLTI** Vuvuzela-lúðrarnir hafa vakið óskipta athygli á HM í knattspyrnu. Áhorfendur hafa heyrt stöðugt suð lúðranna í gegnum sjónvarpið og mörgum þykir nóg um. Lúðrarnir eru komnir til Ísland og verða til sölu í Turninum á Lækjartorgi í dag. Þeir bera meira að segja íslenska fánann í tilefni þjóðhátíðardagsins.

Spurningin er hvort lúðrarnir fá svo að njóta sín í Pepsi-deildinni út sumarið. **- hþh**

Guðmundur Benediktsson er best klæddi þjálfari Pepsi-deildarinnar:

# Hver leikur á að vera hátíð

**FÓTBOLTI** Guðmundur Benediktsson hefur glætt Pepsi-deild karla nýju lífi með klæðaburði sínum. Guðmundur mætir iðulega í sínu fínasta pússi á hliðarlínuna hjá Selfossi og setur gott fordæmi fyrir aðra þjálfara.

„Þjálfaraúlpan er bara ekki að gera neitt fyrir mig. Þær eru líka yfirleitt frekar stórar og ég er nú ekki nein himnalengja. Þær verða því yfirleitt bara hálfgerður frakki á mér," segir Guðmundur.

En af hverju klæðir hann sig upp á leikdögum? „Hver leikur á að vera hátíð. Maður er í íþróttagalla á öllum æfingum og mér finnst þetta bara eðlilegt. Maður á að klæða sig upp. Það er einsleitt ef allir varamenn og aðrir á bekknum eru í æfingagöllum, og svo þjálfarinn líka," segir Guðmundur og bætir við að klæðaburðurinn sé aukaatriði miðað við leikinn sjálfan.



**PEP GUARDIOLA** Þjálfari Barcelona er hinn spænski Guðmundur Benediktsson. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hann vonast til að fleiri taki sig til fyrirmyndar en Ólafur Kristjánsson, Bliki, er reyndar virkilega snyrtilegur líka. „Ólafur er snyrtipinni og skynsamur maður. Ég held að það sé bara að skila sér."

Sérstaka athygli vakti svokallað Guardiola-vesti sem þjálfari Barcelona hefur gert frægt. „Það er meira nauðsynlegt hérna á Íslandi, það er ekki nógu heitt til að vera bara á skyrtunni," sagði Guðmundur.

„Það er líka alveg ljóst að ef dómara dettur í hug að troða mér í eitthvað vesti, þá tryllist ég og kæri það bara," sagði Guðmundur en Willum Þór Þórssyni og Gunnlaugi Jónssyni þjálfara Vals hefur verið hent í vesti á leikjum.

„Það er alveg út í hött og eitthvað sem ég skil engan veginn. Ég hef horft á og lýst fleiri hundrað leikjum og það skiptir engu máli hvaða deild það er eða Heimsmeistaramót, þetta truflar ekki nokkurn einasta aðstoðardómara. Nema á Íslandi. Það getur ekki verið að Ísland sé eina landið í heimi sem hefur rétt til að gera þetta. Þjálfarar á Íslandi eru ekkert á öðrum stað en þjálfarar annars staðar," sagði Guðmundur ákveðinn. **- hþh**



**FLOTTUR** Guðmundur er með allt á hreinu, allt frá beltissylgjunni til frakkans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL OPIÐ 11:00-18:00



## NÝIR ÍSLENSKIR TÓMATAR *1 KG. 249 KR.*

*AÐEINS 600 KG. Í BOÐI*



1998
KR.KG
GRILLMEISTARA KINDALUNDIR



1598
KR.KG
GM LAMBAKÓTILETTUR KRYDDAÐAR



698
KR.KG
HEILL STEIKTUR KJÚKLINGUR (KALDUR)
CA 1100G

**Sérskorið ferskt lambalæri**
Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt í lærinu og minna bein !



1259
KR.KG

ÍSLANDSLAMB FERSKT LAMBALÆRI
FRÁBÆRAR UPPSKRIFTIR Á MATREIÐSLU Á LAMBALÆRI Á www.bonus.is



698
KR.KS
BÓNUS ÍSPINNAR 24 STK



1398
KR.KG

KJARNAFÆÐI
FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB
*MERKT VERÐ 1998 KR.KG.*
*30% AFSLÁTTUR*



398
KR. 2 LTR
BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR 2 LTR.



598
KR. 2 LTR
MJÚKÍS FRÁ KJÖRÍS 2 LTR.
*SÚKKULAÐI OG VANILLU*



*KR. JÓNSSON:*
GULRÓTAR-KAKA 440g
498 kr.

DILETTO LÚXUS KAFFI
400g *MALAÐ EÐA BAUNIR*



298
KR.PK



179
KR.2 LTR.

NÚ ER
25%
AFSLÁTTUR
AF SAMLOKUOSTI
1157 KR/KG.
*Merkt verð 1542 kr.kg.*



BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
17.JÚNÍ
11:00-18:00

FAGNAÐU Á ÞINN HÁTT!

## HM Í GÆR

### H-RIÐILL

| | |
|---|---|
| **Hondúras - Chile** | **0-1** |
| 0-1 Jean Beausejour (34.) | |
| **Spánn - Sviss** | **0-1** |
| 0-1 Gelson Fernandes (52.) | |

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chile** | **1** | **1** | **0** | **0** | **1-0** | **3** |
| Sviss | 1 | 1 | 0 | 0 | 1-0 | 3 |
| **Hondúras** | **1** | **0** | **0** | **1** | **1-1** | **0** |
| Spánn | 1 | 0 | 0 | 1 | 1-1 | 0 |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| **Chile - Sviss** | **mánudagur kl. 14.00** |
| Spánn - Hondúras | mánudagur kl. 18.30 |

### A-RIÐILL

| | |
|---|---|
| **Suður-Afríka - Úrúgvæ** | **0-3** |
| 0-1 Diego Forlan (24.), 0-2 Diego Forlan, víti (80.), 0-3 Álvaro Pereira (90.+5) | |

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Úrúgvæ** | **2** | **1** | **1** | **0** | **3-0** | **3** |
| Mexíkó | 1 | 0 | 1 | 0 | 1-1 | 1 |
| **Frakkland** | **1** | **0** | **1** | **0** | **0-0** | **1** |
| Suður-Afríka | 2 | 0 | 1 | 1 | 1-4 | 1 |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| Frakkland - Mexíkó | í dag kl. 18.30 |
| **Mexikó - Úrúgvæ** | **þriðjudag kl. 14.00** |
| Frakkland - Suður-Afríka | þriðjudag kl. 14.00 |

### LEIKIR DAGSINS

| | |
|---|---|
| Argentína - Suður-Kórea | kl. 11.30 |
| **Grikkland - Nígería** | **kl. 14.00** |
| Frakkland - Mexíkó | kl. 18.30 |



**DIEGO FORLAN** Er orðinn markahæsturá HM 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Úrúgvæ vann heimamenn:

## Forlan með tvö

**FÓTBOLTI** Diego Forlan átti stórleik og skoraði tvö mörk í 3-0 sigri Úrúgvæ á heimamönnum í Suður-Afríku í fyrsta leiknum í annarri umferð riðlakeppninnar á HM í Suður-Afríku í gær en tapið þýðir að gestgjafarnir eru komnir í mjög slæm mál í riðlinum.

„Sem framherji þá vil ég alltaf skora mörk en það mikilvægasta var að vinna þennan leik. Liðið okkar er gott og við spiluðum einnig vel á móti Frökkum. Við erum mjög þéttir,“ sagði Diego Forlan eftir leikinn.

Forlan skoraði fyrra markið sitt með glæsilegu langskoti en seinna markið hans kom úr vítaspyrnu á 80. mínútu eftir að markvörðurinn Itumeleng Khune braut á  Luis Suarez og hlaut að launum rautt spjald. Álvaro Pereira innsiglaði síðan sigurinn í uppbótartíma.

Carlos Alberto Parreira, þjálfari Suður-Afríku, sparaði dómaranum ekki kveðjuna. “Busacca er versti dómarinn í keppninni til þessa og ég þarf vonandi ekki að horfa upp á hann aftur í keppninni,“ sagði Parreira en Suður-Afríkumenn voru mjög ósáttir með vítapsyrnudóminn og rauða spjaldið sem gerði endanlega út um leikinn. - óój

Þórunn Helga Jónsdóttir fær Heimsmeistarakeppnina beint í æð þar sem hún spilar með Santos í Brasilíu:

# Flugeldar á loft við fyrsta mark Brassanna

**FÓTBOLTI** Knattspyrnukonan Þórunn Helga Jónsdóttir er á sínu þriðja ári með brasilíska liðinu Santos og fær nú fótboltaæðið í Brasilíu beint í æð með því að vera úti í Brasilíu á meðan heimsmeistarakeppnin er í gangi.

„Fyrir utan Suður-Afríku sjálfa get ég ekki hugsað mér skemmtilegri stað til að fylgjast með HM. Allar götur eru skreyttar gulu og grænu og brasilíski fáninn er úti um allt, málaður á göturnar og veggi og annar hver maður í brasilísku landsliðstreyjunni og þar með talin ég,“ segir Þórunn Helga. Hún horfði á fyrsta leikinn í heimahúsi með nokkrum vinum en segir að fæstir í Brasilíu horfi á leikina heima hjá sér.

„Fótbolti er alltaf stór þáttur í þjóðfélaginu hérna en á meðan HM stendur snýst gjörsamlega allt um keppnina. Öllum verslunum, fyrir utan bari og veitingastaði sem hafa sjónvörp, er lokað á meðan leikir Brasilíu standa og ég held grínlaust að það sé nánast enginn sem missir af leik. Hvorki kennurum né nemendum dettur í hug að mæta í skólann á leikdegi Brasilíu. Ég held að meira að segja bankarnir loki á meðan á leik stendur,“ segir Þórunn í léttum tón.



**MIKIL STEMNING Í RÍÓ** Brasilíumenn hópast saman í heimalandinu þegar landsliðið spilar á HM. MYND/AP

Brasilíumenn þurftu að bíða í 55 mínútur eftir fyrsta markinu á móti Norður-Kóreu í fyrrakvöld og enduðu síðan á því að vinna „aðeins“ 2-1 sigur á hinu lítt þekkta liði frá lokaðasta hluta Asíu. „Ef það var einhver í Brasilíu ekki að horfa á leikinn þá hefur honum brugðið þegar fyrsta markið kom því að lætin voru eins og á gamlárskvöld. Flugeldum var skotið upp og það voru gríðarleg gleðilæti,“ sagði Þórunn. Það var síðan allt vitlaust eftir leikinn. Hún segir Brasilíumenn hafa almennt verið ánægða með leikinn þótt að liðið hafi ekki spilað toppleik.

Þórunn Helga heldur að sjálfsögðu með Brasilíu á HM. „Ég hef alltaf stutt Brasilíu á stórmótum en Brasilíuhjartað er orðið töluvert sterkara eftir dvölina hérna,“ segir Þórunn. Hún vonast til að fá að upplifa Brasilíumenn verða heimsmeistara.

„Ég vona svo mikið að ég fái að vita það.  Ég get rétt svo ímyndað mér lífið á götunum. Algjör gleði. Þetta hefur svo sem líka skuggahliðar því að ef að Brasilía vinnur ekki verður hér þjóðarsorg,“ sagði Þórunn að lokum. - óój



**ÞÓRUNN HELGA JÓNSDÓTTIR** MYND/PEDRO ERNESTO GUERRA AZEVEDO

# Þetta var ekki okkar dagur

**Ríkjandi Evrópumeistarar töpuðu fyrir Sviss á HM í gær. Stjörnur Spánverja voru ekki á skotskónum fyrir framan markið og Sviss nýtti annað af tveimur færum sínum. Ein óvæntustu úrslit í sögu HM.**

**FÓTBOLTI** Spánverjar eru dottnir úr efsta sæti veðmangara yfir þær þjóðir sem eru taldar líklegastar til að verða heimsmeistarar. ótrúleg úrslit gærdagsins þegar Sviss vann ríkjandi Evrópumeistara á HM, 1-0.

Ekkert lið hefur orðið heimsmeistari eftir að hafa tapað fyrsta leik sínum á HM. Þrjú lið hafa komist næst því að ná að koma til baka og vinna heimsmeistaratitilinn eftir tap í fyrsta leik. Vestur-Þýskaland (1982), Argentína (1990) og Ítalía (1994) töpuðu sínum fyrsta leik í þessum keppnum en fóru alla leið í úrslitaleikinn en töpuðu þar.

Sviss er í 24. sæti á styrkleikalista FIFA og var ekki einu sinni með Alexander Frei, fyrirliða og stórstjörnu í heimalandinu í liðinu þar sem hann er meiddur. Þá fór besti varnarmaðurinn þeirra, Philippe Senderos sem var að ganga í raðir Fulham frá Arsenal, meiddur af velli í fyrri hálfleik.

Þjóðverjinn Ottmar Hitzfeld stýrir liðinu en hann þjálfaði í Sviss fyrstu níu ár þjálfaraferils síns. Hann er þegar orðinn þjóðhetja í Sviss.

„Við reyndum á hefðbundinn hátt og hetjulegan en við náðum bara ekki að skora markið sem við þurftum. Þetta var bara ekki okkar dagur. Við vorum miklu betri allan leikinn. Núna þurfum við að vinna næstu tvo leiki,“ sagði Vicente Del Bosque, þjálfari Spánverja.

Stephan Lichtsteiner, varnarmaður frá Lazio, var algjörlega frábær í vörn Sviss, hann henti sér fyrir allt og gaf stórstjörnunum engan tíma til að leika listir sínar.

Spánverjar spiluðu reyndar alls ekki illa en ónákvæmni á síðasta þriðjungi vallarins kom þeim í vandræði. Svisslendingar nýttu annað af tveimur færum sínum, hitt var skot í stöngina skömmu síðar, og hirtu stigin. David Villa gat gert betur en með Fernando Torres kláran í byrjunarliðið í næsta leik ætti að lifna yfir sóknarlínu Spánverja.



**ÓSVIKINN FÖGNUÐUR OG SORG** Gelson Fernandes fagnar eftir að hafa skorað af harðfylgi og tryggt Sviss sigur gegn Evrópumeisturunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Del Bosque var reyndar gagnrýndur fyrir að vera bæði með Xabi Alonso og Sergio Busquets í byrjunarliðinu og þar með fimm manna miðju og tvo djúpa miðjumenn, í stað þess að nota annan framherja.

Spánverjar áttu 25 tilraunir að marki Sviss en hittu rammann aðeins fimm sinnum. Eitt skot fór af slánni og út.

Svisslendingar jöfnuðu með Ítala frá því á HM 1990 en þetta var fimmti leikurinn í röð í úrslitakeppni HM sem það heldur marki sínu hreinu. Sviss datt út í 16-liða úrslitunum á HM í Þýskalandi eftir vítaspyrnukeppni án þess að fá á sig mark alla keppnina.

Spánn vinnur væntanlega Hondúras en gæti spilað hreinan úrslitaleik við Chile um hvor þjóðin færi áfram með Svisslendingum, að því gefnu að þeir vinni slakt lið Hondúras líka. Úrslitin eru þau óvæntustu í langan tíma og glæða lífi í mót sem mörgum þykir hafa valdið vonbrigðum til þessa.

**hjalti@frettabladid.is**

## 10 óvæntustu úrslit í sögu HM:

**1. England 0-1 Bandaríkin (1950)**
Fólk á Englandi hélt að blöðin hefðu gleymt einni tölu og leikurinn hefði endaði 1-10 en ekki 1-0 eins og var raunin. Billy Wright og Tom Finney voru meðal stjarna Englands sem náðu ekki að skora fram hjá áhugamönnum Bandaríkjanna.

**2. Norður-Kórea 1-0 Ítalía (1966)**
Fyrsti og eini sigur Norður-Kóreu á HM. Stórlið Ítala var grýtt með úldnum tómötum við heimkomuna.

**3. Alsír 2-1 Vestur-Þýskaland (1982)**
Það var einn á móti 1000 að Alsíringar ynnu Vestur-Þjóðverja sem höfðu aðeins tapað fjórum leikjum á fjórum árum fyrir þennan leik. Jupp Derwall þjálfari sagði eftir leikinn: „Ég trúi þessu bara ekki. Þetta er ofar mínum skilningi.“

**4. Kamerún 1-0 Argentína (1990)**
Argentína átti titil að verja en Maradona og félögum mistókst að skora gegn þjóð sem var ekki talin líkleg til að skora í keppninni.

**5. Senegal 1-0 Frakkland (2002)**
Heims- og Evrópumeistarar Frakka áttu að vinna þennan leik örugglega, gegn þjóð sem fáir vissu nokkuð um. Þeir töpuðu og ollu vonbrigðum út mótið áður en þeir fóru heim án sigurs og án þess að skora.



**KARL HEINZ RUMMENIGGE**

**6. Austur-Þýskaland 1-0 Vestur-Þýskaland (1974)**
Fyrsti leikur Austursins og Vestursins í Þýskalandi. Ótrúleg úrslit en Vestur-Þjóðverjar urðu svo meistarar.

**7. Spánn 5-1 Danmörk (1986)**
Danmörk hafði unnið alla leikina í fyrstu umferðinni, meðal annars Úrugvæ 6-1 og Vestur-Þjóðverja 2-0. Undarlegur leikur þar sem Danir komust yfir áður en Emilio Butragueño skoraði fjögur mörk.

**8. Búlgaría 2-1 Þýskaland (1994)**
Þýskaland hafði komist í þrjá úrslitaleiki á HM í röð og þegar Lothar Matthäus kom þeim yfir leit út fyrir að þeir kæmust í undanúrslit. En tvö mörk á skömmum tíma breyttu draumi þeirra í martröð.

**9. Norður-Írland 1-0 Spánn (1982)**
Enginn hafði trú á Norður-Írum gegn gestgjöfunum, sérstaklega eftir að þeir lentu manni undir snemma leiks. En þeir skoruðu snemma í seinni hálfleik og skutu sér þar með áfram.

**10. Kúba 2-1 Rúmenía (1938)**
Ótrúleg úrslit á sínum tíma. Kúba komst reyndar ekki á HM, en fór á mótið þar sem Mexíkó hætti við þátttöku. Rúmenía spilaði á HM bæði 1930 og 1934 og þótti vera með gott lið. Kúba tapaði svo 8-0 fyrir Svíum í næstu umferð.

Egils Gull og Kareoke Sportbar kynna:

Allir helstu HM leikirnir í beinni á karoeke sportbar Frakkastíg 8.

Skemmtilegar uppákomur á milli leikja og Stór á 450 kr.

Egils gull og Kareoke sportbar - alvöru HM stemmning !






# HÆ HÓ JIBBÍ JEI

## það er 25% afsláttur í tilefni dagsins

**Í dag 17. júní** veitum við **25% afslátt** af öllum Blue Lagoon húðvörum í verslun okkar að Laugavegi 15. Komdu við og kynntu þér íslenskar gæðavörur.

Bláa Lónið óskar öllum Íslendingum til hamingju með daginn!

www.bluelagoon.is

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**66** voru höggin sem **Alfreð Brynjar Kristinsson**, Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar, notaði til að setja nýtt vallarmet af hvítum teigum á Leirdalsvelli í Eimskipamótaröðinni um síðustu helgi. Hann skrifaði hins vegar undir of lágt skorkort og var vísað frá keppni.



**67** högg er því enn vallarmetið af hvítum teigum sem **Axel Bóasson** úr Golfklúbbnum Keili setti fyrir rétt rúmri viku.



**HELGA MÖLLER** Mikil áhugakona um golfíþróttina og er ein þeirra sem hafa tekið þátt í Stjörnugolfi undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjörnugolf 2010:

## Frægir ætla að golfa til góðs

Stjörnugolfmótið fer fram í sjötta sinn 23. júní næstkomandi á Urriðavelli í Garðabæ. Ágóðinn af mótinu rennur óskiptur til Kaffistofu Samhjálpar.

Undanfarin ár hefur ágóðinn af Stjörnugolfi runnið til Barnaspítala Hringsins, Umhyggju og MND félagsins.

Fyrirtæki geta keypt sig inn í mótið með tveggja manna lið og spilað er eftir Texas Scramble fyrirkomulagi. - shá

Fjölgar í Einherjaklúbbnum:

## Tveir fóru holu í höggi

**Svavar Berg Magnússon, kylfingur úr Golfklúbbi Ólafsfjarðar, fór holu í höggi á 3. braut á Skeggjabrekkuvelli á mánudaginn var. Þriðja brautin er skráð 155 metrar af gulum teig.**

**Arngrímur Benjamínsson, úr Nesklúbbnum, náði einnig draumahögginu á Nesvellinum á mánudaginn. Hann fór holu í höggi á annarri brautinni, sem er 108 metra löng af gulum teig.** - kh

# Sautján ára kylfingur setti ótrúlegt met á Korpunni

**Guðmundur Ágúst Kristjánsson, ungur og efnilegur kylfingur, gerði sér lítið fyrir og lék Korpúlfsstaðavöll á 63 höggum sem er met. Hann byrjaði að sveifla kylfu tveggja ára og lék fyrst á mótaröð fullorðinna þegar hann var fjórtán ára.**

Það vakti mikla athygli í golfheiminum á Íslandi þegar það fréttist að Guðmundur Ágúst Kristjánsson, sautján ára kylfingur í Golfklúbbi Reykjavíkur, hefði leikið Korpuvöllinn á 63 höggum af gulum teigum og sett nýtt vallarmet.

„Ég er vanur að leika á hvítum teigum,“ segir Guðmundur Ágúst í samtali við Fréttablaðið. „Það er miklu auðveldara að leika á gulum því það styttir brautirnar mikið og auðveldar að komast inn á flöt í réttum höggafjölda (regulation).“

**Skorkort Guðmundar**

| Braut | Gulur | Par | Forgjöf | Skor |
|---|---|---|---|---|
| 1. | 360 | 4 | 6 | 4 |
| 2. | 442 | 5 | 10 | 3 |
| 3. | 179 | 3 | 2 | 3 |
| 4. | 381 | 4 | 4 | 4 |
| 5. | 286 | 4 | 8 | 4 |
| 6. | 128 | 3 | 18 | 3 |
| 7. | 414 | 5 | 14 | 3 |
| 8. | 316 | 4 | 12 | 3 |
| 9. | 142 | 3 | 16 | 3 |
| **Út** | **2648** | **35** | | **30** |
| 10. | 301 | 4 | 9 | 4 |
| 11. | 419 | 5 | 11 | 4 |
| 12. | 304 | 4 | 5 | 4 |
| 13. | 189 | 3 | 7 | 3 |
| 14. | 286 | 4 | 15 | 3 |
| 15. | 495 | 5 | 1 | 5 |
| 16. | 147 | 3 | 17 | 3 |
| 17. | 322 | 4 | 3 | 4 |
| 18. | 316 | 4 | 13 | 3 |
| **Inn** | **2779** | **36** | | **33** |
| **Út** | **2648** | **35** | | **30** |
| **Alls** | **5427** | **71** | | **63** |



**FALLEG SVEIFLA** Guðmundur Ágúst segir að Korpan og Grafarholtið séu í sérstöku uppáhaldi en þó finnist honum Þorláksvöllur í Þorlákshöfn líka vera alvöruvöllur. MYND/HELGA

Spurður hvað hann hafi hitt margar flatir í réttum höggafjölda er svarið stutt „átján“ sem þýðir að hann hitti allar flatirnar. 100 prósent árangur. Til gamans má geta þess að kylfingar á bandarísku mótaröðinni hitta að meðaltali 65 prósent allra flata.

Guðmundur Ágúst segist hafa byrjað í golfi kornungur.

„Golfið er fjölskyldusportið. Það er til mynd af mér tveggja ára að sveifla kylfu en ég byrjaði í GR þegar ég var átta ára og ellefu ára byrjaði ég að keppa.“

Guðmundur Ágúst lék fyrst í meistaraflokki á íslensku mótaröðinni þegar hann var fjórtán ára. Síðan þá hefur hann tekið þátt í sífellt fleiri mótum og varð hann til að mynda í sjöunda sæti á Íslandsmótinu í höggleik sem haldið var í Grafarholtinu í fyrra og Ólafur Loftsson vann með eftirminnilegum hætti.

Máltækið segir að æfingin skapi meistarann og það er ekki að heyra annað en að Guðmundur Ágúst fari eftir því.

„Á veturna æfi ég sex sinnum í viku í svona tvo til þrjá tíma í senn. Á sumrin æfi ég aftur á móti alla daga nema þegar ég er alveg dauðþreyttur eða veikur.“

Aðspurður segir hann að járnaspilið sé helsti styrkleikinn en aftur á móti þurfi hann að bæta ýmislegt, sérstaklega þó stutta spilið í kringum flatirnar.

Guðmundur Ágúst stefnir leynt og ljóst að því að verða atvinnumaður í golfi. Það mun samt ekki verða gert á kostnað menntunarinnar. Hann stundar nú nám í Menntaskólanum við Sund en að því loknu hyggst hann halda til Bandaríkjanna í háskólanám.

„Ég er rétt að byrja að skoða hvort ég fái ekki skólastyrk út á golfið. Ef það tekst þá hugsa ég að ég skelli mér bara í verkfræði enda er ég á eðlisfræðikjörsviði í MS. Hvað maður gerir síðan eftir háskólanámið er erfitt að segja enda langt þangað til. Eins og staðan er í dag ætla ég samt að reyna að komast á evrópsku mótaröðina eða þá Nationwide-mótaröðina í Bandaríkjunum.“

trausti@frettabladid.is

EINFALT MEÐ EINARI

## Holan er eitthvað svo stór í dag!

**Einar Gunnarsson** PGA golfkennari Stykkishólmi



Kannast þú við að standa yfir pútti og hugsa: „þetta pútt fer örugglega framhjá!“ eða „þetta verður ábyggilega of stutt“? Margir kylfingar eiga í erfiðleikum með að bægja frá neikvæðum hugsunum þegar kemur að því að pútta. Til að koma í veg fyrir það er gott að huga að nokkrum þáttum þegar pútt eru æfð, hvort heldur er á æfingaflötinni eða á golfvellinum. Á meðan þú æfir pútt skaltu, auk tækniatriðanna, æfa þig í að hugsa rétt. Með réttri hugsun líður manni betur og þá verða púttin betri. Tileinkið ykkur jákvæðar hugsanir á meðan þið standið yfir púttunum til dæmis „ég er að miða hárrétt“ eða „þetta pútt getur ekki klikkað… holan er eitthvað svo stór í dag“.

Þá skaltu líka muna eftir góðum púttum hjá þér, bæði frá æfingaflötinni og af golfvellinum, og rifja þau stöðugt upp í huganum. Mundu líka eftir því að segja einhverjum (sjálfum þér, golffélaganum, maka þínum eða einhverjum sem vill hlusta á spennandi golfsögur) frá glæsilegu púttunum þínum. Þannig byggir þú smátt og smátt upp sjálfstraust sem bætir árangur þinn í púttum.





KRISTJÁN ÞÓR EINARSSON

VALDÍS ÞÓRA JÓNSDÓTTIR






## Hollráð Hinna

### Hvernig má hraða leik ?

Eitt helsta vandamál á golfvöllum á Íslandi er hversu leikur er hægur. Fyrir þessu eru margar ástæður en Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá GR, ráðleggur kylfingum eftirfarandi til að stytta biðina á vellinum:

Fyrst af öllu er hraður leikur betri leikur – flestum sem spila golf gengur betur ef leikið er hratt og með góðum takti.

1. Leikmenn ættu alltaf að vera tilbúnir þegar þeir eiga að slá. Vera tilbúnir með bolta, tí og kylfu þegar kemur að þeim að slá teighögg. Undirbúa högg á leið að boltanum og vera tilbúin á flöt þegar kemur að þeim.
2. Hafa í huga þegar komið er á flöt hvar næsti teigur er og skilja kerruna eftir þeim megin flatarinnar þar sem styst er á næsta teig.
3. Takið boltann upp þegar ljóst er að þið getið ekki fengið punkt lengur.
4. Fylgjast vel með hópnum fyrir framan og reynið að dragast ekki aftur úr honum. Algengur misskilningur er að fylgjast með þeim sem koma á eftir.
5. Nota tímann þegar aðrir í leikhópnum eru að pútta til að gera við för eftir niðurkomu boltans á flöt.
6. Yfirgefa flötina um leið og allir hafa klárað – leikmenn geta fært skorið á skorkortið á næsta teig meðan aðrir eru að leika í leikhópnum.



**Eimskipamótaröðin 2010 - staðan**

**Karlar**

| | |
|---|---|
| 1 Kristján Þór Einarsson GKJ | 2152.50 |
| 2 Sigmundur Einar Másson GKG | 1681.88 |
| 3 Hlynur Geir Hjartarson GK | 1629.38 |
| 4 Björgvin Sigurbergsson GK | 1500.00 |
| 5 Sigurþór Jónsson GK | 1500.00 |
| 6 Tryggvi Pétursson GR | 1344.38 |
| 7 Pétur Freyr Pétursson GR | 1312.50 |
| 8 Rúnar Arnórsson GK | 1216.88 |
| 9 Axel Bóasson GK | 1173.75 |
| 10 Guðmundur Ágúst Kristján. GR | 1072.50 |

**Konur**

| | |
|---|---|
| 1 Valdís Þóra Jónsdóttir GL | 3000.00 |
| 2 Ólafía Þórunn Kristinsdóttir GR | 1732.50 |
| 3 Eygló Myrra Óskarsdóttir GO | 1702.50 |
| 4 Ingunn Gunnarsdóttir GKG | 1575.00 |
| 5 Jódís Bóasdóttir GK | 1425.00 |
| 6 Ingunn Einarsdóttir GKG | 1275.00 |
| 7 Þórdís Geirsdóttir GK | 1271.25 |
| 8 Signý Arnórsdóttir GK | 1200.00 |
| 9 Berglind Björnsdóttir GR | 1065.00 |
| 10 Ragna Björk Ólafsdóttir GK | 952.50 |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> **Jennifer Aniston**

„Reyndu að fylgja því sem að þig langar til að gera og því sem að hjartað segir þér að gera.“

***Á Stöð 2 Extra kl. 21.25 fer Jennifer Aniston með hlutverk Rachel Green í gamanþáttunum Friends.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR HORFÐI OG HLÝDDI Á NORSKA FJÖLMIÐLA

# *Þar sem fleira heyrist en bergmálið*

Það eru engin sérstök tíðindi að Ísland er einangrað land svona að flestu leyti. Samt kemur það stundum enn á óvart þegar farið er utan, hversu mikinn áhuga útlendingar hafa á öðrum útlendingum, eða umheiminum.

Norðmenn eru svolítlir sveitamenn. Þeir vilja hafa það huggulegt, að allir séu vinir og svo skreppa þeir í sveitakofann sinn eða á gönguskíði. Þeir eru líka svo ríkir að þeir gætu séð um sig sjálfir að mestu leyti. Þannig á málin litið væru þeir betur afsakaðir en við, væru þeir miklir einangrunarsinnar.

En sú er samt ekki raunin. Í Ósló er einn af hverjum fimm nemendum í grunnskólum með „innflytjendabakgrunn“. Mannlífið á götum úti er því afar fjölbreytilegt. Í Ósló virðast engir túristar vera. Svo kemur í ljós að jú, þarna er verið að tala spænsku og þarna eitthvert annað tungumál. En túristarnir eru einhvern veginn hluti af hinu fólkinu, skera sig ekki augljóslega úr.

Þessi alþjóðleiki birtist í fjölmiðlunum líka. Í ríkisútvarpi Norðmanna heyrði ég nýlega fjallað um vandamál Grikkja. Þá fór auðvitað norskur fréttamaður að spjalla við fólk á götum Aþenu. Grikki í öngum sínum yfir efnahagsvandanum fór með heillanga ræðu og ekki lesin norsk þýðing fyrr en hann hafði lokið máli sínu. Maður fékk á tilfinninguna að vandamál Grikkja skiptu einhverju máli.



Norskt útvarp einkennist mikið af FM-tónrusli, en leynir á sér. Alþjóðlega séð er það hátíð, miðað við að í Reykjavík er bara BBC og svo einhverjir halelújamenn frá Bandaríkjunum að tala um heimsendi og brennivín. Í Ósló fann ég útvarp á frönsku og spænsku, tyrknesku, hindí, held ég örugglega, og fleira sem ég kann ekki að nefna. Sungið úr Kóraninum á arabísku. Þá heyrist hellingur af efni frá öðrum Norðurlöndum, samískar vísur og dót sem Íslendingar þyrftu að sérpanta til að heyra. Það er eins og maður sé hluti af umheiminum þegar maður hlustar á útvarpið í Noregi, eins og maður gæti farið hvert sem er, að landamæri séu ekki aðalatriðið.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.30** Björk- Volta SKJÁREINN



▶ **20.00** US Open 2010 Bein úts. STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** Sex and the City STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.25** Friends STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.15** The Wire STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Kóalabræður, Skellibær, Ólivía, Bitte nú!, Rasmus fer á flakk
**11.00 Epik feil** Verðlaunamynd frá Stuttmyndadögum 2009. (e)
**11.20 Hátíðarstund á Austurvelli** Bein útsending frá Austurvelli
**12.05 Reykjavik Guesthouse - Rent a Bike** Bíómynd frá 2002 eftir Björn Thors og Unni Ösp Stefánsdóttur. (e)
**13.30 HM-stofa**
**14.00 HM í fótbolta** Grikkland - Nígería, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.
**15.50 Íslenska golfmótaröðin** Þáttaröð um Íslandsmótið í golfi. (e)
**16.35 Stundin okkar**
**17.05 Táknmálsfréttir**
**17.15 HM-stofa**
**18.00 Fréttir**
**18.20 HM í fótbolta** Frakkland - Mexíkó, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.
**20.30 HM-kvöld**
**21.00 Ávarp forsætisráðherra** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flytur ávarp.
**21.20 Veðurfréttir**
**21.25 Ikingut** Bíómynd eftir Gísla Snæ Erlingsson frá 2000. (e)
**22.55 Framtíðarleiftur** (Flash Forward)
**23.40 Berlínaraspirnar** (5:8) (Berliner-poplene) (e)
**00.30 HM-kvöld** (e)
**00.55 HM í fótbolta** Argentína - Suður-Kórea, upptaka af leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.
**02.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Litla risaeðlan**
**07.10 Harry and Toto**
**07.20 Lalli**
**07.50 Gulla og grænjaxlarnir**
**08.50 Könnuðurinn Dóra** Könnuðurinn Dóra í glænýjum og sérstaklega löngum hátíðarþætti.
**09.40 Stuðboltastelpurnar**
**10.05 Scooby-Doo og félagar**
**10.30 High School Musical 3. Senior Year** Frábær mynd fyrir alla dans- og söngunnendur.
**12.20 Logi í beinni**
**13.10 Evan Almighty** Hér er á ferðinni frábær gamanmynd og sjálfstætt framhald af Bruce Almighty þar sem Óskarsverðlaunaleikarinn Morgan Freeman snýr aftur í hlutverki Guðs og Steve Carell leikur Evan.
**14.45 She's the One** Rómantísk gamanmynd.
**16.20 Louie Theroux. Under the Knife** Frábær heimildarmynd með Louise Theroux þar sem hann kynnist heimi lýtalækninga í Kaliforníu.
**17.20 The O.C.** (13:27)
**18.05 The Big Bang Theory** (11:23)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**19.00 The Simpsons** (3:22)
**19.25 Two and a Half Men** (7:24)
**19.50 How I Met Your Mother** (4:24)
**20.15 Matarást með Rikku** (7:8) Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en í öllum tilfellum alveg eldheitu ástarsambandi við matargerð. Rikka mun fylgjast með þessum sælkerum undirbúa eitt af sínum margrómuðu matarboðum.
**20.45 NCIS** (24:25)
**21.30 Fringe** (18:23)
▶**22.15 The Wire** (3:10)
**23.15 Steindinn okkar**
**00.00 Twenty Four** (20:24)
**00.45 The Mentalist** (22:23)
**01.30 Lie to Me** (1:22)
**02.15 Supernatural** (15:16)
**02.55 She's the One**
**04.30 Evan Almighty**
**06.05 The Big Bang Theory** (11:23)

## SPORT *besta sætið*

**17.35 St. Jude Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA-mótaröðinni krufin til mergjar.
**18.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Árið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**19.00 Fluguhnýtingar** Í þessum þætti er farið yfir alla þætti fluguhnýtinga. Þetta er þáttur sem allir áhugamenn um veiði mega ekki láta fram hjá sér fara.
**19.30 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic-mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum í dag.
▶**20.00 US Open 2010** Bein útsending frá US Open í golfi en mótið er eitt af fjórum risamótunum í golfi en þangað mæta til leiks allir bestu kylfingar heims og þar á meðal Tiger Woods.
**23.00 UFC 115** Sýnt frá UFC 115 en þangað mæta til leiks margir af færustu bardagamönnum heims í þessari mögnuðu íþrótt.
**01.00 NBA-körfuboltinn. LA Lakers -**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 HM 4 4 2**
**07.45 HM 4 4 2**
**08.30 S-Afríka - Úrúgvæ** HM 2010.
**10.30 HM 4 4 2**
**11.15 Argentína - S-Kórea** Bein útsending frá leik Argentínu og Suður Kóreu á HM 2010.
**13.25 Spánn - Sviss** HM 2010.
**15.20 Hondúras - Chile** HM 2010.
**17.10 Grikkland - Nígería** HM 2010.
**19.05 Argentína - S-Kórea** HM 2010.
**21.00 HM 4 4 2**
**21.45 Frakkland - Mexíkó** HM 2010.
**23.40 Grikkland - Nígería** HM 2010.
**01.35 Argentína - S-Kórea** HM 2010.
**03.30 HM 4 4 2**
**04.15 HM 4 4 2**
**05.00 HM 4 4 2**
**05.45 HM 4 4 2**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.50 Dr. Phil** (e)
**10.35 Rachael Ray** (e)
**11.20 America's Funniest Home Videos** (30:50) (e)
**11.45 Barbie & The Mermaid Tale**
**13.15 King of Queens** (5:25) (e)
**13.40 Still Standing** (6:20) (e)
**14.05 Dirty Dancing 2 . Havana Nights** (e)
**15.35 America's Funniest Home Videos** (31:50) (e)
**16.00 Rachael Ray**
**16.45 Dr. Phil**
**17.30 Sumarhvellurinn** (1:9) (e)
**17.55 America's Next Top Model** (8:12) (e)
**18.40 H2O** (10:26)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (11:46)
▶**19.30 Björk - Voltaic Live in Reykjavik** Upptaka frá einstökum tónleikum Bjarkar Guðmundsdóttur í Langholtskirkju. Þetta voru síðustu tónleikarnir í Volta tónleikaferð Bjarkar.
**19.55 King of Queens** (10:22)
**20.20 Family Guy** (5:14)
**20.45 Parks & Recreation** (7:24)
**21.10 Royal Pains** (9:13)
**22.00 Law & Order** (8:22)
**22.50 Jay Leno**
**23.35 The Good Wife** (23:23) (e)
**00.25 Bass Fishing** (2:8) (e)
**01.10 King of Queens** (10:22) (e)
**01.35 Pepsi MAX tónlist**

## BÍÓ

**08.20 Happy Gilmore**
**10.00 What Happens in Vegas...**
**12.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**14.00 Happy Gilmore**
**16.00 What Happens in Vegas...**
**18.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
▶**20.00 Sex and the City**
**22.20 Knocked Up**
**00.25 Good Luck Chuck**
**02.25 Hot Fuzz**
**04.25 Knocked Up**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**20.30 Hrafnaþing**
**21.00 Eitt fjall á viku**
**21.30 Birkir Jón**
**22.00 Hrafnaþing**
**22.30 Hrafnaþing**
**23.00 Eitt fjall á viku**
**23.30 Birkir Jón**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.30

**Fringe**



Olivia og félagar rannsaka dularfullt dauðsfall farþega í lest, en öll orka úr líkunum ásamt öllum raftækjum virðist hafa gufað upp. Á sama tíma skrifar Walter bréf til Peters til að útskýra uppruna hans. Þetta er önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsakar hún röð dularfullra atvika.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Matarást með Rikku**

### Stöð 2 kl. 20.15



Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en í öllum tilfellum alveg eldheitu ástarsambandi við matargerð. Rikka mun fylgjast með þessum sælkerum undirbúa eitt af sínum margrómuðu matarboðum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Í tilefni dagsins
**09.03** Framtíð lýðveldis
**10.03** Veðurfregnir
**10.15** Lúðraþytur
**10.30** Frá þjóðhátíð í Reykjavík
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Dvel ég í draumahöll
**14.00** Ljóðið sem kallar á lag
**15.00** Í Álftaveri
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** 50 ára söngafmæli Helenu Eyjólfsdóttur
**17.35** Óður um Ísland
**18.00** Kvöldfréttir
**18.15** Auglýsingar
**18.17** Fáni Íslands og skjaldarmerki
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Útvarpsleikhúsið: Hrólfur
**20.25** Landsýn
**21.05** Sögur af listmálara
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Smásaga: Sumardagur
**23.00** Hæ, hó, jibbí jei!
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Grey's Anatomy** (1:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema George, sem féll á lokaprófinu og þarf því að slást í hóp með nýju læknanemunum. Þeirra á meðal er systir Meredith.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

▶**21.25 Friends** (7:24) Rachel er flutt inn til Phoebe. Þær ákveða að skokka saman í almenningsgarðinum hvern einasta dag. Rachel skammast sín fyrir Phoebe þegar hún uppgötvar að hún hleypur eins og lítill krakki. Joey fær sér bráðhuggulegan meðleigjanda og á erfitt með að daðra ekki við hann. Súperfyrirsætan Elle MacPherson er í hlutverki Janine, meðleigjanda Joeys.

**21.50 Autism. The Musical** Einstök og áhrifamikil heimildarmynd þar sem fylgst er með fimm einhverfum börnum og fjölskyldum þeirra setja á svið söngleik. Myndin hlaut tvenn Emmy-verðlaun.

**23.25 Grey's Anatomy** (1:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema George, sem féll á lokaprófinu og þarf því að slást í hóp með nýju læknanemunum. Þeirra á meðal er systir Meredith.

**00.10 The Doctors**

**00.55 Fréttir Stöðvar 2**

**01.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** Blackadder Goes Forth **12.50** My Hero **13.20** My Hero **13.50** Life of Riley **14.20** Life of Riley **14.45** The Weakest Link **15.30** Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Only Fools and Horses **18.00** The Visitor **18.30** The Inspector Lynley Mysteries **19.20** The Inspector Lynley Mysteries **20.05** The Visitor **20.30** Doctor Who **21.20** Dalziel and Pascoe **22.15** The Visitor **22.45** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** The Inspector Lynley Mysteries

## DR 1

**12.00** Hammerslag **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** That's So Raven **14.30** Leon **14.35** Harold Småsten **15.00** F for Får **15.05** Landet for længe siden **15.30** Fandango **16.00** Af nød og lyst - om kongebryllupper gennem tiden **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3. Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** Kronprinsessen og kongeriget **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Gigli **21.55** Höök **22.55** Heksemissionen med Mascha Vang **23.05** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Elixir **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Tinas mat **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Kronprinsessen og kongeriket **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Myra **21.00** Kveldsnytt **21.15** Heksedansen **22.00** Tre menn i en båt **23.00** Solgt! **23.30** Blues jukeboks

## SVT 1

**14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Det kungliga bröllopet **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Din plats i historien **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Det kungliga bröllopet **19.00** Fotbolls-VM **20.30** Fotbolls-VM. Höjdpunkter **21.15** Five Days **22.15** Uppdrag Granskning **23.15** Woodstock 1969


PIPAR\TBWA • SÍA • 101639

Landsvirkjun
hefur opið umhverfis landið




Landsvirkjun býður alla velkomna í stöðvar sínar í sumar. Í stöðvum Landsvirkjunar umhverfis landið má kynna sér orkuvinnslu úr vatnsafli og jarðvarma.




Samhliða orkufræðslu er boðið upp á sýningar af ýmsum toga, meðal annars í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Hönnunarmiðstöð Íslands.





**Komdu í heimsókn í sumar**
**Við tökum vel á móti þér**

**Opið alla eftirmiðdaga í sumar. Aðgangur ókeypis.**

Verið velkomin til okkar í sumar:

**Blanda** í Húnavatnssýslu: *Dimmir hratt á draugaslóð* – málverkasýning Baska
**Búrfell** í Þjórsárdal: *Gengið að verki* – ljósmyndasýning Jakobs Jakobssonar
*Andlit Þjórsdæla* – líf í Þjórsárdal í 1100 ár
*Þjóðveldisbærinn* – Lifandi vitni um húsakynni á þjóðveldisöld
**Krafla** í Mývatnssveit: *Kröflueldar* – kvikmynd og fræðsla um orku í iðrum jarðar
**Laxá** í Aðaldal: *Hvað er með Ásum?* – goðafræði og höggmyndir Hallsteins Sigurðssonar
**Ljósifoss** við Sog: *Náttúran í hönnun* – samstarfsverkefni með Hönnunarmiðstöð Íslands. **Opnar 19. júní**
**Végarður** í Fljótsdal: Framkvæmdin við Kárahnjúka í máli og myndum. Ferðir inn í Fljótsdalsstöð
**Allar stöðvar**: *Raunveruleikatékk* – hringferð um landið í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík

**Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is**

Landsvirkjun

## SUMARFRÍIÐ



*„Ég heimsæki bróður minn til Ísafjarðar og fer í sumarbústað. Svo á ég miða með Herjólfi á Þjóðhátíð en er ekki búin að ákveða hvort ég fer.“*

Gréta Mar Guðbrandsdóttir, nemi í stjórnmála- og viðskiptafræði.

# Dikta bjargar ímynd landsins

„Mér finnst þetta skemmtilegt framtak – og sniðugt að ætla að hamra járnið á meðan það er heitt og nýta neikvæðu kynninguna sem Ísland hefur vegna eldgossins í Eyjafjallajökli og láta koma eitthvað jákvætt í staðinn,“ segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari hljómsveitarinnar Dikta.

Haukur og félagar koma fram á tónleikum Inspired by Iceland-átaksins sem fara fram að Hamragörðum undir Eyjafjöllum fimmtudagskvöldið 1. júlí. Tónleikarnir verða þriggja tíma langir og í beinni útsendingu á vefsíðu átaksins. Ásamt Diktu koma fram breska hljómsveitin Spiritualized með íslenskri strengjasveit og kór, Seabear, Amiina, Steindór Andersen, Lay Low, Hilmar Örn Hilmarsson, Mammút, Páll á Húsafelli og Parabólur ásamt fleirum. Þá verða sýndar mynd- og hljóðupptökur með Damien Rice, Glen Hansard, Gus Gus, Hjaltalín, For a Minor Reflection og Retro Stefson og fleirum.

En er tónlistin rétta leiðin?

„Ég held að það sé alls ekki vitlaus hugmynd,“ segir Haukur. „Tónlist hefur gengið einna best hingað til og handbolti kannski líka – það veit bara enginn hvað handbolti er. Tónlist er eitthvað sem fólk veit hvað er þannig að ég held að það sé mjög sniðugt.“ - afb



**GULLKÁLFAR** Dikta leggur sitt af mörkum og spilar á tónleikum Ispired by Iceland-átaksins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



### LÁRÉTT
**2.** glansa, **6.** munni, **8.** gilding, **9.** kóf, **11.** guð, **12.** erfiði, **14.** dans, **16.** fíngerð líkamshár, **17.** skjön, **18.** umhyggja, **20.** tónlistarmaður, **21.** óhljóð.

### LÓÐRÉTT
**1.** að lokum, **3.** í röð, **4.** asfalt, **5.** svif, **7.** skothylki, **10.** húsfreyja, **13.** bókstafur, **15.** sót, **16.** reglur, **19.** númer.

### LAUSN
**LÁRÉTT: 2.** gljá, **6.** op, **8.** mat, **9.** kaf, **11.** ra, **12.** streð, **14.** rúmba, **16.** ló, **17.** mis, **18.** önn, **20.** kk, **21.** garg.

**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** lm, **4.** jarðbik, **5.** áta, **7.** patróna, **10.** frú, **13.** emm, **15.** aska, **16.** lög, **19.** nr.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8.

1. Haraldur Flosi Tryggvason.
2. Þrjár.
3. Logi Geirsson.











**HÆTTUR Í BOLTANUM** Eggert hefur skipt út takkaskónum fyrir flugfreyjuna og líkar vel. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## EGGERT STEFÁNSSON: VINNUR SEM FLUGFREYJA Í SUMAR

# Úr fótbolta í flugfreyjuna

Eggert Stefánsson, fyrrverandi leikmaður Fram í fótbolta, hefur algjörlega söðlað um starfsvettvang og er farinn að skenkja kaffi í háloftunum. Eggert er kominn úr mikilli íþróttafjölskyldu en bræður hans eru Ólafur Stefánsson handboltakappi og Jón Arnór Stefánsson körfuboltamaður.

Hann er lærður flugmaður en mikill samdráttur er í þeim geira eins og annars staðar. „Ég kláraði flugmanninn í fyrra og þegar ég sá að Iceland Express auglýsti eftir flugliðum í byrjun árs stökk ég á það,“ segir Eggert. „Mig langaði að koma mér inn í fluggeirann og sé alls ekki eftir því. Flugfreyjustarfið hefur komið mér skemmtilega á óvart.“

Eggert stefnir á flugmanninn í framtíðinni, hér heima eða úti. Til að vera flugliði þarf maður að kunna eitt tungumál fyrir utan íslensku og ensku en Eggert er uppalinn að hluta í Svíþjóð og getur bjargað sér á þýsku. „Fyrsta flugið mitt var einmitt til Þýskalands en ég þorði ekki að spreyta mig á hátalarakerfinu þá. Ég þarf aðeins að dusta rykið af skólaþýskunni.“

Eggert er sammála því að stökkið frá sveittri fótboltatreyju í flugfreyjubúning sé stórt en að starfið feli í sér mikið meira en bara kaffiuppáhellingar. „Auðvitað snýst þetta mikið um að vera notalegur, almennilegur og þjónusta fólk en þetta er fyrst og fremst öryggisstarf. Maður þurfti að taka á honum stóra sínum til að komast í gegnum námskeiðið, sem var mjög krefjandi. Margar reglur og próf sem maður þarf að ná. Þegar ég í framtíðinni get sett á mig flugmannahúfuna mun flugliðareynslan skila sér vel.“

Eggert lagði takkaskóna á hilluna sumarið 2007 eftir slæm meiðsli í hné. „Þau meiðsli gerðu það að að verkum að ég tók stökkið út til Flórída í flugmannsnám. Hugurinn lítur þó hýru auga til fótboltans en skrokkurinn leyfir það ekki. „Ég byrjaði að æfa með FH um áramótin og planið var að vera með í sumar en ég er búinn að vera slæmur í bakinu og varð því að hætta við. Nú flýg ég bara heimshorna á milli, gef kaffi og fæ góðan frítíma með fjölskyldunni. Ég sætti mig alveg við það hlutskipti.“ alfrun@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Uppistandarinn **Ari Eldjárn** hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir leik sinn í auglýsingum símafyrirtækisins Nova. Þeir sem þekkja til Ara segja reyndar að hann sé alls ekki að leika heldur einfaldlega segja sannleikann um reynslu sína sem fótboltaiðkandi. Ari hefur nefnilega mikinn áhuga á íþróttinni en lærði ekki að spila fyrr en á þrítugsaldrinum …



Og aðeins meira um Ara, eða öllu heldur uppistandshópinn sem hann tilheyrir, Mið-Ísland. **Bergur Ebbi Benediktsson**, einn af meðlimum hópsins, hóf nýlega störf á auglýsingastofunni Jónsson og Le'macks. Þar hittir Bergur einmitt fyrrnefndan Ara sem hefur starfað á stofunni síðustu misseri. Bergur mun starfa sem hugmyndasmiður sem ætti henta honum vel enda þekktur fyrir óbeislað ímyndunarafl.

Fréttajaxlinn **Helgi Seljan** er kominn í sumarfrí á RÚV. Hann liggur þó ekki á grænu túni með tærnar upp í loft eins og fjölmargir Íslendingar heldur er hann kominn á sjó. Hann siglir nú um höfin blá á Aðalsteini Jónssyni SU-11 og lætur reglulega vita af sér á bloggsíðu skipsins, þar sem aðrir skipverjar fá oft að kenna á háðsglósum fréttamannsins stríðna. - afb



# Besta gítargripsíða heims endurnýjuð

„Við sáum rifu á markaðnum fyrir svona síðu. Fólk í kringum okkur var alltaf að sanka að sér nótum og gripum frá mismunandi stöðum og okkur datt í hug að safna þessu saman á sömu síðuna. Við teljum okkur vera með bestu gítargripvefsíðu í heiminum í dag,“ segir Kjartan Sverrisson.

Kjartan stofnaði Gítargrip ásamt félaga sínum Sævari Eyfjörð árið 2008. Á síðunni er samsafn af lögum sem fólk getur prentað út að vild og búið til söngbækur fyrir partýin, sumarbústaðinn eða útileguna.

Nú hefur vefsíðan fengið nýtt útlit og bætt þjónustu sína við notendur. „Við ákváðum um áramótin að gera þetta að alvöru fyrirtæki en ekki bara áhugamáli. Á síðustu mánuðum hafa vinsældir síðunnar verið að aukast en heimsóknir eru komnar í yfir 40.000 á mánuði og við finnum sérstaklega fyrir aukinni umferð á síðuna í kringum aðalferðahelgarnar á sumrin. Verslunarmannahelgin var til dæmis algjör toppur í fyrra,“ segir Kjartan.

Maður þarf ekki að vera tónlistarmaður til að nota síðuna. Á vefnum er forrit þar sem maður getur sett inn þá hljóma sem maður kann og vefurinn finnur lög sem henta getu hvers og eins. „Flestir notendur okkar lesa ekki mikið nótur svo samhliða þessu forriti er hægt hlusta á öll lögin og sjá myndbönd á Youtube á meðan maður glamrar á gítarinn. Þessi síða er því líka eins konar kennsluvefur og getur hjálpað fólki að koma sér af stað,“

Kjartan segir að aukið samstarf við tónlistarmenn sé í bígerð á næstu mánuðum og hefur hann fengið jákvæðar undirtektir frá þekktum tónlistarmönnum á borð við Jakob Frímann, Stebba Hilmars og Bjartmar Guðlaugsson.

Athygli vekur að vinsælasta lag síðunnar hefur verið það sama frá upphafi en það er Halleluja með Jeff Buckley. „Nú er íslenska hljómsveitin Dikta að sækja í sig veðrið. Við sjáum hvort Buckley þurfi að víkja fyrir íslensku rokki í sumar.“ - áp



**KJARTAN SVERRISSON** Annar tveggja stofnenda síðunnar Gítargrip.is sem nú hefur breytt útliti sínu og bætt þjónustu við notendur sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Íslendingar
til hamingju með daginn!
Aðeins í dag
17. júní
©Disney
Plútó, Mikki, Andrés, Guffi og Jóakim
við skjaldamerkið 2010
Allir sem gerast áskrifendur að Andrési Önd í dag 17. júní
fá í kaupbæti fimm Andrésblöð í safnið, möppu og RisaSyrpu.
Disney
ANDRÉS ÖND
WWW.ANDRÉSÖND.IS
Fæst afhent hjá Eddu útgáfu, Lynghálsi 4 frá og með 18. júní gegn framvísun skráningarstaðfestingar

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



RÓMEÓ OG JÚLÍA
Vesturport
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Borgarleikhúsið


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kemur Albarn?



**Damon Albarn** er einn allra vinsælasti tónlistarmaður Bretlands. Hann er líka annálaður Íslandsvinur, byggði sér hús í Grafarvoginum fyrir nokkrum árum og átti hlut í Kaffibarnum. Þá eru til skemmtilegar sögur af honum úr miðbæ Reykjavíkur þar sem hann talar um *landið sitt* við afgreiðslufólk. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið rætt við Albarn um aðkomu hans að risatónleikum Inspired by Iceland-átaksins, sem sagt er frá í Fréttablaðinu í dag. Hann ku ekki vera búinn að svara, en það væri vissulega gaman að fá hann til landsins með hljómsveit.

### Óskarsverðlaunahafi hjálpar



Nafn **Glens Hansard** hringir bjöllum hjá fæstum, en hann er maðurinn á bak við lagið Falling Slowly úr kvikmyndinni Once sem hann fékk Óskarsverðlaun fyrir árið 2008. Glen tekur þátt í fyrrnefndum tónleikum úr fjarska þar sem myndband með honum verður sýnt á tónleikunum og þar með varpað um allan heim í gegnum vefsíðu átaksins.

### Tæknivæddur borgarstjóri



**Jón Gnarr** borgarstjóri fetar í fótspor ekki ómerkari leiðtoga en Baracks Obama með því að nýta nýtísku fjarskiptaleiðir til að koma skilaboðum til almennings og þar með kjósenda. Jón hefur stofnað dagbók borgarstjóra á Facebook og skrifar þar stutt skilaboð úr ráðhúsinu sem allir geta lesið. **- afb**

## Mest lesið vísir.is

1. Synir Breiðholtsins afhentu borgarfulltrúum skýrslu
2. Myrtir fyrir að horfa á HM
3. Dæmdur fyrir að sofa hjá konum vegna umferðarlagabrota
4. Heiða Kristín ráðin aðstoðarmaður borgarstjóra
5. Stefán: Reyndi að keyra á vin minn og tvo hunda
6. Ókeypis í sund fyrir börn og unglinga í sumar


Vesturport
RÓMEÓ OG JÚLÍA
Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# Ný og öflugri

sannkölluð **Messi** tölva



## MacBook 13"

**2,4GHz** Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
**NVIDIA GeForce 320M** 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
**Allt að 10** klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg / 2,74 cm þykk

Horfðu á **HM 2010** í Apple tölvunni þinni

**Verð: 199.990,-**

## Mac mini

Lækkað verð



5 STK

**2,26 GHz Intel Core 2 Duo**
2GB minni
160GB harður diskur
Þráðlaust netkort og bluetooth

**Verð: 99.990.-**
**Listaverð: 129.990.-**

3 STK

**2,53 GHz Intel Core 2 Duo**
4GB minni
320GB harður diskur
Þráðlaust netkort og bluetooth

**Verð: 139.990.-**
**Listaverð: 179.990.-**

## iMac 21,5"

**21,5" 3,06GHz Intel Core 2 Duo**
1920 x 1080 dílar; milljónir lita; IPS-tækni
4GB 1066MHz DDR3 SDRAM
500GB Serial ATA, 7200 rpm Harður diskur
NIVIDIA GeForce 9400M
Innbyggð iSight vefmyndavél
Fjögur USB 2.0, Eitt FireWire 800, SD-kortarauf
Innbyggt Airport Extreme (802.11n)
Innbyggt Bluetooth 2.1 + EDR
Þráðlaust íslenskt lyklaborð
þráðlaus Magic Mouse



**Verð: 249.990,-**

### HM 2010 TILBOÐ

Elgato EyeTv hybrid sjónvarpsmóttakari



**HM verð: 25.990,-**
Listaverð: 28.990,-

### Já, getur keyrt Windows

og fer létt með það...

Sífellt fleiri kjósa tölvur frá Apple og nú eru engar afsakanir eftir þar sem tölvurnar geta keyrt hvaða hugbúnað sem er. Verðið ætti ekki að hindra heldur því Apple-tölvur eru orðnar ódýrari en aðrar PC-tölvur af sambærilegum gæðum.

### Frí Apple námskeið

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðina á Laugaveg 182 og lært eitthvað nýtt.



**Námskeiðin eru án endurgjalds**
og þú þarft ekki að skrá þig, bara mæta.

Nánar um dagsetningu og tíma:
**www.epli.is/namskeid**

**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16
Lokað laugardaga í júlí

**www.epli.is**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda til 11. júli 2010, eða meðan birgðir endast.